



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. september 2005 - 251. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR

Valsstúlkur í átta liða úrslit
Kvennalið Vals varð í gær fyrsta íslenska félagsliðið í sögunni sem kemst í átta liða úrslit Evrópukeppni félagsliða. Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði fernu í 8-0 sigri.



ÍPRÓTTIR 30

Fannst látinn eftir 14 daga
Franz Stavarsson hafði búið hér á landi í tæpa fjóra áratugi þegar hann lést. Hann lenti utangarðs í kerfi félags- og heilbrigðismála, þrátt fyrir dygga aðstoð tveggja mis-kunnsamra Samverja.



FÉLAGSMÁL 23

Fékk hráar rófur í afmælisgjöf
Kjartan Ragnarsson leikstjóri heldur upp á sextugsafmæli sitt á sveitasetri rétt utan við Prag í Tékklandi.

TÍMAMÓT 12

Í átt til múslimskrar upplýsingar
Salman Rushdie segir að Íslam eftir siðaskipti myndi hvetja múslima sem búa utan múslimaheimsins til að koma út úr gettónum, sem þeir hafi sjálfviljugir reist yfir sig.



SKOÐUN 8

VEÐRIÐ Í DAG

Vindast nokkur vindur en nýssari með suðausturströndinni.

RIGNING um sunnan- og austanvert landið. Þurrt að kalla norðvestan til. Slydda eða snjócoma á miðhálandinu. Hiti 0-8 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

Reynt að búa til ágreining

Hjálmar Árnason þingflokksformaður segir að stjórnarandstaðan reyni að búa til alvarlegan ágreining milli stjórnarflokkanna um framboð til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Slíkt sé einföldun á málinu.

ÖRYGGISRÁÐIÐ „Ég bið menn nú að oftúlka ekki mín orð. Þessi umræða hefur ítrekað farið fram innan þingflokksins,“ segir Hjálmar Árnason, þingflokksformaður Framsóknarflokksins. „Forsætisráðherra var á leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna einvörðungu að áréttta það sem áður hefur komið fram, meðal annars hjá Geir Haarde fyrir ári þegar hann ávarpaði þing Sameinuðu þjóðanna sem staðgengill Davíðs Oddssonar utanríkisráðherra. Halldór Ásgrímsson minnti á það að Íslendingar væru opnir fyrir því að sækja um aðild að öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.“

Hjálmar segir að allar þjóðir í vestanverðri Evrópu utan þrjár hafi tekið sæti í öryggisráðinu. „Þetta eru Ísland, Lúxemborg og Liechtenstein. Lúxemborg hefur ákveðið að bjóða sig fram til setu í ráðinu og ég minni á að til dæmis hafa Grænhöfðaeypjar átt þar sæti. Spurningin er sú hvort við séum með einhverjum hætti hafin yfir aðra og ættum að víkjast undan þessari ábyrgð.“

Hjálmar segir hitt sjónarmiðið snúa að kostnaðinum við framboðið. „Okkar formaður hefur haft fullan stuðning til þess að fylgja þessu eftir með öpun huga, meðal annars að skoða hverju þurfi til að kosta. En menn



ÖRYGGISRÁÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA Allar þjóðir í vestanverðri Evrópu hafa tekið sæti í öryggisráðinu utan Ísland, Liechtenstein og Lúxemborg.

geta spurt þegar upphæðin liggur fyrir hvort fjármunum sé betur

varið til annarra hluta, til dæmis þróunaraðstoðar.“

Aðspurður um það hvort málið sé í uppnámi og um það sé mikill ágreiningur innan Framsóknarflokksins segist Hjálmar ekki líta svo á. „Vandinn er sá hvernig fjölmiðlar hafa fjallað um málið og stjórnarandstaðan er að reyna að búa til alvarlegan ágreining um málið milli stjórnarflokka. Það er mikil einföldun á málinu.“

Hjálmar telur málið í eðlilegum farvegi. „Um þetta verður fjallað í þingflokknunum og nefndum þingsins og á þinginu fær það eðlilega umræðu,“ segir Hjálmar Árnason.

- jh / sjá síðu 2



GRINDVÍKINGAR OG EYJAMENN UPPÍ - FRAMARAR NIÐUR Það var mikil dramatik í fallslagnum í Landsbankadeild karla þegar 18. og síðasta umferðin fór fram í gær. Hér á myndinni sjást Grindvíkingar fagna sigri á Keflavík og sæti í Landsbankadeildinni á næsta sumri en Grindavík var í fallsæti fyrir lokaleikina í gær.

Óvíst að Vilhjálmur Þ. og Gísli Marteinn berjist einir um efsta sæti D-listans:

Júlíus Vífill líklegur í toppslaginn

PRÓFKJÖR Líklegt er talið að Júlíus Vífill Ingvarsson gefi út yfirlýsingu í dag um að hann bjóði sig fram í efsta sæti lista Sjálfstæðisflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar næsta vor. Þegar hafa Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúi og Gísli Marteinn Baldursson varaborgarfulltrúi boðið sig fram í efsta sæti, en prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík verður fjórða og fimmta nóvember næstkomandi.

Júlíus Vífill, sem hefur áður verið borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, vildi ekki staðfesta við



JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON Júlíus Vífill gefur að líkindum út yfirlýsingu í dag um þátttöku í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

ans. „Ég ætlaði að gefa út yfirlýsingu í gær en þá kom nákomíð fólk að máli við mig og yldi koma að fleiri sjónarmiðum. Ég er þakklátur þeim sem sýna þessu áhuga. Ég mun að líkindum gefa eitthvað út um hugsanlegt framboð mitt í dag,“ segir Júlíus Vífill.

Guðlaugur Þór Þórðarson, borgarfulltrúi og þingmaður, hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér á framboðslista Sjálfstæðisflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar. Í Morgunblaðinu í dag lýsir hann yfir stuðningi við Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson í efsta sæti listans.

- jh

Danmörk: Hafmeyjan eignast systur

KAUPMANNAHÖFN Eftir að hafa staðið ein í 92 ár er nú títill fyrir að Litla hafmeyjan fái félagskap. Yfirvöld í Kaupmannahöfn hyggjast koma fyrir bronsstyttnu í um kílómetra fjarlægð frá staðnum þar sem Litla hafmeyjan er.

Nýja styttnan hefur verið kölluð Litla systirin og er nútímaleg útgáfa af Litlu hafmeyjunni sem hefur verið mjög vinsæl meðal ferðamanna í áraræðir og verið eins konar þjóðartákn. Það er listamaðurinn Björn Nørgaard sem gerði hina nýju styttnu.

Litla hafmeyjan var gerð af myndhöggvaranum Edvard C.J. Eriksen. Hún var afhjúpuð árið 1913 og var gjöf til Kaupmannahafnar frá Carl Jacobsen sem stofnaði Carlsberg bruggverksmiðjuna.

Við gerð styttnunnar sótti Eriksen innblástur í ævintýri H.C. Andersen um Litlu hafmeyjuna.

- ks

Ert þú viðbúinn ... eða eru dagar þinir taldir?

Upplýsingar og skráning á www.si.is

SI

SUDVESTURHORNID

Lestur kvenna á sunnudögum*

69% Fréttablaðið

41% Mbl.

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í júlí 2005. Lestur meðal 20-40 ára á sunnudögum.



SPURNING DAGSINS

Jón, er aflíð enn þá nýtt?

„Já, það þarf nýtt afl í öllu.“

Jón Magnússon lögfræðingur hefur verið í forsvári fyrir stjórnmalasamtökin Nýtt afl en hópurinn kom fyrst upp á yfirborðið árið 2003.



BÆKLINGUM DREIFT Kennslubæklingum um það hvernig á að kjósa hefur verið dreift til fólks.

Kosningar í Afganistan:

Sex þúsund í framboði

KABÚL, AP Afganar ganga til kosninga í dag. Tólf milljónir manna eru á kjörskrá og geta þeir kosið milli sex þúsund framboðenda.

Miklar óeirðir hafa verið í landinu í aðdraganda kosninganna vegna árása talibana sem eru mótfallnir kosningunum. Hundruð manna hafa látist í óeirðunum síðustu daga. Tuttugu talibana voru handteknir í gær eftir að hafa reynt að sprengja upp stíflu í Helmand-héraði. Ef stíflan hefði brostið hefðu þúsundir manna látist.

LÖGREGLUFRETTIR

HRADAKSTUR Á AKRANESI

Lögreglan á Akranesi tók fjóra fyrir of hraðan akstur á Faxabraut á Akranesi að kvöldi föstudags. Bílstjórnarnir óku allir á rúmlega níutíu kílómetra hraða en hámarkshraðinn er fimmtíu kílómetra hraði. Lögreglan segir mjög mikið eftirlit með hraðakstri í bænum og að allt of mikið sé um hann. Í sömu götu hafa tveir aðilar verið teknir að undanfögnu á um 133-140 kílómetra hraða.

KVIKNADI Í RÖNTGENTÆKI

Lögreglan í Neskaupstað þurfti að reykraesta í sjúkrahúsinu í bænum um tvöleytið í gær eftir að kviknað hafði í röntgentæki. Engin slys urðu á fólki og málið telst upplýst.

Varðskip, bátar og 150 leitarmenn leituðu við Sundin:

Lík Friðriks fundið

SLYS Lík Friðriks Ásgeirs Hermannssonar, sem fórst þegar bátur strandaði á Viðeyjarsundi laugardaginn 10. september síðastliðinn, fannst eftir umfangsmikla leit í gær.

Líkið fannst um klukkan fimm síðdegis með neðansjávarmyndavél skammt frá strandstað bátsins á Skarfaskeri.

Leitin í gær var ein sú umfangsmesta sem skipulögð hefur verið mörg undanfarin ár. Um 150 manns gengu fjörur frá Gróttu að Hofsvík á Kjalarnesi og 30 kafarar leituðu neðansjár. Varðskip, tvö björgunarskip og ellefu bátar voru notaðir við leitina.

Friðrik Ásgeir var 34 ára gamall en auk hans fórst Matthildur Harðardóttir, sambýliskona hans, í slysinu fyrir rúmri viku. Þrennt komst af, þar af 11 ára drengur.

Jónas Garðarsson og Guðjóna Harpa Helgadóttir hafa réttarstöðu sakborninga við yfirheyrslur, en grunur leikur á að þau hafi verið undir áhrifum áfengis þegar báturinn steytti á skeri og sökk. Rannsókn málsins er ekki lokið.

VARÐSKIP OG BÁTAR Á SUNDNUM Leitin í gær var ein sú umfangsmesta sem skipulögð hefur verið um langan tíma.



Breytingar á rekstri Símans í vændum

Brynjólfur Bjarnason verður áfram forstjóri Símans. „Það eru spennandi tímar framundan,“ sagði Lýður Guðmundsson, nýkjörinn stjórnarformaður, á hluthafafundi í gær.

VIÐSKIPTI „Við munum setja mark okkar á fyrirtækið í framhaldinu og því má búast við breytingum. En við munum láta verkin tala. Ég er sannfærður um að stjórnendur og starfsmenn Símans munu taka fullan þátt í þeim breytingum. Það er mikill kraftur í félaginu og við hyggjumst nýta það til sóknar,“ sagði Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Símans, á hluthafafundi í gær eftir að ný stjórn félagsins var kjörin.

Aðspurður eftir fundinn hvaða breytingar væru framundan sagði Lýður vilja halda sig við þá venju að spara yfirlýsingarnar; hann gæfi ógjarnan loford og léti verkin frekar tala. Spurður þá hvort tækifæri til frekari vaxtar væru erlendis sagði hann nýja eigendur vissulega horfa út fyrir landsteinana. Starfsvettvangur þeirra væri meðal annars meginland Evrópu og Bretland.

Auk Lýðs voru kjörin í stjórnina Panikos Katsouris, Gísli Hjálmtýsson, Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson og Rannveig Rist, sem heldur áfram í stjórninni. Katsouris situr í stjórn Bakkavarar og er viðskiptafélagi Bakkabræðra. Ágúst Guðmundsson, bróðir Lýðs, Erlendur Hjaltason og Sveinn Þór Stefánsson eru varastjórnarmenn.

Ný stjórn Símans kom saman að loknum hluthafafundinum og skipti með sér verkum. Þá var ákveðið að Brynjólfur Bjarnason yrði áfram forstjóri félagsins.

Lýður upplýsti að Síminn yrði afskráður af tilboðsmarkaði



BRYNJÓLFUR BJARNASON OG LÝÐUR GUÐMUNDSSON „Ég er mjög ánægður með kaupin á Símanum og ég er sannfærður um að við erum með gott fyrirtæki í höndunum,“ sagði Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Símans. Nýir hluthafar bæru fyllsta traust til stjórnenda og starfsmanna Símans.

Kauphallar Íslands. Eignarhaldið væri það samþjappað að félagið nýti ekki þeirra kosta sem fylgdi skráningu í kauphöll. Aðeins 1,2 prósent væru í dreifðri eign og þeir hluthafar fengu selt yfirtökutilboð á næstu dögum samkvæmt lögum. Hins veg-

ar yrðu meirihlutaeigendurnir ánægðari eftir því sem færri tækju því tilboði og fylgdu þeim eftir. Fyrir árslok 2007 yrði sótt um skráningu á aðallista Kauphallarinnar og 30 prósent hlutafjár selt almenningi og öðrum fjárfestum. bjorgvin@frettabladid.is



KOFI ANNAN Varaði við útbreiðslu kjarnorkuvopna.

Sameinuðu þjóðirnar:

Rice sendi Írönum tóninn

NEW YORK, AP Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, varaði leiðtoga heims að tefla á tæpasta vað í samskiptum sínum á milli á leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna í New York í gær.

Annan sagði nauðsynlegt að fara varlega því hættan á útbreiðslu kjarnorkuvopna og hryðjuverkum ykist dag frá degi. Í jómfrúarræðu sinni hjá Sameinuðu þjóðunum hvatti Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Írana að leggja kjarnorkuáætlun sína á hilluna. Hvatti hún Evrópusambandið til að sýna Írönum fulla hörku þar sem Íranar hefðu dregið sig út úr viðræðum um kjarnorkuáætlun sína.

LÖGREGLUFRETTIR

SLAGSMÁL Í KEFLAVÍK

Tilkynnt var um líkamsárás í Hafnargötu í Keflavík um klukkan þrjú aðfaranótt laugardags. Slagsmálin voru milli tveggja manna á þrítugsaldri og gerir lögreglan í Keflavík ráð fyrir að þeir hafi verið ölvaðir. Að sögn lögreglu var um minniháttar slagsmál að ræða og lítið um meiðsl.

Glundroði vegna framboðs til öryggisráðsins, segja stjórnarandstæðingar:

Stjórnarliðar tala í austur og vestur

ÖRYGGISRÁÐIÐ „Það opinberast fyrir framan alþjóð að stjórnarliðar tala í austur og vestur. Ríkisstjórnin hefur haldið á þessu eins og hún ætli sér í framboð til öryggisráðsins og hefur varið til þess miklum fjármunum,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar. Hún segir að þessi sama ríkisstjórn



ÖGMUNDUR JÓNASSON „Það er styrkleikamerki að tala opin-skátt um ágreininginn eins og Hjálmar og fleiri hafa gert.“

tali nú eins og engin ákvörðun hafi verið tekin. „Menn tala svona út og suður í báðum stjórnarflokkunum. Samfylkingin hefur stutt framboðið og við höfum ekki séð ný rök fyrir því að hoppa eigi af vagninum nú þrátt fyrir glundroðann á hægri vængnum,“ segir Ingibjörg Sólrún.

„Það er fráleitt að stjórnarandstaðan sé að gera framboð til öryggisráðsins að átakamáli milli stjórnarflokkanna,“ segir Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna.

Ögmundi finnst mikilvægt að fá botn í málið hið fyrsta og að Íslendingar eigi að hefja sig yfir karpíð og hugsu um hagsmuni Íslands út á við. „En fram hjá því verður ekki horft að það er ágreiningur um þetta innan stjórnarliðsins. Það er út af fyrir sig styrkleikamerki að tala opin-



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR „Menn tala svona út og suður í báðum stjórnarflokkunum.“

skátt um þann ágreining eins og Hjálmar og fleiri hafa gert,“ segir Ögmundur.

- jh

Alltaf einfalt

ódýrt bensín

14 stöðvar!

www.ob.is

KB Tekjuvernd tekur af þér fallið við launamissi

KB Tekjuvernd er hagkvæm vernd sem dregur úr launamissi sem kann að verða vegna sjúkdóma, örorku, andláts eða starfsloka.

Með KB Tekjuvernd er bilið brúað sem myndast milli númerandi ráðstöfunartekna þinna og greiðslna sem þú átt rétt á verðir þú fyrir launamissi af völdum sjúkdóma, örorku eða andláts. Þú færð yfirsýn yfir þá tryggingavernd sem þú nýtur í dag og vísbendingar um frekari tryggingaþörf. Þannig getur þú komið í veg fyrir að þú sért vantryggð/ur eða oftryggð/ur.

KB Tekjuvernd auðveldar þér einnig að ákvarða starfslok þín á einfaldan hátt.

Kannaðu málið!

Bókaðu fund hjá ráðgjafa á www.kbbanki.is,
í síma 444 7000 eða í næsta útibúi KB banka.
Við reiknum út KB Tekjuvernd miðað við
þínar aðstæður.



Allar persónuþryggingar í KB Tekjuvernd koma frá KB lífi
KB Líftryggingar hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík



KB BANKI

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 16.9.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	61,59	61,89
Sterlingspund GBP	111,6	112,14
Evra EUR	75,5	75,92
Dönsk króna DKK	10,124	10,184
Norsk króna NOK	9,694	9,752
Sænsk króna SEK	8,083	8,131
Japanskt jen JPY	0,5553	0,5585
SDR	XDR	90,31
		90,85

Gengivísitala krónunnar
105,8445

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



GÍSLI MARTEINN BALDURSSON Um þrjú hundruð manns mættu á kosningaskrifstofu hans í gær þegar hún var opnuð.

Opnar kosningaskrifstofu:

Um 300 lýstu stuðningi

STJÓRN MÁL Gísli Marteinn opnaði kosningaskrifstofu sína í gær í Aðalstræti 6.

„Það hefur verið góð stemning hér í allan dag,“ sagði Gísli Marteinn í gær og bætti við að um þrjú hundruð manns hefðu mætt og lýst yfir stuðningi sínum. „Ég hef slegið jákvæðan, uppbyggilegan og bjartsýnan tón í kosningabaráttu mína frá byrjun og hef unnið að því síðan. Ég vil láta þessaaráttu snúast um þau mál sem sameina sjálfstæðismenn og alla borgarbúa.“

Kosningaskrifstofa hans verður opin frá og með mánudeginum, opnar síðdegis og er opin fram á kvöld.

- bog

Fréttamaður handtekinn:

Talinn tengjast al-kaída

ÍRAK Spænska lögreglan hefur handtekið fréttamann Al-Jazeera fréttastöðvarinnar. Hann hefur verið ákærður fyrir að tengjast hryðjuverkasamtökunum al-kaída.

Saksóknari í málinu segir fréttamanninn, sem heitir Tayseer Alouni, hafa verið í sambandi við Immad Yarkas sem einnig er ákærður en Yarkas var áður handtekinn fyrir að aðstoða hryðjuverkamenn sem skipulögðu árástir á Bandaríkin 11. september 2001.

- bog

Bæjarstjórinn í Garði er andvígur sameiningu á Suðurnesjum:

Vill að íbúar ráði sjálfir þróun bæjarins

SAMEINING Sigurður Jónsson, bæjarstjóri Garðs, segir að bæjarstjórnin hafi allt frá byrjun verið nánast einróma þeirrar skoðunar að leggja gegn sameiningu sveitarfélagsins við Sandgerði og Reykjanesbæ. „Það hefur verið bent á mikla uppbyggingu hér og líklegri til að halda þeirri þróun áfram sé að íbúar hér geti valið beint sína fulltrúa til að stjórna.“

Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, hefur bent á að í nýrri skýrslu sérfræðinga á vegum sameiningarnefndar Suðurnesjamanna sé sameining Garðs, Sandgerðis og Reykjanesbæjar talin skynsamlegur kostur. „Þetta

þykir mér mjög merkilegt miðað við að meirihluti nefndarmanna var fyrirfram á móti sameiningu,“ sagði Árni í samtali við Fréttablaðið á fimmtudag.

Reynir Sveinsson, bæjarfulltrúi í Sandgerði og formaður sameiningarnefndarinnar, segir andstöðu meirihluta bæjarstjórnar Sandgerðis við sameiningu liggja fyrir og skýrslur breyti þar engu um. „Það er félagsmálaráðuneytið sem skikkar okkur til að fara út í kosningar um málið,“ sagði Reynir sem ranglega var titlaður bæjarstjóri Sandgerðis í Fréttablaðinu í gær. Beðist er velvirðingar á því.



BÆJARSTJÓRI REYKJANESBÆJAR Árni Sigfússon bendir á að samkvæmt nýrri skýrslu sé sameining Reykjanesbæjar, Sandgerðis og Garðs talin skynsamleg.

- jh



ANGELA MERKEL Formaður CDU brá sér á bílasýningu í Frankfurt í gær, daginn fyrir kosningar.

Fjórðungur óákveðinn

Þýskir stjórnmálamenn héldu ótrauðir áfram kosningabaráttunni í gær. Mjött er á muninum en 25 prósent kjósenda eru enn óákveðin. Kosið verður í dag.

ÞÝSKALAND, AP Bæði Gerhard Schröder kanslari og Angela Merkel, leiðtogi kristilegra demókrata, rufu í gær þá sterku hefð, sem viðgengist hefur í Þýskalandi, að flokkarnir láti eiga sig að stunda kosningabaráttu daginn fyrir kosningar.

Allt bendir til þess að afar mjött verði á munum í þingkosningunum, sem haldnar verða í dag. Samkvæmt skoðanakönnunum eru 25 prósent kjósenda hins vegar óákveðin, og þess vegna láta stjórnmálamennirnir einskis ófreistað að ná í sem stærstan hluta af þeirri köku fyrir sinn flokk.

Bæði Schröder og Merkel héldu í gær til Norðurrínar-Vestfalíu, sem er fjölmennasta sambandsland Þýskalands.

Schröder hélt tuttugu mínútna ræðu fyrir tíu þúsund manna sal í bænum Recklinghausen, þar sem hann kom inn á öll helstu baráttu-



GERHARD SCHRÖDER Formaður SPD á kosningafundi daginn fyrir kosningar.

mál sín, ítrekaði andstöðu sína við innrás Bandaríkjanna í Írak og hét því að styrkja enn frekar tengsl Þýskalands við Frakkland og Rússland.

Schröder varði einnig umbætur sínar í atvinnumálum og velferðarmálum, en gagnrýndi tillögur Merkels um að ganga enn lengra í umbótum í atvinnumálum og einfalda skattakerfið.

Hásri röddu hvatti Schröder tryggja stuðningsmenn Jafnaðarmannaflokksins til þess að taka óákveðna kjósendur með sér á kjörstað.

„Hugsid um að taka afa og ömmu með ykkur,“ sagði hann. „En ekki nema þau ætli að kjósa SPD.“

Merkel útlistaði hugmyndir sínar um að búa til fleiri atvinnutækifæri og hraða efnahagsbótum fyrir áheyrendum sínum í Bonn. Hún lagði áherslu á að fjöldi atvinnulausra hafi í valdatíð jafnaðarmanna náð fimm milljónum manna. Það sé í fyrsta sinn frá stríðslokum sem atvinnuleysið hafi orðið þetta mikið. Í dag nemi atvinnuleysið 11,4 prósentum.

„Kjósid breytingar vegna þess að Þýskaland þarf á framtíð að halda,“ sagði hún.

Síðustu skoðanakannanir benda til þess að kristlegir demókratar hafi enn vinninginn en jafnaðarmönnum hefur orðið vel ágengt á síðustu vikum við að afla sér fylgis.

gudsteinn@frettabladid.is



NÝI FORMAÐURINN Bryndís Friðgeirsdóttir var kosin formaður.

Samfylkingin:

Pæjurnar plotta

STJÓRN MÁL Stofnfundur kvennahreyfingar Samfylkingarinnar fór fram í Hveragerði í gær. Yfirskrift fundarins var „Pæjur og pólitískt plott“ en um hundruð konur af öllu landinu voru þarna saman komnar og var Bryndís Friðgeirsdóttir, bæjarfulltrúi á Ísafirði, kosin formaður.

„Það var skemmtilegt hversu mikil eining ríkti á fundinum um að þörf væri fyrir að stofna kvennahreyfingu innan Samfylkingarinnar,“ segir Bryndís. „Tilgangur hreyfingarinnar er að gæta að hagsmunum kvenna innan flokks sem utan. Ég held að þörf sé á kvennahreyfingum alls staðar, innan fyrirtækja og félagasamtaka sem og innan stjórnmálaflokka.“

- bog

Mladic leitað:

Stríðsglæpamanna leitað

SARAJEVO, AP Herlið Atlantshafsbandalagsins leitaði á heimili Mladjens Kendjic í gær.

„Kendjic var einn af lífvörðum Ratko Mladic, fyrrum hershöfvingja, og er hann grunaður um að veita Mladic stuðning en þann dag í dag,“ segir Derek Chappel, erindreki NATO í Sarajevo.

Mladic er ásamt Radovan Karadzic efstur á lista eftirlýstra stríðsglæpamanna úr Bosníustríðinu. Beggja hefur verið leitað síðan 1995 og bíða þeirra ákærur fyrir þjóðarmorð og glæpi gegn mannkyni.

Alltaf einfalt




Ódýrt bensín

14 stöðvar!

www.ob.is

VEÐURSPÁ


um hádegi >>



>> á morgun



>> þriðjudagur



* Sveði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skýggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

GRILLPARTÝ

LEIÐSALA OG LÉINGANGSTAFANNAVAÐIÐ TÖL 22441 8121885

GRILLPARTÝ. Glansandi nýir bílar í boði hjá Toyota um helgina.

Þau verða glansandi, Toyota grillin, í skemmtilegu grillpartýi hjá Toyota á Nýbýlaveginum um helgina. Á staðnum verður allur Toyota flotinn: Avensis, Corolla, Yaris, RAV4 og Land Cruiser. Eðalvagnar frá Lexus verða líka á svæðinu og flottustu hjólin frá Yamaha kveikja í mönnum.

Grilluð dagskrá: Tilboð og veitingar.

- Öllum seldum bílum þessa helgi fylgir handfrjáls búnaður
- Þeir sem reynsluaka um helgina eiga möguleika á að vinna **Playstation Portable**
- Í boði er 90% lán í nýjum bílum og 50% afsláttur af lántökugjaldi hjá Glitni
- Sérlegir grillmeistarar Toyota grilla fyrir gesti

Komdu, sjáðu, reynsluaktu og njóttu!



Opið í dag, sunnudag, frá kl. 13-16

TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota
Nýbýlavegi 4
KÓPAVOGUR
Sími 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
AKUREYRI
Sími: 460-4300

Toyotasalurinn
Njarðarbraut 19
REYKJANESBÆR
Sími: 421-4888

Toyotasalurinn
Fossnesi 14
SELFOSS
Sími: 480-8000





KJÖRKASSINN

Þarf að fækka sveitarfélögum á landinu?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	62%
Nei	38%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er of mikill launamunur milli kynjanna?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Aukin löggæsla vegna Laufskálarétta:

Víkingasveitin á Akureyri í réttir í Skagafirði

LÖGGÆSLA Lögregluþingarmenn á Sauðárkróki hafa óskað aðstoðar sersveitar lögreglunnar á Akureyri vegna skemmtana-halds í tengslum við Laufskálaréttir í Skagafirði um næstu helgi.

Ríkarður Másson, sýslumaður á Sauðárkróki, segir fólk safnast saman í þúsundatali þegar Laufskálaréttir eru haldnar og því þurfi að gæta fyllsta öryggis. Það verða tvennir fjölmennir dansleikir og allt að tvö þúsund gestir á öðrum þeirra. Því er gott að geta leitað til sersveitarinnar á Akureyri,“ segir Ríkarður.

Lögreglumenn í sersveitinni á Akureyri voru leystir undan föstum vöktum í sumar. Við það tilefni sagði Björn Bjarnason dómsmálaráðherra að sersveitarmennirnir myndu sinna tilfallandi verkefnum á Norður- og Austurlandi svo sem aðgerðum gegn fíkniefnasöllum, handrukurum og annarri skipulagðri glæpastarfsemi.

Daníel Guðjónsson, yfirlögregluþjónn á Akureyri, segir sersveitarmennina hafa sinnt slíkum verkefnum en þegar þeir hafi tækifæri til þá sinni þeir almennum löggæslustörfum.

- kk



RÉTTAD MEÐ RÓ OG SPEKT Húsavíkurrétt var haldin um síðustu helgi og þótti ekki ástæða til að kalla Víkingasveitina til enda fór allt frísamlega fram að vanda.



Beint flug til hinnar fögru miðaldaborgar Tallinn í Eistlandi

Innifalið í verði:

Flug, 4 stjörnu hótél m/morgunmat, akstur til og frá flugvelli, íslensk fararstjórn og skattar.

Verð 49.900 kr.

28-31 október frá Keflavík fá sæti laus

12.-16 október frá Keflavík uppselt

5-9. október frá Akureyri uppselt

19-23. október frá Akureyri uppselt

26-30 október frá Akureyri uppselt

Tallinn hefur breyst í nútímaborg með alþjóðlegu yfirbragði á síðustu 10 árum. Þrátt fyrir það eru íbúarnir stoltastir af gamla bæjarhlutanum. Þar eru götur steini lagðar og við þær standa vel varðveittar stórkostlegar byggingar frá 11-15 öld. Þá setja markaðirnir mikinn svip á borgina. Tallinn hefur verið bætt við á heimlista UNESCO sem ein best varðveitta miðaldarborg N-Evrópu. Menningarlíf í Tallinn stendur með miklum blóma og geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Í Tallinn er hægt að gera góð kaup. Þar er ódýrt að versla og matur á veitingahúsum er ódýr. Þá er, næturlíf fjörukt, barir, skemmtistaðir og kaffihús á hverju götuhorni. Tallinn er borg sem fangar, borg sem skilur eitthvað eftir, löngu eftir að komið er heim.

Spennandi skoðunarferðir í boði með íslenskri fararstjórn

Trans-Atlantic Sími 5888900 www.transatlantic.is



ERLENDIR STARFSMENN Á KÁRAHNJÚKUM Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, segir fyrirtæki oft niðrast á erlendum starfsmönnum. Bjóði þeim lág kjör og lítil réttindi.

Erlendir starfsmenn varavinnuafli á Íslandi

Samkvæmt íslenskum lögum eru erlendir starfsmenn hér á landi ekkert annað en varavinnuafli. Þetta kom fram á fundi um málefni innflytjenda sem haldinn var í húsakynnum Reykjavíkúakademíunnar.

ATVINNUMÁL Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuálastofnunar, segist geta svaraði því bæði játandi og neitandi hvort erlent starfsfólk hér á landi sé varavinnuafli fyrir íslenskan vinnu-markað.

Ragnar Árnason, forstöðumaður vinnuarkaðssviðs Samtaka atvinnulífsins, segir íslensk lög tvímælaust gera ráð fyrir því að erlendir starfskraftar séu ekkert annað en varavinnuafli, þar sem útlendingarnir fái ekki atvinnuleyfi hér á landi nema Íslendingar fáiast ekki í starfið sem þeir sækjast eftir.

Gissur segir Vinnuálastofnun eðli sínu samkvæmt fyrst og fremst einblína á atvinnuálin.

Fjöldi útgefna atvinnuleyfa hverju sinni ráðist af því hvort í landinu sé atvinnuleysi eða hvort skortur sé á starfsfólki.

Á síðustu misserum hafi þúsundir útlendinga bæst við vinnuafli á Íslandi, fyrst og fremst til þess að fullnægja skammtímaeftirspurn eftir vinnuafli. Hins vegar sé óljóst hvort allir þessir útlendingar fari aftur úr landi þegar framkvæmdum við Kárahnjúka og víðar verður lokið innan fárra ára.

Þetta sögðu þeir Gissur og Ragnar á fundi um málefni innflytjenda sem haldinn var í húsakynnum Reykjavíkúakademíunnar í gær.

„Þetta fólk er varavinnuafli,“ sagði Halldór Grönvold, aðstoð-

arframkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands. Hann sagði að á síðustu misserum hefðu æ fleiri útlendingar komið hingað til að vinna. Útlendingar sem fyrirtæki niðrast á, bjóði lág kjör og lítil réttindi.

Katrín Theódórsdóttir lögfræðingur segir afskaplega erfitt fyrir útlendinga að koma hingað til lands á eigin vegum. Hún hefur aðstoðað marga einstaklinga við að sækja um dvalarleyfi og reynslan segir henni að þótt löggjöfin sé afar ströng, þá sé framkvæmd laganna mun harkalegri en lögin gefi tilefni til. Þarfir stórfyrirtækja ráði þar ferðinni frekar en aðstæður þeirra einstaklinga sem hingað koma. gudsteinn@frettabladid.is

STARFSMENNTUN

I Bókhald grunnur

110 kennslustunda hagnýtt og hnitmiðað nám fyrir starfandi skrifstofufólk eða þá sem vilja styrkja stöðu sína á vinnuarkaði. Hentar einnig sjálfstætt starfandi atvinnurekendum eða þeim sem eru að hefja rekstur og vilja vera sem mest sjálfbjarga við við bókhaldið. Kennslan byggir á fyrirlestur og verklegum æfingum og þátttakendur fá hagnýt verkefni með raunverulegum fylgiskjólum sem eru merkt og færð með tilheyrandi uppgjöri og útskriftum. Prufuútgáfa af bókhaldsforriti fylgir. Uppbygging námsins miðast við nemendur með grunnþekkingu í tölvum og Excel.

Helstu kennslugreinar:

- Verslunarreikningur
- Virðisaukaskattur, reglur og skýrslur
- Bókhaldsgrunnur og handfært bókhald
- Tölvufært bókhald í Navision

Kennsla hefst 20. september og lýkur 4. nóvember. Bjóðum upp á morgun- og kvöldtíma. Verð kr. 86.000,-

II Bókhald framhald

Stutt framhaldsnámskeið í Navision tölvubókhaldi. Sjá nánari lýsingu á heimasíðu skólans www.tsk.is

Stækkun Evrópusambandsins:

Lítil áhrif á vinnuarkað

ATVINNUMÁL Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuálastofnunar, segir áhrifin af stækkun Evrópusambandsins á norrænan vinnuarkað hafa verið lítil. Þetta kemur fram í nýrri könnun sem kynnt verður á næstu vikum.

Gissur segist sjálfur hafa verið í hópi þeirra sem töldu stækkun Evrópusambandsins geta haft veruleg áhrif á vinnuarkaðinn hér á landi, og þrátt fyrir niðurstöður þessarar könnunar segist hann áfram vera nokkuð tortrygginn á framhaldið.

Engu að síður hafi Vinnuálastofnun nýverið breytt vinnuregl-

um sínum um útgáfu atvinnuleyfa til borgara nýju ríkjanna á Evrópska efnahagssvæðinu, til þess að flýta afgreiðslu þeirra og auðvelda fyrirtækjum að fá það starfsfólk sem þörf er fyrir.

Þetta kom fram í fyrirlestri sem Gissur flutti á vegum Reykjavíkúakademíunnar í gær.

Með stækkun Evrópusambandsins fá íbúar í Eistlandi, Kýpur, Lettlandi, Litháen, Möltu, Póllandi, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklandi og Ungverjalandi óheftan aðgang að íslenskum vinnuarkaði, þótt ákveðnar takmarkanir gildi þangað til árið 2007. **-gb**



GISSUR PÉTURSSON Áhrifa stækkunar Evrópusambandsins gætit lítt á norrænum vinnuarkaði.

Manchester

frá apríl 2006

Frá apríl 2006 ætlum við að bjóða beint flug til einnar framsæknustu borgar Evrópu. Manchester iðar af lífi og tekur þér opnum örmum. Hvort sem þú vilt skella þér á tónleika, borða á heimsklassa veitingastöðum eða stunda metnaðarfullt búðaráp í hágæða tískuvöruverslunum, þá eru þér allar dyr opnar. Sem sagt fjölbreytni á öllum sviðum.

Jú, svo er víst hægt að kíkja á leik líka ...



skoðun

SJÓNARMÍÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Framundan eru sameiningarkosningar í tug-
um sveitarfélaga.

Styrkur í stórum sveitarfélögum

Eftir þrjár vikur verður gengið til sameiningarkosninga í 61 sveitarfélagi víða um land. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem yfirvöld gera tilraun til að sameina sveitarfélög í stórum stíl. Því verður ekki neitað að sums staðar hafa tillögur um sameiningu fallið í mjög grýttan jarðveg hjá meirihluta íbúa, og eitt gleggsta dæmið um það er kannski afstaða íbúa í Skorradal til sameiningar við nágrannasveitarfélög. Mjög mismunandi aðstæður í sveitarfélögum geta ráðið vilja íbúanna til sameiningar. Þegar lítil sveitarfélög eru að renna saman við kaupstaði og bæi á landsbyggðinni finnst strjálbýlisfólki sem þéttbýlið sé að gleypa þá sem minni eru. Öðru máli gegnir þegar tveir eða fleiri þéttbýlisstaðir eru að sameinast, en þá finnst þeim sem minni eru að þeir séu að missa frá sér ýmsa þjónustu sem verið hefur á staðnum og þeir séu verr settir en áður. Þá er það nokkuð algengt í umræðunni um sameiningu sveitarfélaga að íbúar í litlum vel settum sveitarfélögum vilji ekki sameinast sveitarfélögum sem eru illa sett fjárhagslega. Þeir efnuðu verja þá gjarnan töluverðu af sínum digru sjóðum til að gera ýmislegt í þágu íbúanna, áður en ákveðið er að ganga til sameiningar. Það eru dæmi þess að vel sett sveitarfélög hafi malbikað heim í hlað á hverjum einasta bæ í sveitinni og sett þar upp ljósastaura, svo að digrir sjóðir þeirra renni ekki í skuldahítina hjá nágrannasveitarfélaginu.

Þegar horft er á málið í heild hlýtur það að vera hagkvæmara þegar til lengri tíma er litið að sveitarfélög sameinist og myndi sterka heildir. Það er ekki síst til að mynda sterkt mótvægi við öflug sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, þangað sem fólk hefur flykkst á undanförunum áratugum. Lítil sveitarfélög geta varla til lengdar veitt íbúum sínum sömu þjónustu og þau sem stærri eru, sérstaklega þegar um er að ræða sérhæfða félagsþjónustu eins og dæmin sanna.

Ef hins vegar lítil sveitarfélög vilja standa ein og vera sjálfstæð, þá verða íbúarnir að gera sér grein fyrir því að það getur verið erfitt fyrir sveitarfélagið að veita alla þá þjónustu sem æskileg er í nútímaþjóðfélagi. Yfirgnæfandi meirihluti íbúanna verður þá að standa að baki þeirri ákvörðun, en ekki einhverjir fámennir sérhagsmunahópar innan sveitarfélagsins.

Landfræðilegir staðhættir og samgöngur skipta miklu máli varðandi sameiningu sveitarfélaga. Það er grundvallaratriði að góðar samgöngur séu innan sama sveitarfélags, og þar er það ríkið sem verður að koma til skjalanna. Skólamáli skipta líka miklu máli, því áður fyrr var grunnskóli í nær hverjum hreppi. Það er því mikilvægt að hugað sé að þeim málum áður en gengið er til sameiningarkosninga, og það sé á hreinu hvernig þeim málum verði fyrirkomið í nýju sveitarfélagi. Reyndar má segja það sama um margs konar aðra starfsemi – að það verður að vera klárt fyrir kosningar hvernig málum verði fyrirkomið í framtíðinni.

Jafnframt því að stefnt er að stærri og sterkari sveitarfélögum, þarf að huga að íbúalýðræði og á hvern hátt íbúarnir geti haft áhrif á sín mál.



Talstöðin
FM 90,9

Hafiði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.

Alla virka daga kl. 17:30

MARKAÐURINN

Í átt til múslímskrar upplýsingar

Fyrir nokkrum vikum, í kjölfar hryðjuverkaárásanna á London, skrifaði ég grein þar sem ég talaði fyrir mikilvægi umbótahreyfingar sem hefði það að markmiði að nútímavæða Íslam. Viðbrögðin við þessari grein hafa verið mikil og sérlega áhugaverð.

Auðvitað voru þeir sem ruku upp til handa og fóta og afneituðu rökum mínum á þeim forsendum einum að þau væru komin frá mér: „Maðurinn sem glataði trú sinni og persónuleika á ekki að tjá sig um hin miklu trúarbrögð Íslam,“ sagði Anna Tanha frá Glasgow.

Hins vegar komu einnig jákvæðari viðbrögð við greininni, og voru mörg þeirra frá múslímum. „Þetta er algeng rétt hjá Rushdie... það er kominn tími til að múslímar átti sig á því að það eru áttundu aldar viðhorf þeirra sem eru að valda svo miklum þjáningum á þeirri tuttugustu og fyrstu,“ skrifaði Muhammed Iqbal frá Leeds, heimaborg þriggja af tilmála-mönnum sem tóku þátt í árásum um á London. „Vinsamlegast haldið öllum kreddum fjarri þessari umræðu og leyfið skynseminni að vera hluti af henni,“ skrifaði Nadeem Akhtar frá Washington. „Við hinir trúuðu höfum gert nógu mikið til að skaða okkur í gegnum tíðina. Það sem konungur og kirkjunnar menn gerðu í Evrópu á miðöldum er nákvæmlega það og sama og veraldlegir og andlegir leiðtogar múslíma eru að gera í múslímaheiminum um þessar mundir.“

Ozcan Keles frá Lundúnum hélt því fram að aðeins „trúaðir leiðtogar múslíma“ gætu staðið á bak við nauðsynlega endurtúlkun Kóransins, sem kölluð er „itjihad“, en Haroon Amirzada, sem er fyrrum fyrirlesari í háskólanum í Kabúl, sagði: „Fræðimenn og stjórnmálamenn úr múslímaheiminum og annars staðar að eiga að vinna að því í sameiningu að nútímavæða Íslam og aðlaga samtímanum.“ Dr. Shaaz Mahboob frá Hillingdon í Middlesex tók undir þetta: „Það eru hundruð þúsunda múslíma á Bretlandi sem lifa ekki eins stranglega eftir reglum trúarbragða sinna og fyrri kynslóðir hafa gert...“ „Það erum við, hinir almennu múslímar, sem viljum gjarnan lifa í sátt og samlyndi við fólk sem aðhyllist önnur trúarbrögð, við lítum á okkur sem Breta og erum þjóðernissinnuð... Ég veit ekki til þess að nokkur samtök tali máli þeirrar veraldlegru og frjálslýndu útgáfu af Íslam sem meirihluti múslíma aðhyllist.“

Aðskilnaður stjórnmála og trúarbragða

Margir af þeim sem lögðu orð í belg skoruðu á mig að taka skrefið til fulls og setja fram tilgátu um hvað fælist í slíkri umbótahreyfingu. Þær hugrenningar sem fylgja hér á eftir eru tilraun til að bregðast við þessari áskorun og eiga þær aðallega við um Bretland.

Af hverju Bretland? Það kann að vera að umbæturnar muni hefjast meðal múslíma utan múslímaheimsins, þar sem samgangur og árekstrar meðal múslíma og annarra er sem mestur, og muni síðan berast þaðan til landa þar sem múslímar eru í meirihluta. Það væri ekki í fyrsta sinn sem slíkt gerist. Hugmyndin um Pakistan var tilkomin og mótuð á Bretlandi, og menn eins og Mahatma Gandhi, Muhammad Ali Jinnah, stofnandi Pakistans, og Sir Syed Ahmad Khan, leiðtogi múslíma á Indlandi, sem allir breyttu gangi sögunnar, sóttu hugmyndir sínar þangað.

Breskir múslímar, sem aðallega



FRÁ BAGDAD „Endurskoða þarf þá hugmynd að allir múslímar séu bræður,“ segir Rushdie. Myndin er af vettvangi árásar í hverfi sjá í Bagdad þar sem 112 manns létu lífið. Leiðtogi al-Kaida í Írak, Abu Musab al-Zarqawi, hefur lýst yfir ábyrgð á hrinu bilsprenjuárása í Bagdad og sagt samfélagi sjá, sem eru meirihluti íbúa Íraks, og stjórn landsins stríð á hendur.

eru upprunnir í Suður-Asíu, ættu að minnast eigin sögu. Indverskir múslímar hafa alltaf verið veraldlega sinnaðir því þeir vita sem er að það er hin veraldlega stjórnarskrá landsins sem verndar þá frá kúgun af hendi meirihlutans í landinu sem er hindúatrúar. Breskir múslímar ættu að fara að fordæmi trúbræðra sinna og að-

Í DAG

SALMAN RUSHDIE
SKRIFAR UM
NAUÐSYNLEG
SIÐASKIPTI ÍSLAM



„Íslam eftir siðaskipti myndi hvetja múslíma sem búa utan múslímaheimsins til að koma út úr gettöunum, sem þeir hafa sjálfviljugir reist yfir sig.“

skilja trúarbrögð frá stjórnmálum. Ef breskir múslímar rifja upp söguna ættu þeir einnig að minnast þess, sem enn lifir í minnum manna, þegar Beirút og Teheran voru heimsborgaralegar og nútímalegar stórborgir þar sem ríkti umburðarlyndi. Þessari samfélagsskipan, sem í dag er glötuð, þarf að bjarga frá bókstafstrúarmönnum svo hægt sé að hampa henni og endurreisa.

Bræðralag Íslam er uppsuni

Endurskoða þarf þá hugmynd að allir múslímar séu bræður. Eins og hinn djúpi ágreiningur milli súnna-múslíma og sjía-múslíma ber vott um, er hugmyndin uppsuni, og þegar hún afvegaleiðir unga menn, eins og tilmála-mennina í London 7. september og lætur þá sprengja upp samlanda sína í nafni einhverrar fjarstæðukenndrar hugmyndar um bræðralag Íslam, sést hversu hættulegur uppsuni hún er. Sannleikurinn er sá að fáir breskir múslímar myndu þola að búa í íhaldssömu múslímsku ríki.

Þeir sem bíða mestan skaða af íslamskri öfgahyggju eru aðrir múslímar: afganskir múslímar af talibanastjórninni, íranskir múslímar af höfuðklerkunum í sínu trúarkerfi. Eins eru flestir þeirra sem látið hafa lífið fyrir höndum uppreisnarmanna í Írak aðrir múslímar. Þrátt fyrir þetta gengur orðræða múslíma mest út á að útlista þá glæpi sem „Vesturlönd“ hafa framið. Það kann að vera að múslímar þurfi að fara að átta sig á því hver hinn raunverulegi óvinur þeirra er og beina bræði sinni að þeim sem í raun og veru eru að kúga þá og drepa.

Á áttunda og níunda áratugnum fór stjórnmálastarf breskra Suður-Asíubúa á Bretlandi aðallega fram innan veraldlegra hópa sem var stjórnað af aðgerðasinnum sem aðhylltust vinstri-sinnaða eða marxísku hugmyndafræði. Á

þessu tímabili var samstaða meðal blökkumanna og Asíubúa, samstaða sem leið undir lok á síðari hluta níunda áratugarins og í stað hennar skaut yfir kollinum trúarbundin íslömsk öfgahyggja. Útbreiðsla öfgahyggjunnar var að einhverju leyti tilkomin vegna mótmælanna við bók minni *Söngvar Satans* sem kom út árið 1989.

Stjórnmál veraldlegra þenkjandi Suður-Asíubúa á Bretlandi þurfa að komast aftur í sinn gamla farveg, og þá á ég ekki við að þeir þurfi endilega að vera vinstri-sinnaðir, heldur að sköpuð verði stjórnmálaöfl sem tala máli þeirra, en það er skortur slíkra fulltrúa sem Mahboob harmar í orðum sínum. Þá getur hinum vafasömu og tortryggilegu „leiðtogum“ Múslímaráðs Bretlands verið ýtt út í horn þar sem þeir eiga heima.

Eftir siðaskipti

Íslam eftir siðaskipti myndi afneita íhaldssamri kredduhyggju og meðal annars samþykka að konur og menn skuli njóta sömu réttinda og að fólk sem aðhyllist önnur trúarbrögð, sem og fólk sem aðhyllist engin trúarbrögð, er ekki óæðra múslímum. Í Íslam eftir siðaskipti væru mismunandi kynhneigðir manna ekki fordæmdar heldur væri litið á þær sem ólíkar hlíðar á náttúru mannsins, og eins væri litið á gyðingahatur sem óásættanlegt. Takmörkunum á málfrelsi, sem er rökstutt með þeim lélegu rökum að það geti móðgað náungann, yrði afneitað og í staðinn yrði tekin upp óvægin samfélagsumræða þar sem allt er leyflegt, engar hugmyndir bannaðar og enginn málaflökkur sem ekki mætti ræða um.

Íslam eftir siðaskipti myndi hvetja múslíma sem búa utan múslímaheimsins til að koma út úr gettöunum, sem þeir hafa sjálfviljugir reist yfir sig, og hætta að hafa svona miklar áhyggjur af því að loka dætur sínar inni frá umheiminum. Íslam myndi reisa sig upp úr öskustóð bókstafstrúar og þýlyndis við trúarlega leiðtoga og leyfa fræðimennsku sem reist er á vísinda- og sögulegum grunni að koma úr útleög sinni í skúmaskotum þar sem hún hefur verið dæmd til að hirst af guðfræðingum og stjórndendum æðri menntastofnana.

Að lokum þarf að binda enda á þá vænisýki sem kom þeirri hugmynd að hjá sumum múslímum að gyðingar hefðu staðið á bak við árásrnar á Bandaríkin 11. september 2001, og að hugsanlega hefðu það ekki verið múslímar sem stóðu á bak við árásrnar á London 7. september; kenning sem varð nýlega að engu við birtingu myndbands á sjónvarpstöðinni al-Jazeera.

Hugsanlega, eins og margir bentu mér á eftir fyrri grein mína, er það sem ég er að lýsa ekki siðaskipti heldur frekar upplýsing. Allt í lagi þá, allt í lagi: Verði ljós.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Amdís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTABLAÐI: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: vistir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

GJÖRBBREYTTUR NÝR GRAND VITARA ER KOMINN

FRUMSÝNING Í DAG

Í REYKJAVÍK, Á AKUREYRI, EGILSSTÖÐUM, HVAMMSTANGA OG Í BORGARNESI



**OPIÐ:
12-17**

 **SUZUKI**
...er lífsstíll!

SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 51 00.
www.suzukibilar.is

„Eitt, sterkt einkenni útrásarinnar er sú mikla samvinna sem er með framleiðslufyrirtækjum og bönkunum. Dyggilegur stuðningur banka og þau góðu viðskiptasambönd, sem þeir hafa myndað við fjármálafyrirtæki á Bretlandseyjum í gegnum tíðina, komu að góðum notum fyrir alla.“

Fjárfest fyrir 200 milljarða

Viðskiptaráð Íslands og Bresk-íslenska viðskiptaráðið hafa gefið út ritið „Útrás íslenskra fyrirtækja til Lundúna“ sem byggist á viðtölum við forsvarsmenn íslenskra fyrirtækja sem hafa sótt á Bretlandsmarkað. Þar er meðal annars spurt af hverju Bretland henti betur til fjárfestinga fyrir Íslendinga en Norðurlöndin og hvernig fyrirtækin hafa náð að aðlaga sig.

Skýrslan er byggð á hugmynd Sigrúnar Davíðsdóttur, sem tók efnið saman, en Þór Sigfússon og Halldór Benjamín Þorbergsson, hjá Viðskiptaráði Íslands, ritstýrðu henni.

Tilgangurinn með skýrslunni er að skoða hvernig hafi tekist til með útrás íslenskra fyrir-

tækja til Bretlands, ávinninginn af henni og hver sé einkenni íslensks og bresks viðskiptalífs. Efni skýrslunnar er fengið með viðtölum við yfirmenn í útrásarfélagunum Actavis, Bakkavör, Baugi, Íslandsbanka, KB banka og Landsbankans og breska aðila.

Það er einnig ætlun höfundna að veita stjórnendum, sem eru að sækja inn á þennan markað, og öðrum, sem síðar kunna að sækja þangað, innsýn í reynslu íslensku frumkvöðlanna.

Samhliða vöxtur

Grunninn að útrás íslenskra fyrirtækja er hægt að rekja til fjármálafyrirtækjanna. Í samtölum við stjórnendur kemur fram að það sé mat manna að einkavæðing bankakerfisins á Íslandi hafi losað um miklar hömlur sem nýttust síðar til útrásar.

„Eitt, sterkt einkenni útrásarinnar er sú mikla samvinna sem er með framleiðslufyrirtækjum og bönkunum. Dyggilegur stuðningur banka og þau góðu viðskiptasambönd, sem þeir hafa myndað við fjármálafyrirtæki á Bretlandseyjum í gegnum tíðina, komu að góðum notum fyrir alla. Samböndin sem bankarnir höfðu, hjálpuðu fyrirtækjunum að ná fótfestu en jafnframt gerði útrás framleiðslufyrirtækja bönkunum einnig kleift að vaxa,“ segir Halldór Benjamín Þorbergsson.

Þá hefur ekki síður einkennt útrásina að ungt fólk, sem kom með reynslu og menntun frá útlöndum, er í forsvari hennar.

Veitir frekari tækifæri

Útrás Íslendinga til Bretlands hefur fyrst og fremst miðast við að sækja til Lundúna. Það er mál manna að „samþjöppun“ íslenskra fyrirtækja á þessu svæði geri þeim gott. Oft er talað um klasafjárfestingar í þessu samhengi. Sambönd sem eitt fyrirtæki byggir upp geti nýst öðrum félögum en einnig spyrst út orðstír og þekking á íslenskum háttum sem spari fyrirtækjum, sem stefna á sókn til Lundúna, mikla grunnvinnu.

Sóknin þangað byggist á þeim hugmyndum að borgin veiti tækifæri til mikils vaxtar, sem alþjóðleg viðskiptamiðstöð, og opni þar með leiðir til annarra markaðssvæða. Það hefur einnig komið á daginn að íslenskir fjárfestar héldu ekki til Lundúna til að opna nýja starfsemi heldur til að færa út þann rekstur sem fyrir var á Íslandi.

Sambland hefða og vikingaeðlis

Stjórnendurnir segja að munur á fyrirtækjamenningu og vinnu-mörkuðum beggja landsvæða sé mikill. Á Íslandi ganga menn í öll störf en sérhæfingin á breskum vinnumarkaði er gríðarleg og þar sé meiri formfesta í viðskiptum sem markist af þróaðri löggjöf

BEINAR FJÁRFESTINGAR ÍSLENDINGA Á BRETLANDI Á ÁRI Í MILLJÖRÐUM KRÓNA *

1998	4,7
2003	25,6
2004	62,0
2005	200 **

* Tölur fyrir árin 1999-2002 vantar
** Á fyrri hluta árs

um viðskiptalíf en Íslendingar eru vanir – til dæmis flóknari samningagerð en við eigum að venjast.

Breskir viðmælendur nefna að eitt megineinkenni Íslendinga sé það að þeir eru fljótfærir og óþolinmóðir en eigi aftur á móti auðvelt með að taka skjótar og traustar ákvarðanir sem falli vel í kramið hjá Bretum og leiti sífellt lausna við vandamálum í stað þess að gefast upp. Íslenskir stjórnendur segja að það hafi reynst vel að aðlagast aðstæðum með því að halda í formfasta, enska viðskiptahætti og blanda við það hinu hvatvísa íslenska vikingaeðli.

En hvaða hugmyndir hafa Bretar um Ísland? Í skýrslunni kemur fram að afstaða Breta til okkar sé almennt jákvæð og þeir séu nokkuð forvitnir um land og



ROLFING®

STRUCTURAL INTEGRATION

Harvey Burns

verður staddur á Íslandi dagana 20. september til 3. október n.k.

Upplýsingar og tímapantanir hjá Ingunni í síma 694 2693 og 564 1314.





HALLDÓR BENJAMÍN ÞORBERGSSON HJÁ VIÐSKIPTARÁÐI Samflot framleiðslufyrirtækja og fjármálastofnana lagði grundvöllinn að árangursríkri útrás til Lundúna en jafnframt hafa fyrirtækin grætt óbeint hvert á öðru vegna samþjöppunar útrásarfélaga í borginni sem skapar sambönd og breiðir út þekkingu á íslenskum aðstæðum. Það sem af er ári nemur fjárfesting Íslendinga á Bretlandseyjum um 200 milljörðum króna samkvæmt tölum Viðskiptaráðs.

Þjóð. Þekkingarleysi á litlu landi er að vísu óhagstætt en síaukin umfjöllun breskra fjölmiðla um Ísland vinnur þar á móti. Bretar spyrja sig gjarnan hvernig svona fámenn þjóð hafi þá burði til að fjárfesta í Bretlandi sem raunber vitni og hvort allt sé með

felldu. Gæta verði þess að vinna gegn ranghugmyndum um illa fengið fé og „maffupeninga“.

Eru frændur frændum verstir?

Það vekur athygli að útrásin skuli beinast til Englands en ekki Norðurlandanna. Margir stjórn-

endur hafi nefnt það að munurinn annars vegar á Bretlandi og hins vegar á Norðurlöndum sé sá að breskt viðskiptaumhverfi henti Íslendingum betur til fjárfestinga. Benda stjórnendurnir á að afstaða til Norðurlandabúa til viðskipta sé öll önnur en hjá Bretum. Þeir hafi orðið áskynja að viðhorf Norðurlandabúa til viðskipta og frumkvöðlastarfsemi séu neikvæðari. Íslenskir fjárfestar hafi brennt sig á fjárfestingum á Norðurlöndum þótt þær fari nú mjög vaxandi. Þetta gildi einnig um fjárfestingar annarra Norðurlandabúa innan Norðurlanda. Samrunar yfir landamæri hafa oft verið stöðvaðir og þá er umfjöllun norrænna fjölmiðla um íslenska fjárfesta oft óvæginn.

„Straumur fjárfestinga virðist liggja meira til Lundúna en Norðurlanda – og viðmælendur okkar benda á að ástæður þessa séu þær að það er að mörgu leyti auðveldara að stunda fjárfestingar í Bretlandi en á Norðurlöndum og að andrúmsloftið gagnvart íslenskum fjárfestum

sé hreinlega jákvæðara á Bretlandseyjum. Að sama skapi benda menn á að sveigjanleiki íslensks vinnumarkaðar og skjót ákvörðunartaka hafi reynst sterkt andsvar við breskri formfestu og áréttu jafnframt að skjót ákvörðunartaka eigi ekkert skylt við fljótfærni,“ segir Þór Sigfússon.

Gríðarleg útrás

Viðskiptaráð áætlað að það sem af er þessu ári hafi Íslendingar fjárfest fyrir 200 milljarða króna á Bretlandseyjum. Hlýtur það að vekja eftirtekt þegar haft er í huga að landsframleiðslan er um 850 milljarðar. Munar þar einkum um fjárfestingar Bakkavarar

í Geest og KB banka í Singer & Friedlander.

Íslenskir fjárfestar eru nær undantekningarlaust sáttir við þær fjárfestingar sem þeir hafa ráðist í á Bretlandseyjum en virkenna jafnframt að Róm verði ekki byggð á einum degi. Til þess að ná árangri í Bretlandi þurfi að setja sér langtímamarkmið.

„Við vitum að við erum litlir, en við látum það ekki trufla okkur. Við erum hér af því að við höfum eitthvað fram að færa og okkur dettur ekki í hug annað en að við höfum eitthvað fram að færa sem hefur ekki verið reynt hér,“ sagði einn viðmælendinn í skýrslunni.

eggert@frettabladid.is

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Sértilboð

Vandaður hvíldarstóll
54.000,-

Vandaður leðurstóll
14.800,-

Vandaður lúxus-hægindstóll með stillanlegu baki og skemli. Frábær sjónvarpsstóll. Leður á slitflötum

Opið

í dag kl.13-16

Val

húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Hvað treysta margir á þig?

Launavernd

Ertu búinn að tryggja þér og fjölskyldunni áframhaldandi laun komi til tekjumissis vegna fráfalls, sjúkdóma eða starfsloka vegna aldurs?

Skyndsemin segir þér hvað er rétt að gera. Ekki hugsa málið – kláraðu það!



Landsbankinn

Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

DAG HAMMARSKJÖLD
(1905-1961) lést þennan dag.



„Mældu aldrei hæð fjalls fyrr en þú hefur komið á topp þess. Þá getur þú séð hversu lágt það var.“

Dag Hammarskjöld var sænskur diplómáti sem gegndi starfi aðalritara Sameinuðu þjóðanna frá 1953 til dauðadags. Hann hlaut friðarverðlaun Nóbels að sér látum.

tímamót

tímamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST > 18. SEPTEMBER 1961

Dag Hammarskjöld ferst í flugslysi

Á þessum degi árið 1961 lést Dag Hammarskjöld, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, í flugslysi, í Norður-Ródesíu Sambía í dag). Svíinn Dag Hammarskjöld fæddist árið 1905 og var sonur Hjalmar Hammarskjöld, forsætisráðherra Svía frá 1914 til 1917. Hann var annar framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna og gegndi embættinu í sjö ár. Dag Hammarskjöld var hagfræðingur að mennt. Hann hóf störf fyrir hið opinbera árið 1930 og forframaðist á skömmum tíma og gegndi embætti aðstoðarutanríkisráðherra árið 1951. Ári síðar var hann skipaður sendiherra Svía hjá Sameinuðu þjóðunum. Árið síðar var hann kosinn framkvæmdastjóri samtakanna. Hammarskjöld ferðaðist víða og var ötull friðarstillir og lék meðal annars lykilhutverk í lausn Súez-deilunnar árið 1956. Hann var endurkjörinn framkvæmdastjóri árið síðar. Árið 1960 braust út borgarastyrjöld í Kongó eftir að landið hlaut sjálfstæði og lagði Hammarskjöld mikla áherslu á að Sameinuðu þjóðirnar gerðu sitt til að stilla til friðar. Hann var á leið til fundar við uppreisnarmenn í Katanga-héraði í Kongó til að miðla málum þegar flugvél hans fórst. Hammarskjöld voru veitt friðarverðlaun Nóbels að honum látum árið 1961.



DAG HAMMARSKJÖLD

MERKISATBURÐIR

- 1810** Chile lýsir yfir sjálfstæði frá Spáni.
- 1812** Moskva brennur. Þúsund kirkjur og 90 prósent íbúðahúsa verða eldinum að bráð.
- 1851** New York Times hefur útgáfu.
- 1970** Jimi Hendrix lætur lífið vegna ofneyslu eiturlyfja.
- 1977** Sprenging verður í flugeldaverksmiðju á Akranesi. Tveir menn látast og skemmdir urðu á tuttugu nálægum húsum.
- 1977** Jón L. Arnason, 16 ára, varð heimsmeistari sveina í skák. Hann tapaði aðeins fyrir Garrí Kasparov.
- 1979** Léoníd og Valentína Kóslóv, dansarar við Bolshojballettinn, flýja Sovétríkin.

KJARTAN RAGNARSSON LEIKSTJÓRI OG FRAMKVÆMDASTJÓRI LANDNÁMSSETURS ER 60 ÁRA

Fékk hráar rófur í afmælisgjöf

Kjartan Ragnarsson leikstjóri heldur upp á sextugs-afmæli sitt á sveitasetri rétt utan við Prag í Tékklandi. „Við ætluðum jafnvel að fara á Restaurant Reykjavík af því að Þórir og Ingibjörg sem eiga staðinn eru vinafólk okkar,“ segir Kjartan en úr varð að þau sómahjón buðu Kjartani, eiginkonu hans og sonum á setur sitt í sveitinni.

Kjartan og Sigríður, kona hans, eru nýkomin af Vest Norden kaupstefnu í Kaupmannahöfn þar sem ferðasöluaðilar alls staðar að úr heiminum sem selja og skipuleggja ferðir til Íslands koma saman. Kjartan og Sigríður eru að stofna Landnámssetur í Borgarnesi sem opnað verður í maí. „Við fengum feikilega góð viðbrögð,“ segir Kjartan sem telur að flestir hafi verið sammála um að þetta sé eitt-hvað sem vanti í ferðabjónustu á Íslandi. „Við munum rekja landnámsöguna eins og við þekkjum hana í okkar vitund og er hvergi gert á Íslandi,“ segir Kjartan um uppbyggingu Landnámssetursins.

Kjartan ákvað að halda upp á afmæli sitt í skjóli fjölskyldunnar að þessu sinni en hann er þó fráleitt mótfallinn veislum enda hélt hann



LEIKSTJÓRINN Kjartan og Sigríður kona hans opna Landnámssetur í Borgarfirði í vor þar sem dramatísk framvinda landnámsins verður rakin.

stórveislu í Iðnó fyrir tíu árum. Hann man þó sérstaklega eftir afmælum sínum sem ungur drengur. „Þegar ég var strákur í sveit í Ölfusinu bar afmælisdaginn minn alltaf upp á þeim tíma þegar verið var að smala á fjalli og undirbúa réttirnar. Sáð var í lítinn rófugarósbút sem við áttum krakkarnir og gátum

tekið beint upp úr garðinum og étíð rófur og það var afmælisveislan,“ segir Kjartan sem ætíð síðan hefur þótt hráar rófur algert lostæti. Hann efast þó um að þær verði á boðstólum í kvöld.

Annasamur vetur er framundan hjá Kjartani enda þarf margt að undirbúa

og byggja til að Landnámssetrið verði að veruleika. Frekari leikhúsuppfærslur verða því að biða betri tíma. „Þetta er reyndar eins og ein risastór leiksýning og maður vinnur bara að einni leiksýningu í einu,“ segir Kjartan sem á sér eina afmælisóska: „Spennandi framtíð og að þetta verkefni gangi vel.“

AFMÆLI

Ármann Snævarr, fyrrverandi háskólaeignar, er 86 ára. **Sveinn Einarsson** leikstjóri er 71 ára. **Einar Már Guðmundsson** rithöfundur er 51 ára.

LEGSTEINAR
S. HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

FÆDDUST ÞENNAN DAG

- 1709** Samuel Johnson rithöfundur.
- 1750** Tomas Iriarte rithöfundur.
- 1838** Anton Mauve listmálari.
- 1905** Greta Garbo leikkona.

Héðins Jónssonar skipstjóra, Mýrum 14, Patreksfirði.

Guð blessi ykkur öll.

Guðrún Jónsdóttir
Elin Magnea Héðinsdóttir
Jón Már Héðinsson
Inga Mirjam Héðinsdóttir
Jóhannes Héðinsson
Freyr Héðinsson
afabörn og langafabörn.

Bolli Ólafsson
Rósa Líný Sigursveinsdóttir
Kristján Hermannsson
Styrgerður Fjeldsted
Steinunn Finnbogadóttir



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og blýbug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Jónínu Vilhelminu Davíðsdóttur

frá Möðruvöllum í Hörgárdal.

Sigríður Valgerður Josteinsdóttir
Kristján Josteinson
Jónas Josteinson
Svavar Josteinson
Svava Josteinsdóttir
Hildur Josteinsdóttir

Sólveig Hrafnadóttir
Hjördís Hrönn Hauksdóttir
Bjarni Guðmundsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og blýbug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, systur og ömmu,

Unnar Einarssdóttur

Nesbala 70, Seltjarnarnesi.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki og læknum á deildum 11B og 11E á Landspítala við Hringbraut, ásamt starfsfólki Líknardeildar LSH í Kópavogi, svo og starfsfólki Heimahlýningar Krabbameinsfélagsins.

Sigurður K. Brynjólfsson
Einar Sigurðsson
Auður G. Sigurðardóttir
Guðrún Einarssdóttir

Jarprúður Guðnadóttir
Tryggvi Svansson

og barnabörn.



Elskulegur sonur, bróðir og mágur,
Steingrímur Kristjánsson

Laugavegi 143, Reykjavík,

lést 12. september. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 20. september kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Boðunarkirkjuna í Kópavogi.

Guðbjörg Jóhannsdóttir
Guðrún Kristjónsdóttir
Laukey Kristjónsdóttir
Linda Rós Kristjónsdóttir
Jóhann Kristjánsson
Arnrún Kristinsdóttir
Finnbogi E. Kristinsson
Hjörtur Kristinsson
Anna Kristinsdóttir
Árni Kristinsson

Gylfi Knudsen
Sverrir Þórólfsson
Sigurður Gunnarsson
Kristín Egilsdóttir
Einar Þorvarðarson
Sólveig Birgisdóttir
Dagný Emma Magnúsdóttir
Gunnar Örn Harðarson
Ingibjörg Jónsdóttir

og fjölskyldur.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigríður Gunnarsdóttir

Dalbraut 27, áður Bogahlíð 10,

verður jarðsöngin frá Háteigskirkju mánudaginn 19. september kl. 13.00.

Þórunn Nanna Ragnarsdóttir
Ingunn Ragnarsdóttir
Gunnar Ragnarsson
Heiðar Ragnarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Jóhann Hólmgrímsson
Már Óskar Óskarsson
Ásthildur Ágústsdóttir
Sigrún Guðjónsdóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Bessi Bjarnason

leikari, Hlunnavogi 13, Reykjavík,

sem andaðist á Landspítalanum mánudaginn 12. september síðastliðinn, verður jarðsöngin frá Hallgrímskirkju þriðjudaginn 20. september klukkan 15.00.

Margrét Guðmundsdóttir
Kolbrún Bessadóttir
Bjarni Bessason
Ivon S. Cilia
Victor G. Cilia
María Dís Cilia
barnabörn og barnabarnabörn.

Pétur Jóhannesson
Guðrún E. Baldvinsdóttir
Kristín B. Jóhannsdóttir
Solveig Óladóttir

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

GOTT FOLK McCANN




The Presidents Cup

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

FORMÚLA & GOLF ALLA NÆSTU HELGI

FORSETABIKARINN
FIMMTUDAG - SUNNUDAG
A1 GRAND PRIX
HEIMSBIKARINN Í FORMÚLU
LAUGARDAG - SUNNUDAG



SYN
besta sætið



STJÓRNASKRÁ ÍSLANDS
Endurskoðuð

XII. HLUTI



DANSKA ÞINGIÐ Sextán sinnum hefur verið haldin þjóðaratkvæðagreiðsla í Danmörku síðan 1916.

Sex leiðir að þjóðaratkvæði

■ Þjóðaratkvæði í Danmörku

Frá 1916 hafa Danir sextán sinnum haldið þjóðaratkvæðagreiðslu. Sex aðstæður geta komið upp þar sem þjóðaratkvæðagreiðslur eru haldnar, þar af eru fimm sem lýst er í stjórnarskrá Dana.

1. Þjóðaratkvæðagreiðsla um stjórnarskrárbreytingar, eins og lýst er í 88. grein stjórnarskrárinnar. Fyrst þarf þingið að samþykka slíka breytingu, þá þarf að kjósa aftur til þings og nýtt þing þarf að endursamþykka stjórnarskrárbreytingu. Þegar því er lokið fer fram þjóðaratkvæðagreiðsla, þar sem meirihluti og minnst 40 prósent atkvæðabærra manna og kvenna þurfa að samþykka breytinguna. Að því loknu er stjórnarskrárbreyting samþykkt.

2. Þjóðaratkvæðagreiðsla um breytingu á kosningaaldri, eins og lýst er í 29. grein stjórnarskrárinnar. Þegar breytingar á kosningaaldri eru lagðar til, eru þær samþykktar nema kjósendur hafni þeim. Í leið 2 til sex þarf meirihluti og minnst 30 prósent atkvæðabærra manna að hafna breytingunni til að hún verði ekki að veruleika.

3. Þjóðaratkvæðagreiðsla um samþykkt lög, eins og lýst er í 42. grein stjórnarskrárinnar. Þriðjungur þingmanna getur krafist þess innan þriggja vikna frá undirskrift laganna að þau verði lögð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi ef meirihluti og minnst 30 prósent atkvæðabærra manna og kvenna hafna þeim. Ekki er hægt að kjósa um öll lög og eru til dæmis fjárlög og skattalög undanþegin.

4. Þjóðaratkvæðagreiðsla um afsal fullveldis, eins og lýst er í 20. grein stjórnarskrárinnar. Ef ekki næst samstaða 5/6 þingmanna í málum sem snúa að afsali fullveldis, einungis samstaða meirihlutans, skal vísa málinu til þjóðaratkvæðagreiðslu. Allar þjóðaratkvæðagreiðslur sem snúa að Evrópusambandinu, eins og kosning um Maastricht-sáttmálann, Amsterdam-sáttmálann og evruna byggja á þessu ákvæði.

5. Þjóðaratkvæðagreiðsla um sáttmála, eins og lýst er í 42. grein stjórnarskrárinnar. Með lögum er hægt að ákveða að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um samþykkt alþjóðasáttmála, eins og gert var 1993 þegar Maastricht-sáttmálinn með breytingum var samþykktur.

6. Hægt er að halda leiðbeinandi þjóðaratkvæðagreiðslur og er niðurstaða þeirra þá ekki bindandi. Samþykking þarf sérstök lög um hverja slíka þjóðaratkvæðagreiðslu. Ákvæði um slíkar kosningar eru ekki í stjórnarskrá.

Um ágæti þjóðaratkvæðisgreiðslna

Það var merkilegt að fylgjast með því á málþingi um þjóðaratkvæðisgreiðslu hvernig málflutningur meðlima í stjórnarskrárnefnd um þjóðaratkvæði skiptist eftir því hvort stjórnarmálemenn eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Þá er ekki verið að tala um afstöðu til formlegrar framkvæmdar og karpis um hversu hátt hlutfall almennings eða þingmanna getur kallað eftir slíkri kosningu um ákveðin mál, heldur afstöðu til ágætis þjóðaratkvæðisgreiðslna.

Rök gegn þjóðaratkvæði

Í málflutningi Geirs H. Haarde kom fram að engin hefð væri fyrir þjóðaratkvæðisgreiðslu hér á landi, þar sem engar slíkar kosningar hafa farið fram á lýðveldistímanum. Íhuga þyrfti hvort fámennt þjóð eins og okkar og lítið stjórnkerfi myndi bera margar þjóðar-



atkvæðisgreiðslur. Hann sagði niðurstöðu slíka kosninga virðast íhaldssamar í eðli sínu og jafnvel geta leitt til ábyrgðarleysis í stjórnarhátum. Þá varaði Geir við því að tíðar atkvæðisgreiðslur um einstök mál gætu dregið úr áhuga landsmanna og þátttaka yrði dræmari. Jónína Bjartmarz varaði einnig við

of tíðum þjóðaratkvæðisgreiðslum, þar sem almennur myndi missa áhuga og þarfléandi myndi lögmæti slíkra kosninga minnka og að víða sýndi reynslan sú að slíkar kosningar stuðli að íhaldssemi. Í því sambandi velti hún því fyrir sér hvort löggjafinn gengi lengra en þjóðarviljinn og væri framsýnni. Þá sagði hún þjóðaratkvæðisgreiðslur geta aukið flokkadrætti í þjóðfélaginu.

Rök með þjóðaratkvæði

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir benti hins vegar á að ákvæði um þjóðaratkvæði væru þróaðri í stjórnarskrám nýfrjálsra ríkja í Evrópu en á Íslandi og að þrátt fyrir að þjóðaratkvæði væru óalgeng í lýðræðisríkjum Vesturlanda, færi þeim fjölgandi. Hugsanlegt væri að stjórnarskrá þessara nýfrjálsu ríkja gæti verið fyrirmynd okkar

stjórnarskrár að einhverju leyti. Kolbrún Halldórsdóttir, sem mætti í fjarveru Steingríms J. Sigfússonar, rifjaði upp að samkvæmt skoðanakönnunum sem Vinstri grænir létu framkvæma vildi stór meirihluti Íslendinga að mikilvægustu málefni yrðu lögð fyrir dóm þjóðarinnar og að meirihluti Íslendinga hefði einnig talið að ákvörðun um Kárahnjúkavirkjun hefði átt að setja í þjóðaratkvæðisgreiðslu og samkvæmt því talist sem eitt af mikilvægustu málefnum. Stjórnarandstaðan virtist nokkuð jákvæðari í málflutningi sínum gagnvart þessu valdi almennings, og hugsanlegt er að það sé vegna þess að hún sjá það fyrir sér að geta nýtt þjóðaratkvæðisgreiðslu í valdabaráttu gegn stjórninni.

Svanborg Sigmarsdóttir

Stutt á milli Bessastaða og Versala

Ef synjunarvald forseta byggir á mati eins manns er orðið stutt á milli Bessastaða og Versala Lúðvíks XIV, sagði Karl Axelsson á málþingi um þjóðaratkvæðisgreiðslur.

Samkvæmt 26. grein stjórnarskrárinnar hefur forseti raunverulegt og persónulegt synjunarvald. En hins vegar er „orðið stutt á milli Bessastaða og Versala Lúðvíks XIV,“ ef ákvörðun um beitingu synjunarvaldsins er algjörlega háð persónulegu mati forseta. Þetta er meðal þess sem kom fram í erindi Karls Axelssonar hæstaréttarlögmanns á föstudag á málþingi Lögfræðingafélags Íslands í samvinnu við stjórnarskrárnefnd um þjóðaratkvæðisgreiðslur. Karl sagði að ekki væri um fullnaðarútfærslu á synjunarvaldinu að ræða, og ef ákveðið verður að viðhalda þessu ákvæði í stjórnarskránni þurfi óhjákvæmilega að gera formbreytingu á því og hugsanlega efnisbreytingu.

Nákvæmari útfærslu skortir

Karl sagði að í kjölfar synjunar forseta Íslands á fjölmiðlalögum í fyrri hefði berlega komið í ljós að nú skortir nánari útfærslu á þeirri atburðarás sem synjun forseta felur í sér. Það þurfi að koma til nákvæmari útfærslu á tímasetningu og hvað gerist ef ekki er brugðist við eins fljótt og auðið er, eins og nú segir í stjórnarskrá. Þá þurfi að útlista nánar

um þá lágmarksskygningu sem stjórnvöld þurfa að standa að, ekki síst með það í huga að sömu stjórnvöld samþykkja lögin sem kosið er um í þjóðaratkvæðisgreiðslu. Þá þurfi að fjalla um hvort gera eigi sérstaka kröfu um þátttöku í þjóðaratkvæðisgreiðslu eða hvort einföld meginregla um vilja meirihluta kjósenda sem mæta eigi að gilda.

Hugsanlegar efnisbreytingar á 26. greininni um synjunarvald forseta segir Karl að samkvæmt núgildandi stjórnarskrá séu engin efnisleg viðmið undir hvaða kringumstæðum kemur til beitingu þess. Því þurfi að íhuga hvort taka eigi upp eftirlit með beitingu synjunarvaldsins og hvar það eftirlit eigi að liggja.

Þjóð og þing geti krafist þjóðaratkvæðis

Þjóðaratkvæðisgreiðsla í kjölfar synjunar forseta í líkingu við núgildandi 26. grein stjórnarskrárinnar var einugis ein leið af þremur sem Karl segir að geti leitt til þjóðaratkvæðisgreiðslu í breyttri stjórnarskrá. Aðrar reglur um þjóðaratkvæðisgreiðslu sem hægt sé að taka upp séu annars vegar þjóðaratkvæði að kröfu ákveðins hluta kjósenda, líkt og er í Sviss



Á MÁLÞINGI UM ÞJÓÐARATKVÆÐI Kristín Ástgeirsdóttir, Pierre Garrone, Jens Peter Christensen og Karl Axelsson héldu erindi um þjóðaratkvæðisgreiðslu og þátttöku almennings í stjórnarmálum á málþingi Lögfræðingafélags Íslands.

eða ákveðins hluta þingmanna, líkt og er í Danmörku þar sem þriðjungur þingmanna getur farið fram á að lögum sé vísað í dóm þjóðarinnar. Hann sagði umræðu um atkvæðisgreiðslu að kröfu hluta þjóðarinnar vera lítt mótaðar og ef sú leið yrði valin þyrfti að leysa tæknilega flókin úrlausnarefni, eins og hvernig ætti að sannreyna að hluti þjóðarinnar hefði krafist slíkra kosninga. Þó svo að

í Danmörku sé rík hefð minnihlutastjórna með tilheyrandi málamiðlun, sem sé ólíkt því sem gerist hér á landi myndi sú leið að ákveðinn hluti þingmanna geti krafist þjóðaratkvæðisgreiðslu vera meira í átt við ríkjandi þingræðishefð hér á landi en að veita þetta vald hluta þjóðarinnar. Slíkt fyrirkomulag gæti einnig styrkt löggjafann gagnvart ríkisvaldinu.

svanborg@frettabladid.is

Starf í skugga fjölmiðlamálsins

Stjórnarmálemenn allra flokka í stjórnarskrárnefnd eru sammála um að starf þeirra í dag sé í skugga átaka síðasta sumars og hvernig skuli bregðast við því að synjunarvaldi forseta hefur verið beitt.

Þeir stjórnarmálemenn sem sitja í stjórnarskrárnefndinni og tóku þátt í pallborði á málþingi Lögfræðingafélags Íslands á föstudaginn voru sammála um að starf þeirra væri í miklum skugga þeirra átaka sem einkenndu síðasta sumar vegna ákvörðunar forseta Íslands að synja fjölmiðlalögum samþykktar og beita þannig 26. grein stjórnarskrárinnar í fyrsta sinn.

„Óbreytt skipan á synjunarvaldi forseta felur í sér þjóðskipulegt stílbrot á þeim undirtökum sem þinginu er að öðru jöfnu ætlað að hafa gegn öðrum handhöfum ríkisvalds,“ sagði Geir H. Haarde, fjármálaráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins. „Það er stærsti vandinn við núverandi fyrirkomulag, að það lýtur engum öðrum lögmálum en pólitískum vilja og smek þess einstaklings sem embættinu gegnir hverju sinni.“ Hann sagði betur fara á að rétturinn til að knýja fram þjóðaratkvæðisgreiðslu væri komið hjá fleiri en færr. Þessu var Eiríkur Tómasson lagaprófessor ósammála, en í ræðu sinni sagði hann að ábyrgð títu þúsund manna sem krefðust þjóðaratkvæðisgreiðslu væri ekki sú sama og þegar ábyrgðin væri á höndum eins manns.



GEIR H. HAARDE Varaformaður Sjálfstæðisflokksins segir óbreytta skipan á synjunarvaldi forseta stílbrot á meginreglu þingræðis sem er við lýði á Íslandi.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, sagði að með rétti forseta eða minnihluta Alþingis til að vísa málum til þjóðaratkvæðis væri verið að setja ráðherra- og þingvaldi ákveðnar skorður. Rétt væri að líta á slíkan rétt sem öryggisventil, því hann hefði varnadaráhrif, sérstaklega gagnvart stjórnlyndum ríkisstjórnunum. Slíkur ör-

yggisventill hefði fælingarmátt, sem líkja mætti við fælingarmátt kjarnorkuvopna.

Þeir sem tóku til máls virtust sammála um að það gæti vel komið til greina að veita hluta þingmanna vald til að fara fram á þjóðaratkvæðisgreiðslu. Geir H. Haarde sagði dönsku leiðina þó ekki ganga á Íslandi, því hér væri ekki hefð fyrir minnihlutastjórnun. Þriðjungur þingmanna væri því of lítið og landinu yrði illstjórnað ef farið væri að nota þjóðaratkvæðisgreiðslur sem pólitískt vopn. Best væri að það myndi nást pólitísk samstaða um það hvenær mál færu í þjóðaratkvæði, líkt og yrði gert um Evrópusambandsaðild.

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, lagði það til að 2/5 hluti þingmanna, eða 26 þingmenn gætu knúið fram þjóðaratkvæðisgreiðslu, eða 15-20 prósent kosningabærra manna. Einnig ætti að íhuga hvort forseti Íslands eða 15-20 prósent kosningabærra manna gætu vísað umdeildum málum aftur til Alþingis, þar sem þau þyrftu samþykki aukins meirihluta til að halda gildi sínu. Slíkur aukinn meirihluti gæti verið um 3/4 þingmanna.

svanborg@frettabladid.is

Kjörlendi loddarans

Hyggja þarf að „ofurvaldi afþreyinga-, skemmtana- og dægurmálaiðnaðarins sem tekið er að gegnsýra allt þjóðfélagið og þeirri tæknivæddu múgsefjun sem fylgir,“ sagði Sigurður Lín-




SIGURÐUR LÍNDAL Þjóðaratkvæðisgreiðslur geta orðið sjálfsmorð lýðræðisins.

dal í setningaræðu málþings um þjóðaratkvæðisgreiðslur. „Hér er einungis verið að vara við ofurvaldi þessara þátta lífsins og því varpað fram hvort þetta kunni að hafa áhrif á þróun lýðræðis, og hvort ekki sé verið að búa til kjörlendi lýðskrumarans og loddarans sem hefur í reynd ekkert til málanna að leggja. ...Þessu þarf að gefa gaum til þess að þjóðaratkvæðisgreiðslur verði ekki að sjálfsmorði lýðræðisins og gangi að öðrum grundvallargildum þjóðfélagsins dauðum.“

Spurningum, ábendingum og hugmyndum um efni á stjórnarskrársíðu Fréttablaðsins er unnt að koma á framfæri í tölvupósti.

NETFANGIÐ ER:
stjornarskra@frettabladid.is



Þrúlegt úrval sófasettum á vaxtalausú tilboði

þöngu fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa
Óseyri 1 Akureyri



Leðurhornsófi 2+h+2 3130



Leðursófasett 3+1+1 3057

Vaxtalausú tilboð
aðeins
9.990 kr*
á mán. í 15 mánuði
Verð 149.850,-

tt
mabil



Leðursófasett 3+1+1 Danny



Leðursófasett 3+1+1 Nice



Bycast sófi 3ja sæta Lyon

Vaxtalausú tilboð
aðeins
4.999 kr*
á mán. í 10 mánuði
Verð 49.990,-



Leðurhornsófi 2+h+2



Ítalskt leðursófasett 3+1+1



Leðursófasett 3+1+1 G2041




Leðursófasett 3+1+1 Flórens



Leðursófasett 3+1+1 M6217



Leðursófasett 3+1+1 M3208



Norskur forveri Da Vinci lykilsins

Norski fréttastjórinn Tom Egeland gaf árið 2001 út bók sem hét Sirkelens Ende. Ári eftir kom út önnur bók sem þótti minna um margt á bók Norðmannsins. Þetta var Da Vinci lykillinn eftir Dan Brown sem setti heimsbyggðina á annan endann. Bók Egelands er væntanleg í íslenskri þýðingu þar sem hún nefnist Við enda hringsins.

Skáldsagan Da Vinci lykillinn eftir Bandaríkjamanninn Dan Brown hefur slegið hressilega í gegn og hefur slegið hvert metið á færur öðru síðan hún kom út fyrir þremur árum. Búið er að gera handrit eftir bókinni og leikstjórinn Ron Howard er byrjaður að vinna að kvikmynd með Tom Hanks í hlutverki Roberts Langdon sem rannsakari leynireglur og morð tengd kristinni trú. Da Vinci lykillinn fór eins og eldur í sinu og vakti gríðarlega athygli ekki síst fyrir þá kenningu að Jesús hefði ekki dáíð á krossinum. Það sem menn vissu þó ekki var að ári áður hafði mjög svipuð bók komið út í Noregi. Bókin Við enda hringsins eftir Tom Egeland kemur út á íslensku í haust hjá JPV-útgáfu en Jóhann Páll Valdimarsson útgefandi segir

samanburðinn við Da Vinci lykilinn hafa dregið athygli sína að verki Egelands.


„Það var hin mikla umfjöllun um bókina í norskum fjölmiðlum og ágangur fjölmiðlamanna til að knýja á um svör um hvort Tom Egeland ætlaði ekki í mál við Dan Brown þar sem bók hins fyrrnefnda kom út tveimur árum fyrr,“ segir Jóhann Páll. „Tom hélt nú ekki og gerir reyndar skemmtilega grein fyrir tilurð beggja bókanna í eftirmála íslensku útgáfunnar.“

Jóhann Páll fékk handrit bókarinnar til yfirlstrar og ákvað að slá til og gefa hana út á Íslandi. „Mér þótti bókin einfaldlega einstaklega skemmtileg og spennandi. Glæpasaga án glæps. Ég skemmti mér þrýðilega við lestur Da Vinci lyk-

ilsins en ég verð að taka undir með Aftenposten að þessi er enn betri og mun betur skrifuð með persónum af holdi og blóði.“

Fréttastjóri og glæpasagnahöfundur

Tom Egeland gaf út sína fyrstu glæpasögu árið 1988. Egeland er fréttastjóri hjá TV2 í Osló en hefur skrifað spennubækur samfara starfi sínu. Sögusvið bóka Egelands hefur hingað til verið lítil norskur dalur að nafni Juvdal. Sirkelens Ende er algjör undantekning frá þeirri reglu en hún fer um alla Evrópu og alla leið til Austurlanda. Í samtali við norska blaðið Aftenposten segir Egeland að hann hafi langað til að skrifa bók sem leiti svara við spurningum sem séu stærri en lífið sjálf. Bókin segir frá því þegar hópur norskra og alþjóðlegra fornleifafræðinga finnur skrin úr gulli sem virðist geta varpað nýju ljósi á upphaf kristindómsins og gjörbylt hugmyndum vestrænnar heimspéki. Sú vitneskja veldur óneitanlega skjálfta meðal æðstu manna og skrininu er stolið. Aðalpersóna bókarinnar, Björn Beltó, gerir sér snemma grein fyrir því að þetta er tækifæri sem hann getur ekki látið sér úr greipum ganga og stelur gripnum aftur. Hann leggur á flótta til Evrópu og Mið-Austurlanda þar sem hann reynir að komast til botns í leyndardómnum auk



VIÐ ENDA HRINGSINS Sirkelens Ende eftir Tom Egeland er væntanleg í íslenskri þýðingu undir nafninu Við enda hringsins.

þess að forða sér frá leynireglum sem vilja hafa hönd í hári hans.

Samsæriskenningar um kristindóminn

Í áður nefndu viðtali við Aftenposten sagðist Egeland hafa komist yfir bókina „The Holy Blood and The Holy Grail“ og hrifist af kenningum þeirrar bókar. Þar er því

haldið fram að Jesús hafi ekki dáíð á krossinum heldur flúið til Frakklands þar sem hann settist að og eignaðist sæg af börnum. Sú ætt er síðan talin vera upphaf allra konungssætta í Evrópu. Egeland er þó ekki mikil að kippa sér upp við samlíkinguna við Da Vinci lykilinn og segist bara vera ánægður hafa skrifað sína fyrstu.

„Annars hefði ég væntanlega verið lögsóttur fyrir ritstuld,“ segir hann í viðtalinu. Egeland viðurkennir að hann hafi ekki búist við jafnmiklum vinsældum og raun ber vitni en Sirkelens Ende hefur selst vel í Noregi. „Hún hefur gengið mjög vel í ljósi þess að hún er skrifuð á norsku. Rithöfundur eins og Dan Brown skrifar á ensku og hefur því allan heiminn sem markaðssvæði.“

Það er annars ótrúlegt að skoða hversu líkar bækurnar tvær eru. Þær eru báðar byggðar á hinni umdeildu fræðibók „The Holy Blood and The Holy Grail“, í báðum bókunum eru albinóar fyrirferðarmiklar aðalpersónur, þær varpa báðar fram spurningum hvað kenningar og kennisætningar um Jesú varðar og báðar eru þær uppfyllar af guðfræðilegum samsæriskenningum. Bók Egelands hefur þegar verið þýdd og gefin út í tíu Evrópulöndum. Það verður því forvitnilegt að sjá hvort Sirkelens Ende rati á hvíta tjaldid líkt og „eftirherman“ Da Vinci Code.

freyrgigja@frettabladid.is



TOM EGELAND Er ánægður með að hafa skrifað sína bók á undan Dan Brown. Annars væri örugglega búið að væna hann um ritstuld.

2 fyrir 1 til Sikileyjar

29. september frá kr. 24.990

Aðeins 23 sæti laus

24.990

Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 29. september.

Heimsferðir bjóða nú allra síðustu sætin í beinu flugi til Sikileyjar á frábærum kjörum. Þetta er yndislegur tími á Sikiley, kjörinn til sólbaða og til að skoða þessa stórbrotnu eyju. Sikiley býður blöndu af því helsta sem ferðamenn óska sér. Menningarsaga, náttúrufergurð, fornminjar, fallegar byggingar, söfn, einstök matarmenning og mannlíf. Spennandi kynnisferðir í boði með íslenskum fararstjórum.

Gisting frá 4.980

Verð á mann pr. nótt (gíst er 3 nætur á 3* hóteli í Palermo og 4 nætur á 4* hóteli í Giardino Naxos). Ath. bókunargjald vegna gistingar er ekki innifalið, kr. 2.000 á mann.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri
sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Frumkvöðlastuðningur - Hefur þú hugmynd? -



impra nýsköpunarmiðstöð
Iðntæknistofnun
Borgum við Norðurslóð
600 Akureyri
Sími 460 7974
www.impra.is
arnheidurj@iti.is

Ert þú með **viðskiptahugmynd** sem leitt gæti til nýsköpunar í íslensku atvinnulífi?
Impra nýsköpunarmiðstöð vekur athygli á **Frumkvöðlastyrkjum**.

Styrkir eru veittir **frumkvöðlum á landsbyggðinni** til verkefna á sviði:

- Nýnæmisathugana
- Hönnunarverndar
- Einkaleyfisumsókna
- Hagkvæmnisathugana
- Viðskiptaáætlana
- Þróunar og prófana

Verkefnið er unnið í samstarfi við AVS, rannsóknasjóð í sjávarútvegi. Hvatt er til umsókna sem miða að auknu virði sjávarafurða.

Skilmálar og umsóknarfrestur:

Stuðningur við frumkvöðul getur numið allt að **400 þús. kr.** gegn jafnháu framlagi styrkþega. Umsóknarfrestur er til **4. október 2005**. Nánari upplýsingar má fá á **www.impra.is** eða í **síma 460 7974**.



Fólk hungRAR í frumstæða orku

Þær Margrét Sara Guðjónsdóttir og Erna Ómarsdóttir ferðast um allan heim með skrokkinn einan að vopni. Þær kunna vel við að starfa saman enda eiga þær það sameiginlegt að hafa skipað sér í hóp fremstu nútímadansara í Evrópu. Þóra Karítas Árnadóttir tók þær tali.

Í sumar komu Erna Ómarsdóttir og Margrét Sara Guðjónsdóttir fram á elstu og virtustu danshátíð Frakklands, Festival d'Avignon. Þar slóu þær í gegn, ef marka má gagnrýni sem birtist í frönsku blöðunum, með verkinu, *Mysteries of Love*, sem þær unnu í samstarfi við tónlistarmanninn Jóhann Jóhannsson og þungarokksgítarleikarann Valdimar Jóhannsson.

„Flestar sýningarnar sættu neikvæðri gagnrýni bæði af hálfu áhorfenda og fjölmiðla því ákveðin mótmæli voru í gangi gagnvart þeirri þróun sem hefur átt sér stað á danshátíðinni,“ segir Erna. „Verkið okkar var sýnt á næstsíðasta degi og við höldum að það yrði þú að á okkur eins og raunin varð með svo mörg atriði á hátíðinni. Það kom því skemmtilega á óvart að fá svona góð viðbrögð.“ Í franska blaðinu *Le Figaro* skrifaði gagnrýnandinn René Sirvin að Erna hefði á hátíðinni í ár aftur sýnt og sannað hversu mikil orka býr í henni, þessari eldheiti konu.

Í *Mysteries of Love* koma fram tvær stelpur í ljós- og dökkbleikum kjólum, ýmist til að slást eða faðmast. Trylltir rokkdansar og heljarstökk Margrétar Söru eru meðal þess sem ber á góma í verkinu. „Við vorum í raun að leika okkur með unglingsárin,“ segir Erna, „og hvernig áhrif hormónastarfsemin hefur á mann á þessum árum.“

„Ég held að gagnrýnendurnar hafi ekki gert sér grein fyrir því að verkið var ekki fullunnið þegar við sýndum það. Þetta er í raun bara byrjun á nýju verki sem við vonumst til að eiga eftir að ferðast með um óákveðinn tíma,“ segir Margrét Sara, en hún er búsett í Berlín og Erna í Brussel svo erfitt getur reynt að samræma tímann, einkum vegna þess hve þær stóllur hafa mörg járn í eldinum.

Með útlendinga í eftirdragi

„Ég bý í raun í ferðatösku en finnst mjög gott að vinna á Íslandi. Ég kem alltaf meira og meira hingað heim til að vinna,“ segir Erna, en hún er nú stödd á Íslandi til að vinna með belgískum starfsfélaganum, Damien Jalet. „Við vinnum á Íslandi þó við séum að búa til verk sem er styrkt af leikhúsi bæði í Frakklandi og Þýskalandi og áætlað er að við

flökkum með um Evrópu.“ Auk Damien og Ernu kemur myndlistarkonan Gabriela Friðriksdóttir að verkinu. Gabriela sér um leikmynd og búninga í verkinu, en samstarf Ernu og Gabrielu hefur meðal annars fætt af sér tilraunakennt myndband við lagið *Where is the line* eftir Björk Guðmundsdóttur.

Margrét Sara starfar með listahópnum Dorky Park. „Ég hef verið að vinna mikið með Constanza Macras sem er stofnandi Dorky Park. Að undanförunu höfum við verið að sýna verk sem kallast *Big in Bombay* og ég mun vera í næsta verki *Constanza* sem verður sólóansverk.“

Þegar Margrét Sara heldur aftur út til Berlínar bíður hennar nýtt og spennandi verkefni. „Við erum að halda áfram að vinna í verkinu *No, he is white*, sem við sýndum oklárað á opnun Reykjavík Dance Festival. Í því verki var markmiðið að vinna saman án leikstjóra en það er næstum aldrei gert í þessum geira. Við ákváðum að við vildum vinna eins og hljómsveit sem skapandi listamenn en ekki bara vera verkfæri í höndunum á öðrum,“ segir Margrét, en samhöfundar hennar í *No, he is white* eru dansarinn Sveinbjörg Þórhallsdóttir og þýsku leikkonurnar Anne Tismer og Rakel Savoldelli.

„Þetta gerist með okkur sem búum og lærum erlendis. Það fylgja okkur alltaf útlendingar þegar við komum heim,“ segir Erna, sem telur það bæði hollt og gott fyrir útlendingana og Íslendingana að vinna saman. „Dansinn hefur þann kost að vera á alþjóðlegu tungumáli en alþjóðlegt samstarf veitir innblástur og opnar fleiri möguleika.“

Jarðarför fyrstu tölvunnar

Margrét Sara og Erna eru á sama máli með að landslagið innan listaheimsins sé að breytast. Þær blása á hefðbundna verkaskiptingu, eru svolítið þöknáðar í allri framsetningu og veigra sér ekki við að gera það sem þær vilja. „Okkur finnst gaman að vinna með listamönnum úr mismunandi greinum,“ segir Margrét Sara, en hún vann verkið *Glóð* á Listahátíð 2004 með Birtu Guðjónsdóttur myndlistarkonu og Kiru Kiru raftónsmið. Í *Glóð* var Margrét Sara ein á sviðinu en vídeóverk Birtu



MYSTERIES OF LOVE Erna og Margrét Sara gerðu hormónaójafnvægi unglunga að umfjöllunarefni sínu á d'Avignon danshátíðinni í Frakklandi í sumar.

og tónlist Kiru Kiru áttu jafnmikinn þátt í að skapa áhrifaríka heild.

„Til að brjóta upp hefðina höfum við líka verið að gera tilraunir til að sýna dans/tónlistarverk eins og *Glóð* á tónleikum,“ segir Margrét Sara. Eitt af þeim verkum sem gengur upp að sýna bæði á tónleikum og í leikhúsum er tónlistardansverkið *IBM 1401*. Erna hefur sýnt það verk víða um veröld með tónlistarmanninum Jóhanni Jóhannssyni sem margir þekka úr hljómsveitunum *Ham* og *Apparat*. „Við Jóhann könnuðumst við hvort annað úr menntaskóla en þegar við kynntumst betur síðar uppgötvuðum við að þessar okkar höfðu unnið saman í *IBM*. Þá fórum við að tala um tölvur og í kjölfarið ákváðum við

að vinna saman að verki. Jóhann sendi mér stef og svo unnum við konseptið saman,“ en *IBM 1401* fjallar um fyrstu tölvuna á Íslandi. „Jarðarför þessarar tölvu varð okkur innblástur. Þessi fyrsta tölva Íslands var tekin úr sambandi við hátíðlega athöfn og allir kvöddu hana með tárin í augunum. Tölvunni hafði verið kennt að syngja og eitt stef í verkinu er upphaflega úr þessari frægu tölvu.“

Erna hefur einnig flakkað um borgir Evrópu með verkið *Marlene Dietrich FOR* en verkið vann hún í samvinnu við Íslenska dansflokkinn.

„Við erum búin að vera á ferðalagi í allt sumar og sýna á helstu danshátíðum í Evrópu. Þetta er afgerandi verk, þínulítið pólitískt en

hefur líka eitthvað dýrlegt eðli í sér svo fólk er yfirleitt snortið á mjög mismunandi hátt,“ segir Erna, en verkið vann hún í samstarfi við slövenska leikstjóran Emile Hrvatin.

Lifandi líkamar á sviði

Margrét Sara og Erna unnu í fyrsta sinn saman þegar þær sömdu verkið *Eva* í þriðja veldi, sem sýnt var í Tjarnarbíói árið 2002. Árið 2003 hlutu þær Grímuna fyrir dansverkið og Erna var valin besti dansarinn.

„Þegar ég útskrifaðist úr námi í Belgíu fyrir tíu árum var mér sagt að dansinn væri dauður. Ég var spurð af hverju ég væri að eyða orkunni í að sprikla fyrir ekki neitt en barðist á móti þessu viðhorfi og reyndi að vera trú sjálfri mér og halda mínum einkennum,“ segir Erna. „Þetta virðist koma í bylgjum og ég hef mjög sterkt á tilfinningunni að fólk sé opið fyrir dansinum núna.“

Margrét Sara tekur undir þá skoðun. „Dansinn virðist vera að fá meiri athygli alls staðar í heiminum. Í bæði Belgíu og Berlín er hann kominn á sama stall og leiklist og ég hef það á tilfinningunni að þar sé fólk spenntara fyrir tilraunakenndum dansi en hefðbundnu leikhúsi.“

Miðað við velgengi þeirri stallsystra, Ernu og Margrétar Söru, er hægt að fullyrða að nútímadansinn er langt frá því að deyna út. „Ég hef fundið rosalega fyrir því síðustu ár að fólk hungRAR í meira,“ segir Erna. „Fólk virðist vera að fatta að það er hægt að gera óteljandi hluti með líkamanum í sambandi við texta, tónlist og myndlist.“

„Ég held það sé eitthvað við það að hafa lifandi líkama á sviði, að horfa á eitthvað lífrænt en ekki bara dauða hluti,“ segir Margrét Sara og Erna skýtur inn: „Það er einhver frumstæð orka sem fylgir nútímadansinum sem heillar. Fólk virðist hafa saknað þess að sjá eitthvað sem kemur innan frá og gerist í núinu.“



Vill vinna hug og hjörtu Íslendinga

Söngvarinn og hjartaknúsarinn Michael Bolton heldur tónleika í Laugardalshöll næstkomandi miðvikudag. Freyr Bjarnason heyrði kappann rekja átján og hálfis árs eyðimerkurgöngu sína áður en hann sló í gegn.

Söngvarinn Michael Bolton heldur tónleika í Laugardalshöll næstkomandi miðvikudagskvöld. Bolton, sem hefur tvísvar unnið Grammy-verðlaunin sem besti söngvari ársins, hefur selt yfir 52 milljónir platna á ferli sínum og komið fjölmörgum lögum á vinsældalista um allan heim. Á meðal vinsælustu laga hans eru How Am I Supposed To Live Without You, When I'm Back on My Feet Again, How Can We Be Lovers og When a Man Loves a Woman. Bolton hefur á ferli sínum sungið með ekki ómerkari mönnum en Luciano Pavarotti, Plácido Domingo, Ray Charles og B.B. King og samið lög fyrir listamenn á borð við Cher, Kiss, Barbra Streisand og Kenny Rogers.

Bolton virkaði þreyttur í símanum þegar blaðamaður heyrði í honum enda hefur hann verið önnur kafinn við að ljúka nýrri plötu, *Til The End of Forever*, sem kom einmitt út sama dag og viðtalið fór fram. Einnig er hann í stuttri pásu frá tónleikaferð um heiminn til að fylgja eftir plötunni *Vintage*, þar sem hann syngur gamla slagara eftir aðra listamenn. Bolton reynir að eyða sex mánuðum á ári í tónleikaferðir og gera plötur á tveggja ára fresti. Hann segist elska það sem hann gerir og ætlar að gera það á meðan hann stendur ennþá uppi.

Hefur heyrt frábæra hluti um Ísland

„Ég hef heyrt að Íslendingar hafi gaman af að skemmta sér,“ er það fyrsta sem Bolton segir blaðamanni um Ísland. Rödd hans er hugljúf og seiðandi eins og hann sé

að hvísla í eyrað á mér. Kemur kannski ekki á óvart þar sem maðurinn er frægur fyrir ballöður sínar. „Ég hef heyrt frábæra hluti um Ísland og allir sem ég þekki sem hafa komið þangað hafa hvatt mig til að heimsækja landið,“ bætir hann við. „Ég á vin sem stundar viðskipti á Íslandi og hann sagði að ég yrði að koma. Ég hef heyrt um Bláa lónið og Geysi og síðan langar mig líka í golf því ég er mikill golfáhugamaður. En ég er samt ekki viss um að ég hafi tíma til þess. Mig langaði líka til að hitta vin minn Clint Eastwood sem var staddur þarna en því miður verður ekkert af því.“

Þú rekur góðgerðarsamtökin *The Michael Bolton Foundation*. Hvers vegna?

Mitt fyrsta vinsæla lag í Bandaríkjunum kom út árið 1987. Þá var mér boðið í alls konar fjárflyunarboð með fullt af stjörnum. Þarna sá ég hversu auðvelt er að nota frægðina til að afla fjár vegna góðs málefnis eða til að vekja athygli á ákveðnum málum. Þegar ég kom heim ákvað ég sjálfur að beita mér í góðgerðarmálum. Ég var fátækur listamaður á sínum tíma og veit hversu erfitt það er að vera fjölskyldufaðir án öruggra tekna. Þannig að ég fór að læra meira og meira inn á svona góðgerðarstarfsemi, talaði við stjórnálmamenn og eitt leiddi af öðru. Þessi barátta endar samt aldrei. Það eru hræðilegir hlutir að gerast í Bandaríkjunum. Við verðum að vernda Bandaríkjamenn frá hryðjuverkamönnum en við þurfum líka að vernda þá fyrir öðrum Bandaríkjamönnum.“

Átján og hálfis árs eyðimerkurganga

Hversu lengi varstu fátækur listamaður?

„Ég gaf út mína fyrstu plötu sextán ára og móðir mín fór með mér til að skrifa undir útgáfusamninginn hjá Epic því ég var ekki nógu gamall. Ég var búinn að syngja síðan ég var 12 til 13 ára en eftir eitt ár var þetta búíð hjá mér. Þá fékk ég tilkynningu frá fyrirtækinu um að ég væri frjálst til að semja við annað plötufyrirtæki og þá hófst átján og hálfis árs eyðimerkurganga hjá mér. Þetta var mjög erfíður tími fyrir mig og fjölskyldu mína og ég vildi ekki að börnin mín vissu hve erfíðleikarnir voru miklir. Þetta var orðið svo slæmt að það átti að bera okkur út úr íbúðinni okkar og því mun ég aldrei gleyma,“ segir Bolton með viðkæmri röddu þannig að maður getur ekki annað en fundið til með honum. „Síðan byrjaði ég að semja fyrir aðra tónlistarmenn árið 1982. Þá sá ég að ég gæti lifað á því að semja fyrir aðra en allan tímann hafði ég þann draum að ég gæti orðið frægur sjálfur. Ég byrjaði að fá pening á nýjan leik og þá lauk þessum sífella þrýstingi sem var á mér um að lifa af. Tónlistarbransinn er mjög harður en á þessu tímabili lærði ég að semja. Þetta var eins og æfing fyrir mig. Ég varð að læra hvernig ég átti að koma lagi í gegn, þar sem texti, melódía og rétta þemað myndi virka sem skyldi. Mér datt ekki í hug að ég ætti seinna eftir að horfa um öxl og vera þakklátur fyrir þennan tíma. Þetta gerði mig að því sem ég er í dag en ég sá marga



TIL THE END OF FOREVER Nýjasta plata Boltons hefur að geyma frumsamin lög í bland við tónleikaupptökur.

koma og fara á þessum tíma. Þegar ég horfi á dagskrána hjá mér er ég búinn með 45 til 50 tónleika á þessari tónleikaferð og á 40 eftir í Evrópu og Asíu á þessu ári, þannig að ég get ekki annað en verið þakklátur fyrir það hve ég hef mikið að gera.“

Þú átt nóg eftir af ferlinum er það ekki?

„Þeir sem skipuleggja tónleika fyrir mig hafa sagt að ég hafi það sterkan aðdáendahóp að ég geti haldið áfram eins lengi og ég vil. Ef ég yrði að halda áfram gæti ég það alveg þangað til ég dett niður dauður. En ég verð alltaf að passa vel upp á röddina og bera virðingu fyrir þeirri gjöf sem maður hefur. Ég hef sungið með Ray Charles, sem var ein besta stund lífs míns, og líka með Pavarotti. Annars er ég mjög spenntur fyrir að fara til Íslands. Tónleikarnir verða viku áður en tónleikaferðalagið byrjar aftur. Mig langar bara að fara þangað og syngja fyrir fólk. Mig langar að vinna hug og hjörtu fólks og vonandi verður mér boðið aftur til landsins í framhaldinu.“

Hitaði upp fyrir Ozzy Osbourne

Varstu ekki eitt sinn söngvari í rokkhljómsveit?

„Á árunum 1976-'78 gerði ég tvær plötur með hljómsveit sem heitir Blackjack. Gítarleikarinn í þeirri sveit varð síðar aðalgitarleikarinn í Kiss. Við hituðum meðal annars upp fyrir Ozzy og þetta var frekar þungt rokk.“

Af hverju fórstu út í það að syngja ballöður?

„Forseti Columbia-hljómplötu-fyrirtækisins heyrði demóplötu sem ég hafði gert með mínum eig-

in lögum og kallaði mig á sinn fund. Hann sagði: „Þessi lög sem þú ert að gefa öðrum listamönnum; mér finnst að þú eigir að taka þau upp sjálfur. Af hverju heldurðu ekki þessum lögum fyrir sjálfan þig?“ Þannig að ég ákvað að prófa þetta og vann meðal annars með tveimur meðlimum Journey að nýjum upptökum. Ég vakti athygli með lögnum *That's What Love is All About* og *Dock of the Bay*. Það var frábær tilfinning að vera loksins kominn á sporið sem sólólistamaður. Annars veit ég að ég á eftir að semja fyrir aðra tónlistarmenn í framtíðinni.“

Vill semja fyrir Whitney Houston

Eru einhverjir sérstakir sem þú vilt semja fyrir?

„Þetta er góð spurning. Mig langar að semja fyrir einhvern sem getur sett hjarta sitt og sál í lagið. Óþekktir listamenn hafa oft gert betri hluti með lögum mín en frægir listamenn. Rétt tilfinningin þarf að vera fyrir hendi og það er mjög góð tilfinning þegar listamennirnir skilja undir eins um hvað lagið snýst. Ég myndi alveg vilja semja fyrir Whitney Houston. Það væri frábært ef hún myndi vilja syngja eftir mig og gefa líka út nýja plötu.“

Viltu segja eitthvað að lokum við íslenska aðdáendur þína?

„Þetta verður í fyrsta skiptið sem ég kem til Íslands. Ég er mjög spenntur og allir vinir mínir segja að ég verði að fara og upplifa land og þjóð. Ég er mjög þakklátur fyrir þetta tækifæri og hlakka til. Vonandi fæ ég það góðar viðtökur að þetta verði aðeins fyrstu tónleikarnir mínir af mörgum á Íslandi.“



MICHAEL BOLTON Hjartaknúsarinn Michael Bolton heldur tónleika hér á landi næstkomandi miðvikudag.

Ráðstefna:

Foreldrar og fæðingarorlofið

Lýðræðis- og jafnréttisnefnd Hafnarfjarðar í samstarfi við Kvenréttindafélag Íslands heldur ráðstefnu um fæðingar- og foreldraorlof föstudaginn 23. september 2005 kl. 13:00-16:30 í Hásölum við Strandgötu (Safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju).

Ráðstefnustjóri er Kristján Kristjánsson fréttamaður.

Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur er ókeypis en vinsamlegast tilkynnið þátttöku á netfangið annaj@hafnarfjordur.is eða í síma 585 5503 fyrir hádegi fimmtudagsins 22. september nk.

DAGSKRÁ:

- 13:00-13:10 Setning. Lúðvík Geirsson bæjarstjóri.
- 13:10-13:35 Bláeygð kona í brjóstapöku kemst í kast við lögin - lífsreynslusaga af 29. grein laga nr. 95/2000. Lóa Aldisardóttir fréttakona á Tilstöðinni.
- 13:35-14:00 Er ekki allt í góðu lagi? Halldór Grönvold aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ.
- 14:00-14:25 Edda Jónsdóttir frá Kvenréttindafélagi Íslands.
- 14:25-14:50 Kaffihlé.
- 14:50-15:15 Fyrirvinnuhlutverkið og feðraorlof. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við kennaradeild Háskólans á Akureyri.
- 15:15-15:40 Strákarnir okkar. Hrannar Pétursson upplýsingafultrúi Alcan á Íslandi hf.
- 15:40-16:05 Fjölskylda og atvinnulíf. Hvenær er viðhorfsbreytingarinnar að vænta? Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir lögfræðingur.
- 16:05-16:30 Umræður og samantekt. Kristján Kristjánsson, ráðstefnustjóri, dregur saman niðurstöður fundarins að loknum umræðum og fyrirsprungnum úr sal.
- 16:30 Léttar veitingar.

Opið í dag

BT Skeifan, BT Kringlunni, BT Egilsstöðum, BT Selfossi kl. 13 til 17

BT Smáralind kl. 12 til 18

MEDION® 42" PLASMASJÓNVARP

- Mynd í Mynd (PIP)
- Tveir sjónvarpsmóttakarar
- 10.000:1 skerpa
- birta 1000cd/m2
- Textavarp með 2100 síðna minni
- HDTV stuðningur, 720p, 1080i
- HDCP stuðningur
- Innbyggðir víðóma hátalarar
- Vönduð ál yfirbygging
- Stýður PAL/NTSC/SECAM
- DVI-I tengi sem stýður VGA og DVI búnað
- 2 EURO SCART tengi
- Composite video tengi (RCA)
- S-Video tengi (MINI DIN)
- Þyngd án stands: 38kg
- Þyngd með standi: 42kg

WIDE
SCREEN

HDTV
READY

Skerpa
10.000:1

Líftími 30.000 klst áður en dregur úr gæðum myndar. Miðað við 4 klst áhorf á dag þá er endingin 21 ár

Meiri myndgæði

Mikil birta og skerpa ásamt HDTV stuðningi gerir tækio tilbúið fyrir framtíðina.



Miklir tengimöguleikar

2 SCART tengi, S-Video tengi og DVI tölvutengi sem gerir þér kleift að tengja sjónvarpið við tölvu og nota sem RISASTÓRAN tölvuskjá ásamt fullt af öðrum tengimöguleikum.



Vönduð hönnun

Þunnur áframmi og slífráð útlit ásamt því að standa á glerfæti gerir þetta að einkar veglegu tæki.

Mynd í mynd

Ekki missa af neinu, þú getur horft á tveir sjónvarpsstöðvar í einu. Þú ræður hvort seinni sjónvarpsstöðin er hornmynd eða skjánum skipt í tvennt.



Skerpa

10.000 á móti 1 í skerpu gefur þér skarpri mynd en þú átt að venjast! Önnur plasmajónvarp eru með 3.000 á móti 1. Medion aðeins það besta!



42"
Plasmajónvarp

Fimm
hátalarar

Bassa
BOX

Plasma-
sjónvarp



Heimabíó



Klikkað
tilboð

SONY DAV SB100

HEIMABÍÓKERFI

Fjölkerfa DVD spilar
sem spilar DVD diska frá öllum svæðum. Spilar einnig SVCD/DVD-R/DVD-RW/JPEG og MP-3

Hátalarakerfi
5x50W RMS magnari ásamt 5 hátölurum og 80 W RMS bassahátalara

Útvarp
Hlustaðu á útvarpið í brjáludum gæðum



Dolby Digital/DTS Þannig getur þú notið hjómgæða kvikmynda sem eru teknar upp í Dolby Digital og DTS til fullnustu!

FYLGIR

29.999

14.999**

Á MÁNUÐI Í 16 MÁNUÐI VAXTALAUST

239.984

STADGREITT

10 ódýrar
DVD myndir
fylgja

DVD
botnverð

DVD
botnverð

899

Hver mynd

DVD
botnverð

Meiri myndgæði

Mikil birta og skerpa ásamt HDTV stuðningi gerir tækio tilbúið fyrir framtíðina.



Miklir tengimöguleikar

2 SCART tengi, S-Video tengi og DVI tölvutengi sem gerir þér kleift að tengja sjónvarpið við tölvu og nota sem RISASTÓRAN tölvuskjá ásamt fullt af öðrum tengimöguleikum.



Mynd í mynd

Virkar þannig að þú getur fylgst með tveimur rásum í einu - þannig missir þú ekki af neinu!



JDV

JDV 32" LCD flatsjónvarp

- Upplausn 1366 X 768
- Mynd í Mynd (PIP)
- Contrast 800:1
- Birta 550cd/m2
- HD samhæft - stýður 1080i/720p/576p/480p
- Textavarp - 120 síðna minni
- Magnari og hátalarar 2x 7W RMS SRS
- Tengir: 2 Scart / RGB / S-VHS / Component
- DVI / PC-inngangur / Tengi fyrir heyrnatól
- Fjarstýring

HDTV
READY

DVD spilar
í kaupbæti!

Denver DVD/Divx spilar
að verðmæti kr. 7.999 fylgir

FYLGIR

7.999

10.999

Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

131.988

STADGREITT

143.988

12.000kr.
lækkun

10 ódýrar
DVD myndir
fylgja

BT



allt

markvissar auglýsingar

...um heilsu

á þriðjudögum í Fréttablaðinu.

Hafið samband við auglýsingadeild „Allts“

Síminn er 550-5000

ISENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SÍJÁLUS · VEI 20233 · 04/2005

Er Elijah Wood samkynhneigður?

Leikarinn Elijah Wood segist skemmta sér konunglega yfir þrókkurum á netinu sem halda því fram að hann sé samkynhneigður. Hann segist ekki ætla sér að gera neitt í málunum og er steinhissa á hve mikið ímyndunarafl þeir hafa. Í viðtali hjá Conan O'Brien sagði Elijah: „Það er ein sýna til sem heitir elijahwood-isveryverygay og það er upphaldssíðan mín, hún er ótrúlega myndin. Þetta er grínvefsíða þar sem því er haldið fram að ég sé samkynhneigður með því að sýna fjölmargar myndir, meðal annars þar sem ég á að halda í hönd annars karlmanns.“

Elijah sagði enn fremur að sumir aðdáendur Lord Of The Rings væru að vona að sumar persónur myndarinnar væru samkynhneigðar. „Þeir vilja búa til atriði sem þeir sáu ekki í myndinni af persónunum í kynlífsatriðum,“ sagði hann. „Einu sinni var ég á kvikmyndahátíð og aðdáandi kom upp að mér með

gjöf. Ég opnaði pakkann fyrir framman alla sem í kringum mig voru og þá var þetta mynd af einni af þessum vefsíðum af mér og Dominic Monaghan að njóta ásta.“

Hann bætti við: „Ef fólk vissi ekki betur, þá liti þetta mjög trúverðulega út.“



VERÐLAUNAKROSSGÁTAN NR. 23

	1	2	3	4		5	4	6	7	8	4	9	2	
10		11		12		10		13		14		8		12
15	16	17	8	11		1	2	18	9	19	20	5	4	21
22		23		4	14	19		3		9		21		24
19	11	8	3			12	20	19	6		25	4	3	3
6		5		26	6	6	4		19		5			
19	5	1	2	5			21		18	5	8	4	6	6
9		4		12	11	24	21	22	9	19		3		16
19	1	12	19	9	19		9		7	8	3	10	11	
			17		5		8	1	3	7		5		12
25	26	1	19		18	10	12	9			12	4	6	6
4		9		12		21		19	11	19		6		2
6	5	27	24	21	23	13	14	2		18	5	19	3	3
6		16		5		3		8		19		12		7
	12	6	5	24	21	19	9	9		5	4	6	19	

A
B
C
D
E
F
G
H
I
J
K
L
M
N
O
P
R
S
T
U
V
X
Y
Æ
Ö

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefur þú örugglega fengið Fréttablaðið í morgun, og þarft sennilega ekkert að hringja í síma 550 5000 til að láta vita að þú hafir ekki fengið neitt blað í morgun.

En ef þú þekkir einhvern sem hefur ekki fengið Fréttablaðið, biddu hann endilega um að láta okkur vita, því annars er þessi auglýsing alveg gjörsamlega tilgangslaus.

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI:

550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

SMS-GÁTAN: Hvað veist þú um JOHN TRAVOLTA?

Merktu við rétt svör. Stafrnir fyrir framan hvert rétt svar mynda lausnarorð sem þú sendir í þjónustunúmerið 1900.
Dæmi: Lausnarorðið er pálfinn. Þú sendir skeytið JA MYND PAFINN í þjónustunúmerið 1900.

Leystu gátuna! Þú gætir unnið hina bráðskemmtilegu grínmynd Be Cool með stóruleikurunum John Travolta og Uma Thurman í aðalhlutverkum.

Hvað heitir persóna John Travolta í myndinni Be Cool?
j) Elvis Presley k) Chli Palmer l) Luca Luca

Hvað hét mótleikkona Travolta í myndinni Grease?
c) Uma Thurman e) Olivia Newton John i) Joan Allen

Hvað heitir mótleikkona hans í myndinni Be Cool?
l) Uma Thurman b) Olivia Newton John m) Joan Allen

Be Cool er framhald af annarri mynd. Hvað hét sú mynd?
e) Face Off i) Saturday Night Fever l) Get Shorty

Hvað heitir höfundur myndanna?
y) Jennifer Lopez t) Eva Mendes c) Salma Hayek

Vinningshafur í SMS-leik síðustu viku var
Hólmfríður Sigurðardóttir

SMS skeytið kostar 99 krónur.

Í sunnudagskrossgátu Fréttablaðsins eru gefnir 4 bókstafir sem á að færa inn í númeraða reiti. Í dag er A til dæmis í reit merktum 19 og fer þá A í alla aðra reiti með því númeri. M er í reit númer 11 og fer í alla aðra reiti gátunnar númer 11 o.s.frv. Til þess að leysa gátuna þarf að finna út hvaða bókstafir eiga að standa í auðu reitunum (bókstafirnir c, z, q og w eru ekki notaðir). Þegar því verkefni er lokið er hægt að finna lausnarorð gátunnar, sem er í þetta sinn karlmannsnafn *

Lausnarorð
21 27 19 5 6 19 3

Lausnarorðið er hægt að senda inn með SMS-skeyti í númerið 1900. Dæmi um það hvernig SMS gæti litið út ef lausnarorðið væri Jón: þá sendir þú SMS sem segir: JA LAUSN JON í númerið 1900.

*Ráðning gátunnar birtist í blaðinu eftir tvær vikur.
Dregið verður næstkomandi fimmtudag kl. 12.
SMS-skeytið kostar 99 krónur.

Þú gætir unnið biómiða fyrir tvo á grínmyndina Bewitched sem verður frumsýnd þann 23. September.

Vinningshafar krossgátunnar síðustu viku voru Geirdis Hanna Kristjánsdóttir, Helgi Viðarsson og Ólafur Egill Ólafsson.

Lausn nr. 21

K	I	S	O	G	V	E	G	A	K	O	R	T	
K	Y	E	A	Ú	A	A	A	S					
Ö	K	K	L	I	G	L	A	M	P	A	N	D	I
R	U	L	E	N	N	P	G	G					
F	O	R	M	Ö	S	Ö	N	E	T	J	A		
U	B	S	Ö	L	Ö	O	R						
K	O	R	E	A	L	R	O	T	P	R	O		
Á	Á	M	A	L	B	A	N	D	A	Á			
L	Æ	D	A	S	T	L	D	Ö	G	U	N		
	T	T	O	R	O	I	M	Æ					
B	I	F	A	A	M	M	A	P	Æ	N	G		
L	Á	S	U	M	Á	S	L	Ð					
E	I	G	N	A	R	N	Á	M	T	I	S	K	U
K	U	F	Ú	U	A	K	R						
H	N	E	I	G	Ð	U	R	G	R	A	F		



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK	6.59	13.22
AKUREYRI	6.42	13.06
	19.43	19.29

Heimild: Almanak Háskólans

allt - atvinna

FRÉTTABLAÐIÐ

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR?

MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

Góðan dag!

Í dag er sunnudagurinn 18.09, 261. dagur ársins 2005.

STÖRF Í BOÐI

- Lögfræðingar
- Afgreiðslustörf
- Hönnuðir
- Verkefnastjóri
- Upplýsingafulltrúi
- Hjúkrunarfræðingar
- Arkitektar
- Sérfræðingur
- Innheimtufulltrúi
- Litari
- Vaktstjórar
- Leikskólakennarar
- Vagnstjórar
- Félagsráðgjafi
- Naturvinna
- Sjúkraliði
- Kennarar
- Rafvirkjar
- Útímennt
- Forstöðumaður
- Hönnunarstjóri
- Lagaerstarf
- Kokkur
- Blikksmiður

PÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is



Bára segir starfið skemmtilegt og að margar sniðugar uppákomur verði á bókasafninu.

Gestirnir hreiðra um sig í sófunum

Á Borgarbókasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu má alveg tala aðeins saman og Bárá Halldórsdóttir bóka-vörður segir að bóka-verðirnir sussi ekki mikið á fólk.

„Starf bóka-verðar felst fyrst og fremst í afgreiðslu bóka. Við lánum út bækur og tökum á móti þeim. Svo þurfum við að framlengja lánstíma bóka fyrir viðskiptavini, sumir hringja en aðrir koma,“ segir Bárá. „Við þurfum líka að ganga frá nýjum bókum. Merkja þær og plasta og koma þeim fyrir. Svo þurfum við að dreifa bókum á milli safna. Það er margt smálegt sem starfið felur í sér.“

Bára segir að aðstaðan á Borgarbókasafninu sé mjög góð. „Við erum með góða lesaðstöðu hérna fyrir skólafólk og svo eru sófar þar sem fólk getur setið og lesið.“

Margir láta fara mjög vel um sig, fara úr skónum og hreiðra um sig í sófunum. Oft koma börn í stórum hópum og sitja tímum saman við lestur.“

Bára segir að bóka-verðir þurfi ekki lengur að ganga á milli og sussa á fólk. „Það er kannski helst að við sussum aðeins á krakkana þegar þeir taka á rás og renna sér og hlaupa. Þetta hefur náttúrulega breyst. Það má alveg heyrast aðeins í fólk. Það er samt stundum svolítið gaman að sjá ungar mömmur koma inn með börnin sín og segja þeim að það megi ekki heyrast neitt í þeim á bókasafninu.“


Nú þegar sumarið er liðið verður aðeins rólegri á bókasafninu um tíma. En jólatíminn er á næsta leiti. Bárá segir að það sé skemmtilegasti tíminn á safninu. „Fyrir jólin hrúgast inn nýjar bækur og það er mjög gaman að sjá hvað er í boði.“

emilia@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU

[ATVINNA]

Kröfugerð stéttarfélagssins Eflingar verður lögð fyrir Reykjavíkurborg innan skamms, eftir því sem fram kemur á heimasíðu félagsins. Samninganefnd er nú að leggja línurnar fyrir hana en Reykjavíkurborg óskaði eftir því að flýta um tvo mánuði að nýr kjarasamningur yrði tekinn í gildi. Höfuðáhersla verður lögð á launin auk þess sem ýmis réttindamál verða skoðuð.



Fátækt jókst í Bandaríkjunum í fjóra fjórða árið í röð. Þetta gerist þrátt fyrir að stjórnmál hafi reynt að fjölga störfum á árinu. Hlutfall Bandaríkjamanna sem lifa undir fátæktarmörkum fór úr 12,5 prósentum í 12,7. Fátækt barna jókst þó ekki en stóð í stað milli ára.

Fatapeningar hafa enn ekki verið greiddir út til félaga í SFR. Riflega hált ár er síðan félagið samdi við fjármálaráðherra um að stuðningsfulltrúar á svæðis-skrifstofum um málefni fatlaðra fengju 1.458 krónur á mánuði í fatapeninga. Starfsmennirnir hafa ekkert séð enn af þessum peningum.

Starfsmenn í ólöglegri flugeldaverksmiðju í Indlandi urðu fyrir miklu áfalli þegar að minnsta kosti þrjátíu létust í eldsvoða. Eldur varð laus í verksmiðjunni með þeim afleiðingum að hún fuðaði upp ásamt flugeldunum. Litlar verksmiðjur í Indlandi eru mikið vandamál því þær uppfylla sjaldnast þær öryggiskröfur sem gerðar eru til framleiðslu.

atvinna@frettabladid.is



Starfsfólk vantar á sambýlið að Lækjarási 8:

Starfsfólk vantar á sambýli okkar að Lækjarási 8. Um er að ræða vaktavinnu, fullar stöður eða hlutastarf, allt eftir samkomulagi.

Starfið er fjölbreytt og í senn krefjandi og gefandi. Þeir sem hafa gaman af því að taka ábyrgð og vinna í mannlegu umhverfi með frábæru fólk, ættu ekki að láta tækifærið fram hjá sér fara. Á sambýlinu að Lækjarási mætast ýmsir menningarheimar sem gerir starfið litríkara en ella.

Táknmálskunnátta er kostur en ekki skilyrði. Boðið er upp á táknmálsnámskeið.

Upplýsingar um störfín gefur Kristjana Mjöll Sigurðardóttir forstöðumaður í síma 567-6135, kristjana@ssr.is

- Lágmarksaldur umsækjenda er 20 ár.
- Umsóknarfrestur er til 3. október 2005.
- Laun eru samkvæmt kjarasamningum ríkisins og SFR

Unnt er að sækja um störfín á vefsíðu Svæðisskrifstofu, <http://www.ssr.is> og á eyðublaðum sem liggja frammi á skrifstofunni, Síðumúla 39, 108 Reykjavík.

Á SSR er unnið í samræmi við jafnréttisáætlun



Leikskólana í Árborg vantar fleiri deildarstjóra/leikskólakennara.

Erum að taka í notkun útistofur við leikskólana Álfheima og Árbæ. Við leitum eftir leikskólakennurum sem geta unnið sjálfstætt og eru jafnframt með mikla færni í mannlegum samskiptum. Skoðið heimasíðu Árborgar og farið inn á leikskólana – skoðið leikskólustefnu sveitarfélagsins og hjálpið okkur að vinna áfram eftir henni!!

Í leikskólunum er unnið metnaðarfullt leikskólastarf þar sem börnin eru í fyrirrúmi. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist skriflega til leikskólafulltrúa Austurvegi 2, 800 Selfoss, fyrir 10. október 2005.

Nánari upplýsingar varðandi stærð og starfsgrundvöll leikskólana eru hjá leikskólastjóra Álfheima sími 482-2877 netfang alfheim@ismennt.is leikskólastjóra Árbæjar sími 482-22337 netfang arbae@ismennt.is og Heiðdís Gunnarsdóttur, leikskólafulltrúa sími 480-1900 netfang heiddis@arborg.is

Leikskólafulltrúi Árborgar

Framleiðsla



VÍFILFELL

521741

- Vífílfell óskar eftir að ráða starfsmann í framleiðsludeild. Í starfinu felst að stjórna framleiðsluvélum og önnur hefðbundin störf sem tilheyra framleiðslulínunni.
- Um tvö störf er að ræða dagvinnu og vaktavinnu. Viðkomandi þurfa að vera röskir, útsjónarsamir og geta byrjað strax.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is





Nú ættu erlendir starfsmenn að eiga auðveldara með að fá atvinnuleyfi hér á landi.

Komið til móts við atvinnulífið

Breytingar verða á atvinnuleyfum fyrir ríkisborgara átta nýrra landa EES.

Útlendingastofnun og Vinnumálastofnun ásamt dómsmála- og félagsmálaráðuneytinum hafa ákveðið að auðvelda afgreiðslu umsókna um atvinnuleyfi. Þetta kemur fram á heimasíðu Vinnumálastofnunar.

Um er að ræða umsóknir frá ríkisborgurum átta nýrra landa evrópska efnahagssvæðisins en það eru Pólland, Tékkland, Ungverjaland, Slóvenía, Slóvakía, Eistland, Lettland og Litháen. Breyt-

ingarnar á verklaginu felast í því að dregið er úr kröfum um skjöl svo þessir einstaklingar þurfa til dæmis ekki framar að framvísa heilbrigðisvottorði og sakavottorði áður en atvinnuleyfi er veitt. Kröfurnar verða þó ekki slakari en þær sem gerðar eru til veitingaatvinnuleyfa til annarra ríkisborgara í EES.

Afgreiðslan mun nú taka styttri tíma en áður og forgangur þessarra ríkisborgara að íslenskum vinnumarkaði áreittaður. Með þessum aðgerðum er verið að koma til móts við óskir atvinnulífsins um leyfi til að ráða erlent vinnuafli. ■

Færri atvinnulausir

Tæplega tveggja prósent atvinnuleysi í ágúst.

Ekki hafa færri verið atvinnulausir síðan í desember 2001. Að meðaltali voru 2.851 á atvinnuleysisskrá í ágúst og jafngildir það 1,8 prósent atvinnuleysi. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun er jafnvel gert ráð fyrir því að í september geti atvinnuleysið farið niður í 1,6 prósent. Það hefur ekki gerst á þessum árstíma síðan á árunum 1999 til 2001.

Atvinnuástand virðist vera að batna alls staðar á landinu að undanskildum Vestfjörðum. Aldraðir sækja nú út á vinnumarkaðinn í auknum mæli en samt sem áður minnkar atvinnu-



Atvinnuleysið gæti minnkað enn meira.

leysi hægar meðal eldri borgara en annarra aldurshópa. ■

Mennskir dráttarklárar bannaðir

Í Vestur-Bengal verða svokallaðir rickshaw-vagnar teknir af götum.

Stjórnvöld í Vestur-Bengal í Indlandi hafa gefið út tilskipun um að innan fjögurra mánaða skuli ríkið vera laust við alla dráttarvagna sem dregnir eru af mönnum. Þessi ákvörðun var tekin í síðasta mánuði og byggir á því að ómannúðlegt sé að nota menn sem dráttarjálka og því eigi að taka vagnana úr umferð.

Hinir svokölluðu rickshaw-vagnar hafa verið á götum Kalkúttu síðan á þriðja áratug síðustu aldar. Talið er að 24 þúsund manns vinni við að draga vagna í borginni. Margur ferðamaðurinn hefur fengið sér skemmtiferð með vögnunum en kannski er ekki



Þessi maður þarf að finna sér nýja vinnu.

skrítið að yfirvöld í Kalkúttu finnist nóg um að ímynd borgarinnar byggist á berfættu fólki sem dregur fulla vagna daginn út og inn. ■

Uppsagnir hjá Volkswagen

Þúsundir starfsmanna fá reisupassann.

Þýski bílarísinn Volkswagen hefur ákveðið að skera niður í rekstri sínum og segja upp þúsundum starfsmanna. Þessi ákvörðun er tekin þótt söluaukning hafi verið á bílunum undanfarna mánuði.

Engin nákvæm tala hefur verið gefin upp um fjölda uppsagna en fjárfestar hafa tekið vel í

þessar yfirlýsingar og hækkaði gengi hlutabréfa í Volkswagen umtalsvert eftir að yfirlýsingin var gefin út. Uppsagnirnar ná til allra starfsmanna félagsins, allt frá vinnufólki „á gólfinu“ til yfirstjórnar fyrirtækisins. ■

Bjallan kom Volkswagen á kortið.



Margrét er gestur í London School of Economics.

Þegar listin og hagnaðarsjónarmið koma saman

Margrét Sigrún Sigurðardóttir hefur rannsakað skapandi atvinnugreinar undanfarin ár. Hún vinnur nú að skipulagningu á ráðstefnu um málið sem hún vonar að skapi umræðugrundvöll milli stéttanna, stjórnvalda og rannsakenda.

Margrét er nú í London þar sem hún er gestur í London School of Economics við rannsóknir á tónlistariðnaðinum þar í landi. Hún hefur skoðað skapandi atvinnugreinar í mörgum löndum, bæði við Háskóla Íslands og viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn þar sem hún er nú í doktorsnámi.

En hvað eru skapandi atvinnugreinar spyr sá sem ekki veit? „Skapandi atvinnugreinar eru þær greinar sem byggja á menningu, list og afþreyingu. Þetta er allt sem tengist til dæmis tónlist, kvikmyndum, hönnun, bókmenntum, leikhúsi og svo framvegis,“ segir Margrét. Hún segir að þetta séu skemmtilegar atvinnugreinar að skoða vegna þess að þegar listin er sett saman við hagnaðarsjónarmið komi blanda sem vekir áhuga. „Þegar maður setur þetta saman koma fram ýmsir áreksstrar sem er áhugavert að skoða. Núna er líka áherslan í rannsóknunum að færa frá því að skapandi atvinnugreinar séu þiggjendur og yfir í að vera greinar sem leggja eitthvað af mörkum,“ segir hún. Orðnotkunin er líka að breytast í samræmi við það. Ekki er lengur talað um menningargagfræði sem grein sem ríkið styrkir heldur menningarínað.

„Þegar maður horfir í kringum sig sér maður að það eru miklir vaxtarmöguleikar. Við sjáum að eftir því sem velmegunin verður meiri því meiri áhersla verður á afþreyingu. Hlutverk skapandi atvinnugreina verður því meira og vægi þeirra sömuleiðis. Það



Skapandi atvinnugreinar eiga að leggja eitthvað af mörkum en ekki bara vera þiggjendur.

hlýtur að skipta máli fyrir Ísland að hlúa að öllum þessum atvinnugreinum og gefa þeim kost á að vaxa,“ segir Margrét.

Margrét er að skipuleggja ráðstefnu sem haldin verður í Háskóla Íslands 1. október næstkomandi. Ráðstefnan er haldin í samstarfi við Listaháskóla Íslands, Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn (CBS) og Iðntæknistofnun en erlendir fyrirlesarar koma bæði frá CBS og London School of Economics. Sjálf bindur Margrét vonir við að ráðstefnan verði mikilvægt innlegg inn í framtíð skapandi atvinnugreina. „Ég vonast til að hún skapi samtal milli þeirra sem starfa í stéttinni, þeirra sem stunda rannsóknir og þeirra sem marka opinbera stefnu. Aðalspurningin sem þarf að svara er hvort stefna stjórnvalda dugi óbreytt eða hvort þurfi að aðlaga hana að þessum skapandi atvinnugreinum. Við vitum

það ekki nema við opnum umræðuna. Ég vona að það takist með ráðstefnunni svo hún geti haft einhver áhrif.“

Ráðstefnan hefst með fyrirlesturum klukkan tíu laugardagsmorguninn 1. október og er ókeypis fyrir alla. Hún stendur fram í eftirmiðdaginn og lýkur með pallborðsumræðum þar sem tveir erlendir prófessorar ásamt Hallgrími Jónassyni hjá Iðntæknistofnun, Ágústi Einarssyni, prófessor við H.Í. og Hjálmar H. Ragnarssyni, rektor Listaháskóla Íslands, ræða málin. „Við vonumst til þess að sem flestir fulltrúar frá atvinnugreinunum sjálfum sjái sér fært að koma. Sérstaklega væri gaman að fá marga í salinn á pallborðsumræðurnar svo fólk geti fengið svör við spurningum sínum og jafnvel svarað spurningum sem vakna við pallborðið,“ segir Margrét.

Starf í reikningshaldi

Hafnarfjarðarbær auglýsir laust til umsóknar framtíðarstarf í reikningshaldi bæjarins en deildin veitir starfsmönnum og viðskiptavinum bæjarfélagsins margvíslega þjónustu.

Umfangsmiklar breytingar hafa verið gerðar á rekstri Hafnarfjarðarbæjar sem miða að því að styrkja innvið bæjarfélagsins til að takast á við sífellt flóknari verkefni. Framundan eru breytingar á upplýsingakerfum sveitarfélagsins sem kalla á aukna þekkingu og færni starfsmanna deildarinnar.

Starfssvið

- Vinna við skráningu í fjárhagsbókshaldi
- Vinna við afstemmingar og fjárhagslegt eftirlit
- Samskipti og samstarf við aðra starfsmenn

Hæfniskröfur

- Áhersla er lögð á reynslu af vinnu við og frágang bókshalds.
- Tölvuþekking er nauðsynleg og kunnátta í Excel.
- Mikil áhersla er lögð á þjónustulund, frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfileiki til að vinna með öðrum og taka þátt í teymisvinnu.

Um kaup og kjör vegna ofangreinds starfs fer samkvæmt kjarasamningum launanevndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið. Möguleiki er á hlutastarfi.

Hafdís Karlsdóttir, forstöðumaður reikningshalds (netfang hafdisk@hafnarfjordur.is) veitir nánari upplýsingar.

Umsóknir skulu berast til Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 28. september 2005.



VELKOMIN TIL HAFNARFJÖRDUR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

danól

Starfsmaður í vöruhús

Danól óskar eftir starfsmanni í almenn lagerstörf í mjög fullkomnu vöruhúsi þar sem mikið er lagt í aðbúnað starfsmanna.

Unnið er á vöktum þar sem unnið er til skiptis frá mánudegi-föstudags kl. 07:00-15:00 og hina vikuna frá mánudegi-fimmtudags kl. 12:00-22:00.

Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Nánari upplýsingar gefur Pétur Kr. Þórgímsson í síma 580-6600 eða petur@danol.is sem jafnframt tekur við umsóknum.

Umsóknarfrestur er til 22. september.



Danól er framsækið fyrirtæki, leiðandi í innflutningi, markaðssetningu og dreifingu á mat- og sérvöru fyrir verslanir, bakarí og veitingahús.

Danól er til húsa við Skútuvog 3, þar sem 4500 palla vörlager okkar er staðsettur.

Sölufulltrúi í verslun

Og Vodafone er ungt fyrirtæki sem veitir einstaklingum, heimilum og fyrirtækjum alhliða fjarskiptabjónustu. Hjá félaginu starfa í dag um 350 starfsmenn.

Og Vodafone hefur náð góðum árangri á stuttum tíma með sterkum og samhentum hópi fólks. Ef þú vilt takast á við spennandi og krefjandi verkefni hjá vaxandi fyrirtæki, þá bjóðum við þig velkomna/velkominn í hópinn. Í boði eru samkeppnishæf laun og gott starfsumhverfi fyrir fólk sem sýnir ábyrgð, metnað og frumkvæði í starfi.

Starfslýsing:

Og Vodafone óskar eftir að ráða sölufulltrúa í verslun. Viðkomandi er ætlað að taka á móti viðskiptavinum og leiðbeina þeim um val á vörum og þjónustu fyrirtækisins, en einnig annast uppgjör í lok dags og ýmis tilfallandi verkefni í samráði við verslunar- og/eða sölustjóra.

Hæfniskröfur:

Starf í verslun krefst mikillar þjónustulundar, að starfsmenn séu úrræðagóðir og eigi auðvelt með að umgangast fólk. Almenn kunnátta á tölvur þarf að vera til staðar og starfsmenn þurfa að eiga auðvelt með að læra á ýmis tölvukerfi. Viðkomandi þarf að vera tilbúinn að vinna til kl. 18 eða 19 á virkum dögum og aðra hvora helgi. Aðeins umsækjendur sem eru 23 ára eða eldri koma til greina.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 24. september 2005 umsóknarnúmer 4845. Nánari upplýsingar um starfið veitir Baldur G. Jónsson í síma 520-4700, baldur@hagvangur.is

Og Vodafone
Sími 599 9000
www.ogvodafone.is



Heyrumst!

Sérfræðingur í Microsoft lausnum

Starfssvið:

- Ábyrgð og umsjón með að kynna sýn Microsoft á sviði innri kerfa (Server & Tools) fyrir 500 stærstu fyrirtækjum á Íslandi
- Vinna með söluáðilum og hugbúnaðarhúsum í að auka veg lausna sem byggja á Microsoft tækni
- Ábyrgð og umsjón á fyrirlestrum og kynningum fyrir ýmsa markhópa, auk annarar markaðssetningar á Microsoft lausnum fyrir innri kerfi
- Samvinna með viðskiptastjórum og markaðsstjóra við að greina og meta markaðinn og vinna herferðir og kynningar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun skilyrði, menntun á sviði viðskipta- eða tölvunarfræði æskileg
- Framhaldsmenntun mikill kostur (M.Sc./MBA)
- Reynsla af verkefnum í upplýsingatæknimálum nauðsynleg
- Reynsla af tæknilegri sölu á sviði upplýsingatæknimála til viðskiptavina mjög æskileg
- Mikill sannfæringakraftur og brennandi áhugi
- Góð kunnátta í íslensku og ensku sem og góð almenn tölvukunnátta
- Framsýni og hæfni til þess að vinna skipulega og sjálfstætt, sem og mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Framsýni og metnaður í starfi, gæða- og árangursdrifni

IMG
MANNAFL
LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður Dagsdóttir (ragnheidur@img.is) og Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 21. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

Borgartúni 27
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafli@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafli.is



Lögfræðingar – Lögmennt

LOGOS er stærsta og elsta lögmannsstofa landsins. Stofan sérhæfir sig í lögfræðilegri ráðgjöf fyrir fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstri. LOGOS sinnir lögfræðistörfum fyrir mörg af framsæknustu fyrirtækjum landsins, auk fjölda erlendra fyrirtækja.

Við erum að leita að metnaðarfullum einstaklingum sem hafa áhuga á að slást í okkar öfluga hóp sem vinnur að fjölbreyttum verkefnum í krefjandi og skemmtilegu umhverfi.

Hæfniskröfur:

- Embættispróf í lögfræði
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Vilji og geta til að takast á við krefjandi verkefni
- Góðir samskipta- og skipulagshæfileikar

Umsóknarfrestur er til 26. september nk.

Vinsamlegast sendið umsóknir til LOGOS, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík, merktar „Starfsmannastjóri“ eða á umsoknir@logos.is.

Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar um stofuna er að finna á www.logos.is

LOGOS

EFSTALEITI 5
103 REYKJAVÍKSÍMI 5 400 300
FAX 5 400 301WWW.LOGOS.IS
LOGOS@LOGOS.IS

LOGOS
LÖGMANNSPJÓNUSTA
síðan 1907

Laus störf í Austurbæjarskóla

Umsjónarmaður

Í starfinu felst m.a. eftirlit og verkstjórnun vegna viðhalds og ræstingar húsnæðisins, eftirlit með skólalóð og búnaði og umsjón með að aðbúnaður sé í lagi.

Tölvukennari í fullt starf til vors.

Skólaliði í fullt starf.

Stuðningsfulltrúar, tvær 50-75% stöður.

Nánari upplýsingar um störfni veita Héðinn Pétursson, skólastjóri, í síma 561 2680 og 664 8101. Umsóknir sendist til Austurbæjarskóla, v/Vítastíg, 101 Reykjavík. Umsóknarfrestur er til 3. október 2005. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.



Menntasvið Reykjavíkurborgar, Frikkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík,
sími: 411 7000, menntasvid@reykjavik.is



Starfsmaður lóða

óskast við hirðingu og rekstur lóða LSH. Starfshlutfall 100%. Starfið er fjölbreytt. Bílpróf nauðsynlegt og reynsla og umsjón tækja og véla æskileg.

Umsóknir berist fyrir 3. okt nk. til Magnúsar Más Vilhjálmssonar, umsjónarmanns lóða og veitir hann jafnframt upplýsingar í síma 824 5420 og 543 1746, netfang magnusv@landspitali.is

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksstötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF

Félagsþjónusta:

- Liðveisla

Íþróttamiðstöðin Versalir:

- Baðvarsla kvenna í íþróttahúsi
- Baðvarsla karla í íþróttahúsi

Sundlaug Kópavogs:

- Laugarvarsla/baðvarsla karla
- Laugarvarsla/baðvarsla kvenna

GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

Hjallaskóli:

- Kennari íslensku/dönsku
- Forfallakennari

Kársnesskóli:

- Starfsmaður í Dægradvöl
- Proskapjálfi/stuðningsfulltrúi

Lindaskóli:

- Gangaverðir/-ræstar
- Starfsmenn í Dægradvöl

Salaskóli:

- Dönskukennari

Smáraskóli:

- Umsjónarkennari 7. bekk, frá áram.

Snælandsskóli:

- Starfsmaður í Dægradvöl

Vatnsendaskóli:

- Starfsmaður í Dægradvöl
- Gangavörður/ræstir

LEIKSKÓLAR KÓPAVOGS:

Leikskólinn Arnarsmári:

- Leikskólakennarar

Leikskólinn Álfaheiði:

- Leikskólak. hlutastarf

Leikskólinn Álfatún:

- Leikskólakennari

Leikskólinn Dalur:

- Starfsm. hlutastaða e.h.

Leikskólinn Fagrabrekka:

- Leikskólakennari
- Matráður - 100%
- Sérkennslustjóri - 50%

Leikskólinn Fífusalir:

- Leikskólakennari
- Deildarstjóri

Leikskólinn Kópahvoll:

- Leikskólakennari

Leikskólinn Kópasteinn:

- Leikskólakennari
- Skilastaða 20 – 30%

Leikskólinn Marbakki:

- Aðstoð í eldhúsi

Leikskólinn Núpur:

- Leikskólakennarar
- Skilastaða

Leikskólinn Rjúpnahæð:

- Leikskólakennari
- Leikskólasérkennari/þroskajálfi

Leikskólinn Smárahvammur:

- Leikskólakennari

Nánari upplýsingar á:

www.kopavogur.is
og www.job.is



RAFVIRKJAR

Óskum eftir að ráða rafvirkja í almenna rafvirkjun, einnig rafvirkja sem hefur reynslu í EIB

Volti ehf, Vatnagördum 10, 104 Rvík
Sími 570.00.00, netfang hjortur@volti.is



Skjól, hjúkrunarheimili,
Kleppsvégi 64, 104 Reykjavík

Viltu slást í hópinn?

Hjúkrunarheimilið Skjól óskar eftir starfsfólki. Óskað er eftir starfsfólki til starfa við umönnun heimilisfólks, einkum þriðju hæðar.

Vaktavinna þ.e. morgunvaktir (kl. 8 – 16),
styttri vaktir (8-13) og kvöldvaktir
(kl 15.30 – 23.30) er í boði.

Gott starfsumhverfi þar sem góður starfsandi er í heiðri hafður. Þjóðum traust, jákvætt og duglegt fólk velkomið til starfa strax eða eftir samkomulagi.

Áhugasamir vinsamlegast leitið upplýsinga hjá Kristínu Árnadóttur, deildarstjóra, (kristin@skjol.is) virka daga í síma 5225631.



FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN

Ertu góður kokkur?

Manneskja með góða þekkingu á matargerð óskast til starfa í veitingahús Fjölskyldu og húsdýragarðsins. Í starfinu felst m.a. að elda mat, baka og útbúa skyndirétti fyrir gesti og starfsfólk garðsins. Um er að ræða fullt starf.

Viðkomandi þarf að hafa góða samstarfshæfileika og sýna útsjónasemi og hugmyndauðgi varðandi innkaup og vöruúrval. Æskilegt er að umsækjandi sé menntaður á sviði matargerðar.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Starfsmannafélags Reykjavíkur við Reykjavíkurborg. Nánari upplýsingar um störf eru veittar í síma 575-7800.

Umsóknir þurfa að vera skriflegar og berast á pósthafið:
Fjölskyldu- og húsdýragarður
Hafrafelli við Engjaveg 104 Reykjavík.
eða á netfang; sigrun@husdyragardur.is.

Umóknarfrestur rennur út 30. september n.k.

Járnsmiður/ málmiðnaðarmaður.

Fyrirtækið Járnsmiðja Óðins: www.jso.is

Leitar að kraftmiklum og traustum járnsmið/málmiðnaðrmani eða einstakling með svipaða starfsreynslu til starfa. Um framtíðarstarf er að ræða. Starfið felst í mjög fjölbreyttri nýsmiði og uppsetningum. Áhersla er lögð á frumkvæði, áreiðanleika, léttu lund og þjónustulipurð auk sjálfstæðra vinnubragða og samstarfshæfni.

Haldbær reynsla af sambærilegu er kostur. Allur tækjabúnaður er góður og nýlegur. Reyklauss vinnustaður.

Umsóknarfrestur er til og með 10. október. Gengið verður frá ráðningu fljótlega. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar eru veittar
í síma 557-9300

Sölu ráðgjafi í vara- og aukahlutaverslun

Við leitum að sölu ráðgjöfum í vara- og aukahlutaverslun okkar að Bíldshöfða 6 í Reykjavík

Með skilningi á þörfum fólks, alúð og góðum vörum vex hagur Brimborgar hratt. Á aðeins fjórum árum hefur fyrirtækið þrífaldast að stærð og stefnir það á að verða vinsælasta bílaumboð landsins þar sem traust og öryggi í viðskiptum er haft að leiðarljósi. Í Reykjavík, Reykjanesbæ og á Akureyri starfa yfir 140 manns við að veita viðskiptavinum Brimborgar faglega ráðgjöf og þjónustu fyrir Ford,

Volvo, Citroën, Lincoln, Daihatsu, Volvo vörubíla, Volvo vinnuvélar, Volvo Penta bátavélar, Volvo strætisvagna og Volvo rútur. Hiab bílkrana, Pirelli og Nokian hjólbarda.

Brimborg leitar að einstaklingi sem hefur metnað til að láta hæfileika sína njóta sín í stórum hópi frábærra fagmanna sem starfa undir fána Brimborgar.

Stutt lýsing á starfi

- Sala og upplýsingaráðgjöf til innri og ytri viðskiptavina varðandi vara- og aukahluti.
- Vettvangssala - ráðgjöf - verðkannanir - markaðsmál.
- Aðstoð við birgðausmjón, pantanir, vörumóttöku og lagerstörf.

Hæfniskröfur

- Áhugi á bifreiðum.
- Grunnþekking í tölvum.

Nánari upplýsingar

Brimborg býður uppá fyrirtaks starfsumhverfi, góða vinnuáðstöðu og samkeppnishæf laun með hressum

og kátum vinnufélögum. Vinnutími er frá 8:00-17:00 eða 9:00-18:00 alla virka daga.

Skelltu þér á netið www.brimborg.is og sæktu um starfið eða komdu til okkar og fáðu umsóknareyðublað. Frekari upplýsingar veitir starfsmannahald Brimborgar í sínum 515-7088/7188 - Nú er tækifærið - við biðum eftir þér.

Umsóknarfrestur er til 26. september.
Hringdu eða komdu strax.



Öruggur staður til að vera á



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | www.brimborg.is | brimborg@brimborg.is



Laus störf hjá McDonald's

Fullt starf McDonald's vantar nú þegar nokkra hressa starfsmenn í fullt starf við Suðurlandsbraut, í Kringlunni og við Smáratorg.

Hlutastarf McDonald's vantar nú þegar nokkra hressa starfsmenn í hlutastarf við Suðurlandsbraut, í Kringlunni og við Smáratorg.

Umsækjendur þurfa helst að vera 18 ára eða eldri. McDonald's eru lífflegir og fjörugir vinnustaðir. Alltaf nóg að gera og góðir möguleikar fyrir duglegt fólk að vinna sig upp. Mjög samkeppnishæf laun í boði.



McDonald's er styrktaraðili HM 2006

Langar þig á HM 2006?

Í vor verða heppnir starfsmenn á McDonald's dregnir út og fá fría ferð á HM 2006 í Þýskalandi. Einungis starfsmenn í fullu starfi verða í pottinum

Umsóknareyðublað liggja frammi á veitingastöðum McDonald's eða á heimasíðu www.mcdonalds.is



Næturvinna

Ísafoldarprentsmiðja er elsta prentsmiðja landsins, stofnuð 1877. Hjá félaginu starfa um 75 manns. Prentsmiðjan prentar m.a. fréttablaðið og DV ásamt fjölda annarra verkefna.

Vegna aukinna verkefna vantar okkur fólk til starfa við þökkun á dagblöðum og tímaritum. Unnið er á næturvöktum frá 22:00 - 04:00. Mikil vinna framundan.

Frekari upplýsingar veita í síma milli 09:00 - 13:00
Halldór Jakobsson – sími: 664 0302
Kolbrún Guðmundsdóttir – sími: 664 0300

Suðurhraun 3 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | Fax: 59 50 310 | isafold@isafold.is | www.isafold.is

Okkur vantar fólk í vinnu!

Skemmtileg vinna í vetur!

Við bjóðum upp á breytilegan vinnutíma og sveigjanlegar vaktir sem hægt er að sníða að þínum þörfum.

Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund.

Hvetjum fólk á öllum aldri til að sækja um.

SUBWAY

**gómsætur
RISTADUR**

Nú getur þú fengið uppáhalds bátinn þinn glöðheitann og ristaðann.

Hægt er að sækja um á stöðunum og á www.subway.is. Nánari upplýsingar í síma 530 7004



Aðstoðarleikskólastjóri og leikskólakennarar

Lausar eru til umsóknar stöður aðstoðarleikskólastjóra og leikskólakennara í leikskólanum Ægisborg, Ægisíðu 104.

Leikskólinn Ægisborg er þriggja deilda skóli þar sem dvelja 66 börn samtímis. Markmið leikskólans er að nota nánasta umhverfi barnanna til að virkja sköpunarafl og alhliða tjáningu þeirra.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun áskilin
- Hæfni og reynsla í stjórnun
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi

Ef ekki fást leikskólakennarar til starfa verða ráðnir starfsmenn með aðra uppeldismenntun og/eða reynslu.

Upplýsingar veitir Kristjana Thorarensen, leikskólastjóri í síma 551-4810.

Nánari upplýsingar um þessi störf og önnur störf í leikskólum Reykjavíkurborgar eru einnig veittar í starfsmannaþjónustu Menntasviðs í síma 411 7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um laus störf er að finna á heimasíðunni www.leikskolar.is.



Menntasvið Reykjavíkurborgar, Frikirkjuvegi 1, 101 Reykjavík, sími: 411 7000, menntasvid@reykjavik.is

Litari framtíðarstarf

Óskum eftir að ráða starfskraft til að sjá um litanir á málningu og umsjón með litaaðstöðu fyrirtækisins.

Leitað er að kröftugum starfskrafti, sem hefur unnið með málningu, hefur næmt auga fyrir litum og hræðist ekki tölvur.

Málning hf er staðsett í nýjum húsakynnum á Dalvegi 18, Kópavogi. Fyrirtækið býður upp á mjög góða starfsaðstöðu.

Þeir sem áhuga hafa á starfinu eru beðnir um að senda inn skriflega umsókn eða koma í viðtal á Dalveg 18 sem fyrst.



GARÐABÆR

www.gardabaer.is

Flataskóli - Skólaliðar

Laus störf skólaliða.

Bæði hlutastarf og fullt starf.

Umsóknir skulu berast skólustjóra, Sigurveigu Sæmundsdóttur í sínum 565-8560 og 862 6330 sem veitir allar nánari upplýsingar.

Umsóknarfrestur er til 24. september. nk.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Launanevndar sveitarfélaga við Starfsmannafélag Gardabæjar.

Deildarstjóri skóladeilda

Fræðslu- og menningar svið

Pallar

Vegna mikilla anna óskum við eftir vönum smiðum og verkamönnum í byggingarvinnu úti sem inni.
- Góð laun í boði fyrir rétta einstaklinga -
Upplýsingar í síma 694-3140 Hössi eða 824-4142 Ómar

Úra- og skartgripaverslun

óskar eftir starfsmanni til afgreiðslustarfa auk helgarvinnu.

Umsóknir sendist á meba@mmedia.is
Uppl. í s. 698 6876.

Barninu hjálpað í ljósið

Sigríður Sía Jónsdóttir ákvað sem ung stúlka að verða ljósmóðir og hefur hún sinnt því starfi alla ævi. Hún segir starfið gefandi og að ljósmóðir þurfi að hafa ánægju af því að hjálpa fólki.

„Ég ákvað þetta sem lítil stelpa, ég held ég hafi verið sex ára fyrst þegar ég sagðist ætla að verða ljósmóðir,“ segir Sigríður Sía Jónsdóttir yfirljósmóðir mæðravendrar á Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg. „Sem stelpa hittum við stundum ljósmóður mína, og mamma kynnti okkur alltaf fyrir henni, en það var Guðrún Halldórsdóttir sem rak fæðingarheimilið á Rauðarárstíg,“ segir Sigríður Sía.

Til að gerast ljósmóðir þarf að

ljúka fyrst hjúkrunarnámi og í framhaldi af því tekur við tveggja ára ljósmæðranám á háskólastigi, en málum var ekki þannig háttað þegar Sigríður Sía lauk sínu prófi.

„Ég fór beint úr menntaskóla í ljósmæðranámið sem var tveggja ára skóli,“ segir Sigríður Sía. Að námi loknu fór hún til Noregs og starfaði þar í tæpt ár sem ljósmóðir, eftir heimkomuna settist hún aftur á skólabekk og lærði hjúkrun.

Bláðamaður biður hana að lýsa því í fyrsta sinn sem hún tók á móti barni. „Þetta var dásamlegt og algerlega ólýsanleg stund, það er alltaf gaman þegar lítið barn kemur í heiminn. Mér fannst æðislegt að fá að læra þetta og vöðulega gaman að hjálpa og læra að aðstoða mæður við að fæða börnin sín,“ segir Sigríður Sía.

Starf ljósmóður felst í því að að fylgjast með konum á meðgöngu, auk þess sem ljósmæður taka á móti börnum bæði á sjúkrahúsum og í heimahúsum, og sinna konum í sængurlegunni. „Ljósmæður taka á móti öllum börnum sem fæðast á Íslandi, og það er reyndar ekki alls staðar í heiminum sem ljósmæður eru svo heppnar. Aðspurð um uppruna orðsins ljósmóðir, segir Sigríður Sía að hann sé henni ekki kunnur. „Við tölum bara um að við séum að hjálpa barninu í ljósið,“ segir hún.

„Það er ofsalega gaman að fá að taka þátt í þessari gleði fólks þegar það á von á barni, og ljósmóðir er mjög mikilvæg í því að leiðbeina fólki, veita því fræðslu og undibúa það undir fæðinguna og gerbreytt líf með barnauppl-

FRETTLAÐIÐ/HEIDA



Sigríður Sía Jónsdóttir er yfirljósmóðir Mæðravendrar á Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg.

eldi,“ segir Sigríður Sía.

Hún segir fólk hafa þá hugmynd um ljósmóðurstarfið að það sé mjög skemmtilegt, og þykir henni gott að vita til þess að starfið njóti talsverðar virðingar. „Það má þó ekki gleyma því að við tökum líka þátt í mestu sorgarstund-

um fólks. Því miður eru börn að fæðast andvana og alls konar hlutir sem koma upp á, þannig að það er ekki bara gleði. Það getur verið erfitt, en það er líka gott að finna þegar maður getur hjálpað fólki,“ segir Sigríður Sía.

kristineva@frettabladid.is



Starfsfólk óskast

Næturstarfsmenn, vaktstjórar og útimenn óskast á Shell stöðvarnar á höfuðborgarsvæðinu. Um fullt starf er að ræða. Umsækjendur verða að vera fæddir 1987 eða fyrr og vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir.

Áhugasamir geta haft samband við Guðrúnu Helgu í síma 530 7900 eða á netfangið: gudrun.h@10-11.is

Hægt er að skila umsóknum á vefnum: www.10-11.is



Félagsþjónusta Kópavogs

Stuðningsfjölskyldur

• Félagsþjónustan í Kópavogi óskar eftir stuðningsfjölskyldum á höfuðborgarsvæðinu eða í nágrenni þess til að taka að sér börn í helgarvistun, t.d. eina helgi í mánuði eða eftir samkomulagi hverju sinni. Um er að ræða gefandi starf og hafir þú áhuga og ánægju af mannlegum samskiptum þá er þetta starf fyrir þig.

Allar nánari upplýsingar veitir Dagný Björk á mánudögum frá kl. 9:00 til 16:00 í síma 570-1400. Netfang: dagny@kopavogur.is
Umsóknum skal skilað á þar til gerð eyðublöð sem liggja frammi í afgreiðslu

Félagsþjónusta Kópavogs,
Fannborg 4.

Greitt er skv.
verktakasamningi.

Laust starf í Brúarskóla

Brúarskóli leitar að forfallakennara
í 50-75% starf til vors 2005

Brúarskóli er grunnskóli fyrir nemendur í 5. - 10. bekk. Í skólanum eru nemendur sem eiga í alvarlega geðrænum, hegðunar- og félagslegum erfiðleikum.

Samstarf er einn af mikilvægustu þáttum skólastarfsins, bæði innan skóla sem utan.

Leitað er að umsækjendum sem eru m.a.

Með kennaramenntun

Liprir í mannlegum samskiptum

Til í mikla samvinnu og þróunarstarf

Jákvæðir, fjölhæfir og sveigjanlegir í starfi

Til í að takast á við krefjandi verkefni

Nánari upplýsingar um störf veita Björk Jónsdóttir, skólastjóri, í síma 520 6000 og 664 8440 og á heimasíðu skólans www.bruarskoli.is. Umsóknir sendist til Brúarskóla, Vesturhlíð 3, 105 Reykjavík. Umsóknarfrestur er til 3. október 2005. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.



Menntasvið Reykjavíkurborgar, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík,
sími: 411 7000, menntasvid@reykjavik.is

Bifvélavirkjar óskast til starfa

Leitum að bifvélavirkjum til starfa á fólksbifreiðaverkstæði okkar að Bíldshöfða 6 í Reykjavík

Með skilningi á þörfum fólks, alúð og góðum vörum vex hagur Brimborgar hratt. Á aðeins fjórum árum hefur fyrirtækið þrífaldast að stærð og stefnir það á að verða vinsælasta bílaumboð landsins þar sem traust og öryggi í viðskiptum er haft að leiðarljósi. Í Reykjavík, Reykjanesbæ og á Akureyri starfa yfir 140 manns við að veita viðskiptavinum Brimborgar faglega ráðgjöf og þjónustu fyrir Ford,

Volvo, Citroën, Lincoln, Daihatsu, Volvo vörubíla, Volvo vinnuvélar, Volvo Penta bátavélar, Volvo strætisvagna og Volvo rútur. Hiab bílkrana, Pirelli og Nokian hjólbarða. Brimborg leitar að einstaklingi sem hefur metnað til að láta hæfileika sína njóta sín í stórum hópi frábærra fagmanna sem starfa undir fána Brimborgar.

Stækkun á verkstæði

Vegna stækkunar á fólksbifreiðaverkstæði Brimborgar, vantar okkur bifvélavirkja til starfa sem fyrst á Ford og Volvo verkstæðið okkar að Bíldshöfða 6 í Reykjavík.

Stutt lýsing á starfi

- Bilanagreining í fólksbifreiðum Ford og Volvo.
- Viðgerðir á fólksbifreiðum Ford og Volvo.

Hæfniskröfur

- Menntun: Bifvélavirki.
- Reynsla af viðgerðum á fólksbifreiðum.
- Grunnþekking í tölum.
- Gilt bílpróf.

Nánari upplýsingar

Brimborg býður uppá fyrirtaks starfsumhverfi, góða vinnuástöðu og samkeppnishæf laun með hressum og kátum vinnufélögum. Vinnutími er frá 8:00-17:15 mán-fim og 8:00-16:15 fös.

Skelltu þér á netið www.brimborg.is og sæktu um starfið eða komdu til okkar og fáðu umsóknareyðublað. Frekari upplýsingar veitir starfsmannahald Brimborgar í símunum 515-7088/7188 - Nú er tækifærið - við biðum eftir þér.

Umsóknarfrestur er til 26. september.
Hringdu eða komdu strax.



Öruggur staður til að vera á

VOLVO

Ford

CITROËN

LINCOLN

DAIHATSU

VOLVO PENTA

NISSA

Volvo

PIRELLI

NOKIAN DEK

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | www.brimborg.is | brimborg@brimborg.is



ÞJÓNUSTU- OG SÖLUSTJÓRI

Domino's Pizza óskar eftir kraftmiklum, framtakssömum og þjónustuliprum einstaklingi í stöðu þjónustu- og sölustjóra

Domino's Pizza er fjölbreytilegur og liflegur vinnustaður með kraftmiklum og litríkum hóp starfsmanna með ólíkan bakgrunn. Hjá Domino's starfa 350 starfsmenn í 15 deildum.

Þjónustuver Domino's er stærsta deild fyrirtækisins en þar starfa 40-50 starfsmenn.

Nánari upplýsingar gefur starfsmannastjóri, Helga Fjöla Sæmundsdóttir, í síma 585-0800. Umsóknir sendist á helga@dominos.is

Helstu verkefni:

Daglegur rekstur þjónustuvers Domino's Pizza
Yfirumsjón með stærri pöntunum, tilboðum og sölu
Uppbygging þjónustu- og sölumála

Leitað er að einstaklingi með:

Mikla þjónustulund
Frumkvæði
Góða tölvukunnáttu
Færni í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur er til 23. september!



Bílstjóri óskast

Mata óskar eftir að ráða skemmtilegan, röskan og þjónustulundaðan starfsmann í útkeyrsla á vörum þess í verlanir og til annara viðskiptavina auk þess að aðstoða við vöruútlektir og almenn lagerstörf þegar það á við.

Áhugasamir sendi umsókn til Mötö ehf.
á netfangið: eggert.g@mata.is



Hrafnista

Vífilstaðir hjúkrunarheimili

Hjúkrunarfræðingar og starfsfólk í aðhlyningu óskast nú þegar á kvöld- og næturvaktir.

Upplýsingar gefur Ingibjörg Tómasdóttir hjúkrunarstjóri, í síma 599-7011 og 664-9560. Netfang ingat@vifilsstadir.is og á www.hrafnista.is



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og rekstrarsvið



Forstöðumaður Upplýsingatæknimiðstöðvar

Leitað er að metnaðarfullum og framsæknum leiðtoga til að setja á stofn og stýra Upplýsingatæknimiðstöð Reykjavíkurborgar.

Helstu verkefni Upplýsingatæknimiðstöðvar:

- Þróun upplýsingatæknibúnaðar Reykjavíkurborgar
- Rekstur búnaðar og tæknirýma
- Notendabjónusta
- Ráðgjöf og stefnumótun
- Innri forritun og hugbúnaðarþróun
- Umsjón með aðkeyptri hugbúnaðargerð
- Samningar og samskipti við birgja
- Innkaup á vél- og hugbúnaði
- Önnur upplýsingatæknibjónusta

Helstu verkefni forstöðumanns Upplýsingatæknimiðstöðvar:

- Stýra uppbyggingu nýrrar miðstöðvar
- Bera ábyrgð á stjórnun og rekstri Upplýsingatæknimiðstöðvar, þar með talið fjárhags- og starfsáætlunum sem og starfsmannamálum
- Bera ábyrgð á rekstri og þróun alls upplýsingatæknibúnaðar Reykjavíkurborgar og leiða tæknilegt þróunarstarf

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í tölvunarfræði, rafeindaverkfræði eða skyldum greinum
- Æskilegt að viðkomandi hafi rekstrar-/viðskiptamenntun
- Reynsla af stjórnun og rekstri, helst á sviði upplýsingatækni
- Góðir forystu- skipulags- og samskiptahæfileikar
- Tungumálakunnátta og hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti
- Reynsla af teymisvinnu, gæðastjórnun og verkefnastjórnun
- Æskileg reynsla af þjónustustjórnun (Account Management)
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri

Nánari upplýsingar veitir Álfheiður Eymarsdóttir, skrifstofustjóri þjónustu og upplýsingatækni í síma 4 11 11 11. Umsóknum skal skilað rafrænt á netfangið alfheidur.eymarsdottir@reykjavik.is eða í Ráðhús Reykjavíkur, Tjarnargötu 11 fyrir 1. október nk. greinilega merkt **Forstöðumaður Upplýsingatæknimiðstöðvar** og berist til Álfheiðar Eymarsdóttur.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum.

Borgarráð samþykkti í júlí að sett yrði á stofn Upplýsingatæknimiðstöð Reykjavíkurborgar í byrjun árs 2006. Helstu markmið með stofnun Upplýsingatæknimiðstöðvar eru betri nýting á fjármunum og aukin tækifæri til að efla þjónustu í upplýsingatæknimálum. Tillögu til borgarráðs og greinargerð stýrihóps er hægt að finna á www.reykjavik.is/utm

Upplýsingatæknimiðstöð Reykjavíkurborgar heyrir undir skrifstofu þjónustu og upplýsingatækni á Þjónustu- og rekstrarsviði. Þjónustu- og rekstrarsvið er nýtt og metnaðarfullt svið þar sem rík áhersla er lögð á framsækna þjónustu við viðskiptavinum og hagkvæmni í rekstri.

Við vitum að starfsmenn eru lykill að velgengni stofnana og deilda sviðsins og gegna þeir því mikilvægu hlutverki í þjónustumiðaðri starfsemi sem einkennist af jákvæðu og ögrandi starfsumhverfi.

Störf í grunnskólum Reykjavíkur haustið 2005

Borgaskóli, sími 577 2900

Skólaliði í baðvörslu stúlkna. Laust frá 1. nóvember nk. Skólaliði, fullt starf eða hlutastarf.

Breiðholtsskóli, sími 557 3000

Forfallakennarar.

Háteigsskóli, símar 530 4300 og 664 8215

Stuðningsfulltrúar, 50-60% stöður.

Skólaliðar, 100% stöður.

Ritari, 55% staða.

Ingunnarskóli, sími 585 0400

Almenn kennsla á miðstigi vegna forfalla.

Kennari í nýbúakennslu.

Sérkennsla.

Skólaliði.

Starfsfólk í baðvörslu.

Korpusskóli, sími 525 0600

Íþróttakennsla í forfallakennslu.

Ræsting síðdegis, 50% staða.

Langholtsskóli, sími 553 3188

Skólaliðar, 2 stöður.

Stuðningsfulltrúi.

Vesturbæjarskóli, sími 562 2296

Aðstoðarmaður í mótuneyti nemenda, 25% staða í kringum hádegis. Aðstoð í eldhúsi og matsal.

Stuðningsfulltrúi í íþróttum í 1.-7. bekk. Starfið felst í baðvörslu og aðstoð í íþróttatímum, 80%-100% staða.

Þroskajálfi, eða sérkennari óskast vegna forfalla, a.m.k. til áramóta, 80%-100% staða.

Víkurskóli, sími 545 2700

Skólaliðar, til að sinna baðvörslu og ræstingu.

Stuðningsfulltrúar.

Öskjuhlíðarskóli, símar 568 9740 og 664 8405

Þroskajálfi.

Stuðningsfulltrúi, 65%-100% staða.

Upplýsingar veita skólustjórar og aðstoðarskólustjórar í viðkomandi skólum. Umsóknir ber að senda til viðeigandi skóla. Laun samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Nánari upplýsingar um laus störf, umsóknarfrest og grunnskóla Reykjavíkur er að finna á netinu.

www.grunnskolar.is



Reykjavíkurborg
Menntasvið

Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík,
sími: 411 7000 menntasvid@reykjavik.is

Sjúkraliða, félagliða og umönnunarför



Lausar eru stöður í dagvinnu

Laus eru stöður sjúkraliða, félagliða og starfsmanna í umönnunarför á hinum ýmsu deildum hjúkrunarheimilisins. Starfshlutfall er samkomulag.

Upplýsingar veita Hjúkrunarforstjóri, Birna Kr. Svavarsdóttir eða fræðslustjóri, Jóna H. Magnúsdóttir í síma. 522 5700.

Umsóknir er einnig hægt að senda á fraedsla@eir.is



Hjúkrunarheimili
Hlíðarhúsum 7. 112 Reykjavík.
Sími. 522 5700. www.eir.is



Vilt þú vera með í
ferskasta
liði landsins?

10-11 óskar eftir duglegu og jákvæðu starfsfólki í verslanir 10-11. Umsækjendur þurfa að vera 18 ára á árinu, þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Leitað er eftir starfsfólki með ríka ábyrgðartilfinningu í fullt starf. Boðið er upp á margs konar vaktir.

Margvísleg fríðindi fylgja starfinu.

Umsækjendur fylli út umsókn á www.10-11.is eða sendi ferilskrá til Guðrúnar Helgu, gudrun.h@10-11.is. Hún veitir einnig nánari upplýsingar.

10-11 er framsækið fyrirtæki í örum vexti. 10-11 er fremsta þægindaverslun landsins með 35 verslanir, þar af 31 á höfuðborgarsvæðinu. Velgengni sína þakkar fyrirtækið fyrst og fremst starfsfólki sínu. Því er ætíð lögð áhersla á að gott fólk veljist til starfa.

1011
... þegar þér hentar



Reykjavíkurborg

Fjármálasvið —
Skrifstofa fjárreiðna

01210 Innheimtufulltrúi

Helstu verkefni

- Umsjón með innheimtum.
- Eftirlit með skuldabréfaeign.
- Afstemmingar og eftirlit með kröfum borgarsjóðs.
- Samskipti við löginneheimtuaðila.
- Útgáfa reikninga fyrir borgarsjóð.
- Aðstoð við álagningu fasteignagjalda.
- Aðstoð við úrvinnslu erinda sem berast Reykjavíkurborg vegna innheimtu.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun.
- Þekking á bókhaldi og bókhaldskerfinu Agresso er kostur.
- Samskiptafærni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Haldgóð tölvuþekking.
- Metnaður og frumkvæði í starfi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Upplýsingar um starfið veita Kristján Svanbergsson, fjárreiðustjóri í síma 411-3604 (kristjan.svanbergsson@reykjavik.is) og Helgi Þór Jónasson, innheimtustjóri í síma 411-3607 (helgi.thor.jonasson@reykjavik.is).

Skriflegum umsóknum ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skal skila til Ráðhúss Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, merktum 01210-innheimtufulltrúi fyrir 26. september nk. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Á skrifstofu fjárreiðna starfa 9 starfsmenn sem annast fjárreiður, innheimtu, lánastýringu, álagningu fasteignagjalda, eftirlit með álagningarstofni, auk sérfræðiaðstoðar. Í boði eru krefjandi og áhugaverð verkefni, góð vinnuaðstaða og möguleiki á endurmenntun. Næsti yfirmaður er innheimtustjóri.



Sýslumaðurinn í Reykjavík

Lögfræðingur

Sýslumaðurinn í Reykjavík óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa. Um er að ræða starf í fullnustudeild embættisins en möguleiki er fyrir áhugasama að kynna sér jafnframt starfsemi annarra fagdeilda embættisins.

Verkefni fullnustudeilda eru m.a.

- Uppboð á fasteignum og lausafé
- Fjárnámssgerðir
- Lögbanns- kyrrsetningar- og löggeymslugerðir

Umsækjandi þarf að hafa kandidateitpróf í lögfræði, vera jákvæður og lipur í samskiptum og geta unnið sjálfstætt jafnt sem í hóp.

Hjá embætti sýslumannsins í Reykjavík starfa um 70 manns í þremur fagdeildum, þinglýsinga- og skráningadeild, sífja- og skiptadeild og fullnustudeild.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Stéttarfélags lögfræðinga í ríkisþjónustu.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þuríður Árnadóttir deildarstjóri.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skal skilað til sýslumannsins í Reykjavík, Skógarhlíð 6, Reykjavík, eða með tölvupósti á syslumadur@tmd.is, í síðasta lagi 3. október nk.

Reykjavík 15. september 2005
Sýslumaðurinn í Reykjavík
Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík
www.syslumadur.is



Reykjavíkurborg

Þjónustumiðstöðvar

Vesturgarður, Þjónustumiðstöð
Vesturbæjar auglýsir:

Aflagrandi – Sjúkraliði

Sjúkraliði óskast í 70% starf við Félags- og Þjónustumiðstöðina Aflagrandi 40.

Í starfinu felst m.a. aðstoð við böðun og önnur tilfallandi aðstoð við notendur miðstöðvarinnar. Leitað er að einstaklingi með mikla hæfileika í mannlegum samskiptum og ríka þjónustulund. Þyrfti að geta hafið störf sem fyrst. Góð vinnuaðstaða í fallegu húsnæði þar sem rekin er fjölbreytt og lifandi starfsemi.

Nánari upplýsingar veitir Droplaug Guðnadóttir forstöðumaður í síma 562 2571, netfang: droplaug.gudnadottir@reykjavik.is

Félagsráðgjafi

Starfssvið:

- Þjónustumat á umsóknum um félagslega heimaþjónustu

- Þjónustumat á umsóknum um þjónustuiðbúðir
- Yfirumsjón með málefnum aldraðra og fatlaðra í Vesturbæ
- Þátttaka í þverfaglegri teymisvinnu og samstarf við hagsmunafélög og íbúa

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Starfsréttindi í félagsráðgjöf
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileika
- Áhugi á þverfaglegri teymisvinnu

Um er að ræða fastráðningu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Sigprúður Erla Arnadóttir deildarstjóri í síma 411 1700, netfang: sigthrudur.era.arnadottir@reykjavik.is Umsóknum skal skilað á Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Vesturgarði, Hjarðarhaga 45–47, 107 Reykjavík, fyrir 1. október n.k.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum.

Þjónustumiðstöðvar eru starfræktar á sex stöðum í borginni. Markmiðið með stofnun þeirra er að auka aðgengi að þjónustu borgarinnar, stuðla að samstarfi sérfræðinga í málefnum barna og fjölskyldna og efla hverfastarf.

Þjónustumiðstöðvar heyra undir Þjónustu- og rekstrarsvið Reykjavíkurborgar þar sem lögð er áhersla á framsækna þjónustu við viðskiptavinum og hagkvæmni í rekstri. Starfsmenn eru lykill að velgengni stofnana og deilda sviðsins og gegna mikilvægasta hlutverkinu í þjónustumiðaðri starfsemi.



Reykjavíkurborg

Þjónustu- og rekstrarsvið



Upplýsingafulltrúi

Þjónustu- og rekstrarsvið Reykjavíkurborgar óskar að ráða upplýsingafulltrúa til starfa.

Domino's Pizza óskar eftir starfsmön- num í fullt starf og í hlutastarf. Um er að ræða verslun Domino's í Ananaustum. Frábær starfsandi og skemmtilegur vinnustaður fyrir hressa og duglega ein- staklinga! Umsóknareyðublað í verslun og á www.dominos.is

Leikskólinn Rofaborg í Árbæ.

Starfsmann vantar á leikskólann Rofaborg í Árbæ við uppeldi og kennslu ungra barna í 100% starf. Viðkomandi þarf að hafa áhuga á að starfa með börnum, vera ábyggilegur og ekki yngri enn 20 ára.

Upplýsingar gefur leikskóla- stjóri síma 587 4816 eða 567 2290 til kl 16.30 á daginn.

Vörubílastjórar og gröfu- menn

Vantar vandan vörubílastjóra á 4 öxla Scaniu og mann á nýja hjólavél Komatsu 160 árgærd 2005.

Uppl. í síma 822 2661.

Pítan Skipholti

Óskar eftir starfsfólki í fullt starf í vaktavinnu. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Framtíðarstarf. Einnig vantar á kvöld og helgarvaktir. **Umsóknareyðublað á staðnum og einnig á www.pitan.is eða í síma 864 9861.**

Starfsmaður á lager

Óliudreifing ehf. óskar eftir að ráða þjónustulipran starfsmann til vörumóttöku og afgreiðslu á lager félagsins í Reykjavík. Tölvukunn- áttu er æskileg. Um er að ræða framtíðarstarf sem stendur báð- um kynjum jafnt til boða. **Allar nánari upplýsingar veita: Árni í síma 550 9940 tölvu- pósthfang arni@odr.is Birgir í síma 550 9957 tölvupósthfang birgir@odr.is**



Melabúðin Þín verslun óskar eftir rösku fólk til almennra afgreiðslustarfa. Einnig vantar fólk til hlutastarfa kvöld (17-20) og helgar (aðra hverja helgi). Yngri en 18 ára koma ekki til greina. **Umsóknareyðublað og uppl. í versluninni og hjá verslunar- stjóra í s. 551 0224.**

Blikksmiði ehf. Óskum eftir að ráða blikksmiði. **Upplýsingar gefur Jón í s. 565 4111 & 893 4640.**

Aðstoðarmenn óskast! Óskum eftir að ráða aðstoðar- menn í blikksmiðju. **Upplýsingar gefur Jón í s. 564 4111 & 893 4640.**

Sala og þjónusta við stórmarkaði!

Við leitum að einstaklingi til starfa við sölu og þjónustu í stór- mörkuðum. Viðkomandi þarf að hafa bílpróf. Vinnutími er frá 8 til 16.

Áhugasamir vinsamlegast sendið upplýsingar um aldur og fyrri störf á netfangið: kristjan@freyja.is, vinsamleg- ast setjið "Atvinna" í Subject.



Frábær-aukavinna

Okkur vantar hressa, jákvæða og þjón- ustulunda starfsmenn til þjónustustarfa í sal á veitingastaði okkar í Skipholti. Kvöld og helgarvinnu, eða dagvinnu, sveigjanlegur vinnutími við allra hæfi. Góð laun í boði fyrir gott fólk. Uppl. gefur Skipholt Haukur í s.552 2211 eða 660 1143.

Starfskraftur óskast!

Vantar starfskraft í afgreiðslu í söluturni alla virka daga milli kl. 11-18. Tilvalið fyrir húsmæður sem vilja komast út á vinnumark- aðinn.

Nánari uppl. í s. 892 2365 milli kl. 8-9 á kvöldin.

Getum bætt við vönum starfsmönnum á hjólabarðaverkstæði og smurstöðvar á Akureyri og á Egilsstöðum. Dekkjahöllin, s. 462 3002 & 471 2002.

Eldhússtarf

Viljum bæta við okkur hressum og áreiðanlegum aðstoðarmanni í eldhús eða góðum pizzabakara. Uppl. og um- sóknir á staðnum eða á www.kringlu- krain.is.

Veitingasaðurinn Purple Onion Hafnar- stræti 18 óskar eftir starfsfólki í hluta- starf. Uppl. veittar á staðnum ekki í síma.

Íslensk/norsk fjölskylda með eitt barn í Oslo óskar eftir reyklausri au-pair sem fyrst. Helst 20 ára eða eldri. Nánari uppl. í síma +4740414204 eða 892 3949.

Samtalsdómur óskast! Finnst þér gam- an að tala við karlmenn um kynlíf? Rauða Torgið leitar samstarfs við djarfar, lostafullar símadömur. Uppl. á www.raudatorgid.is (atv. í boði/síma- dömur) og í s. 899 7987, skrán. í s. 552 3349.

Klikkað atvinnutækifæri!! Ertu að leita að góðri vinnu/aukavinnu? Eru skuld- irnar að sliga þig? Langar þig að geta verið meira heima og notið þess að eiga tíma með fjölskyldunni? Eru ekki að tala um fæðubótarefni, snyrtivörur, dollur eða tuskur, við erum með mun betri en það allt. Kynntu þér málið á www.simnet.is/okkarheimur

Hrói Höttur Hafnarfj.

Óskum eftir starfsfólki í veitingasal, til útkeyrslu og í eldhús. Vaktavinnu og hlutastörf. Æskilegur aldur 18-35. Uppl. á staðnum, Hjallahraun 13 í Hfj., og í s: 565 2525.

Milljón á mánuði - Fleiri og fleiri Íslend- ingar fá í dag greitt yfir milljón á má- nuði frá Herbalife. Vilt þú vera einn af þeim? www.Betraform.com

Sólning óskar eftir starfsfólki á hjól- barðaverkstæði. Uppl. í síma 544 5000 eða á staðnum að Smiðjuvegi í Kópa- vogi.

Bæjardekk Mosfellsbæ Óskar eftir starfsfólki. Upplýsingar í síma 566 8188 eða á staðnum.

EUROPRI. Aðstoðarverslunarstjóri óskast í tveir verslanir. Upplýsingar í síma 511 3322 og 533 3360 Europris.

Verslun með kristal og aðrar gjafavörur óskar eftir starfskrafti í hlutastarf. Upplýsingar veitir Björg í s. 692 1715.

Óska eftir starfsfólki í fiskvinnslu í Rvk. Vantar einnig verkstjóra í fiskvinnslu. Uppl. í s. 846 7935 eftir kl. 14.

Aðstoðarmann vantar í blikksmiðju. Mikil vinna. Helst smiðavannur. Uppl. í síma 896 5042.

Café Holt auglýsir eftir hressu starfsfólki um helgar. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Uppl. í síma 863 5950 milli kl. 13-20.

Óskum eftir að ráða trésmiði, mikil vinna framundan. Uppl. í s. 860 0866.

Byggingaverkamenn. Óskum eftir að ráða vana verkamenn, mikil vinna. S. 860 0866.

Óska eftir smiðum í uppslátt á 5 ráð- húsum. Upplýsingar í síma 860 0866.

Atvinna óskast

Byggingaverktakar

Af hverju að auglýsa eftir vönum mönnum sem eru ekki til? Hringdu í fagmenn. Yfir 30 ára reynsla við að finna rétta menn fyrir fyrirtæki. Við erum fyrirtæki sem stöndum við loford okkar. Okkar bresku menn eru mjög hæfir. Allir okkar íslensku við- skiptavinir segja að okkar menn séu betri en þeir þorðu að vona. Tekur aðeins 2 vikur að fá þá hingað. Smiðir, vélamenn, krana- menn og fleira. **Upplýsingar í síma 897 8978 Alan.**

Atvinnurekendur. Útvega pólskt starfs- fólk adam1@visir.is



Tapað - Fundið



Castro strauk af heiman frá Kolbeins- myri 11, 170 Seltjarnarnes. Hans er sárt saknað. Hann er brúnn, svartur og smá hvítur (marmara). Fundarlaun í boði. Uppl. í síma 586 8424, 824 8894 & 820 8696.

Ýmislegt

Hárgreiðslustóll til leigu inni verslun á Laugavegi. Góð aðstaða í skemmtilegu umhverfi. Uppl. í s 697 3800.

Einkamál

Ertu einmanna? Til hvers, margir með svipuðu áhugamáli og skoðanir eru núna innskráðir á einkamal.is og biða eftir að kynnast þér. Einkamal.is fyrir fólk eins og þig.

Karlmaður um fimmtugt óskar eftir að kynnast konu á svipuðu reki með vin- áttu og ferðalög í huga. Trúnaði heitið. Áhugasamar sendi Fréttablaðinu uppl. mert "Trust05" fyrir 24. sept.

Múrarar.
Vegna anna þá þurfum við að bæta við okkur múrurum.
Hjá okkur er allt mælt og góður aðbúnaður. Virkt starfsmannafélag og góður starfsandi.
Upplýsingar í síma 693 7300.

BYGG

SJÓNARHORN



Sólarlag við höfnina í Kópavogi. Ljósmynd: Einar Ólason.

Sunnudagar eru frábærir

Ásta Kristjánsdóttir

Best við sunnudaga

Það sem mér finnst best við sunnudaga er að vera með fjölskyldu og vinum í rólegheitum. Það er líka fínt að vera í fríi og sofa út.

Verst við sunnudaga

Það versta við sunnudaga er stressið vegna vinnuvikunnar sem er að byrja. Það getur verið svolítið erfitt að koma sér aftur í gang. Annars finnst mér sunnudagar bara frábærir dagar.



Frábær námskeið

Tungumál

Enska, spænska, rússneska, þýska, franska, danska, ofl.

Handverk og listir

Vatnslitamálan, olíumálan, skartgripagerð, skrautritun, eldsmiði, leirmótun, mósaik

Tónlist

Söngnám/Karaoke, hjómborð, gítar, bassi, trommur, fiöla, söngtextagerð, harmonikka,

Tölvur og bókhald

Tölvupóstur/internet, almennt tölvunám, stafræn myndavél, autocad 2006, powerpoint, stofnun og rekstur fyrirtækja, Fjármálanám m/Ingólfi Ingólfs.

Dans

Tangó í samstarfi v/Kramhúsið

Heilsa - útlit/hreysti

Förðunarnámskeið, skokk, stafaganga, nudd, naglaásetningarnámskeið

Matur

Tapas smáréttir, alvöru kaffinámskeið, veislumaagerð, fyrir sauma- og matarklúbblinn

Ýmis námskeið

Hlæjum saman og tölum saman með Eddu Björgvíns. Íslenskar lækningarjurtir, fyrir dýraeigendur Boð og borðsiðir m/Bergþóri

MIDSTÖÐ SÍMENNTUNAR

í Hafnarfirði

S: 585-5860

namsflokkar.hafnarfjordur.is



gítar

skóli Ólafs Gauks

www.gitarskoli-olgauchs.is

30
ára

OPIÐ HÚS

Í TILFNI 30 ára starfsafmælis Gítarskóla Ólafs Gauks verður opið hús í dag, sunnudag 18. sept., kl. 14.00 – 17.00. Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér skólann, námsefni, aðstöðu o.s.frv. eru boðnir velkomnir í skólann, Síðumúla 17. Komið og „takið í“ kennslugítarana sem notaðir eru í hóptímum, litlum hóptímum og einkatímum!



Í DAG KL. 14-17

Syngur rómantísk ljóð í Listasafni

Elín Halldórsdóttir sópransöngkona flutti nýlega til landsins frá Regensburg í Þýskalandi, þar sem hún hefur búið í nokkur ár. Hún verður með tónleika í Listasafni Íslands á morgun ásamt Jörg Sondemann, sem leikur með henni á píanó. Þau nefna tónleikana „Gullkorn“ og ætla að flytja íslenska og þýska ljóðasöngva eftir Sigfús Einarsson, Jón Þórarinsson, Pál Ísólffsson, Gylfa Þ. Gíslason, Robert Schumann, Johannes Brahms og Richard Strauss.

„Þetta eru ljíf rómantísk ljóð og dramatíkin verður yfirstærkari eftir því sem líður á tónleikana,“ segir Elín. „Allt saman lög sem eru í miklu uppáhaldi hjá mér.“

Elín lærði söng og píanóleik, fyrst hér heima og síðan í London

og Köln. Undanfarin ár hefur hún unnið sem söngkona og kennari í Regensburg í Þýskalandi og stofnaði þar tvo sönghópa sem hafa skapað sér nafn þar ytra. Annar þeirra er kvennasönghópurinn Femmes Fatales og samanstendur af nokkrum bestu söngnemendum hennar, en hinn er gospelkórinn Spirit of Joy, sem hefur komið víða fram.

Elín segir sannkallað gospelæði hafa gripið um sig í Evrópu og hún hafi gjörsamlega fallið fyrir þessari tónlist, þótt hún sé menntuð í klassískum söng.

„Úti í Þýskalandi og víðar í Evrópu er risinn upp gospelkór við nánast allar kirkjur, hvort sem þær eru kaþólskar eða evangel-

ískar. Þetta eru kórar sem eru stofnaðir til hliðar við sjálfa kirkjukórana, oft af áhugamanneskjum, og verða svo vinsælir og eru fengnir til að flytja tónlist út um allt.“

Kórinn hennar Elínar hafði svolitla sérstöðu meðal þessara kóra vegna þess að hann söng jafnan án undirleiks.

„Oftast eru þessir kórar að syngja með rafmagnsryðmaband með sér og mikið brass, en ég tók þá stefnu að láta kórinn syngja eingöngu a capella, fjórraðað. Það er upprunalegra, eins og gospeltonlistin var upphaflega flutt.“

Elín heldur ennþá tengslum sínum við Þýskaland. Til dæmis er búið að bjóða henni að fara á



ELÍN HALLDÓRSDÓTTIR Syngur rómantísk ljóð í Listasafni Íslands.

stórt gospelkóramót þar í landi á næsta ári, þar sem hún verður raddþjálfari.

„Ég fæ líka að koma með íslenskan kór með mér. Þannig að

ég verð að drífa mig í að stofna gospelkór, eða auglýsa eftir íslenskum gospelkór sem hefur áhuga á að koma með mér í þessa ferð.“



[METSÖLULISTI]

EYMONDSSON
MÁL OG MENNING
PENNINN

ADALLISTINN - ALLAR BÆKUR

- 1 SKOTGRAFARVEGUR – KILJA
Kari Hotakainen
- 2 FRÍDLAND – KILJA
Liza Marklund
- 3 KRÓNPRINSESSAN
Hanne-Vibeke Holst
- 4 ÞÚ ÁTT NÓG AF PENINGUM
Ingólfur H. Ingólfsson
- 5 ÍSL-DÖNSK/DÖNSK-ÍSL.
VASAORÐABÓK
Halldóra Jónsdóttir – ritstjóri
- 6 MÓÐIR Í HJÁVERKUM – KILJA
Allison Pearson
- 7 DÖNSK-ÍSL./ÍSL-DÖNSK
ORÐABÓK
Orðabókaútgáfan
- 8 ALKEMISTINN – KILJA
Paulo Coelho
- 9 ÓSKAR OG BLEIKKLÆDDA
KONAN- KILJA
Eric-Emmanuel Schmitt
- 10 LÆKNUM MEÐ HÖNDUNUM
Birgitta Jónsdóttir Klasen

SKÁLDVERK – INNBUNDNAR BÆKUR

- 1 KRÓNPRINSESSAN
Hanne-Vibeke Holst
- 2 FROST
Roy Jacobsen
- 3 STEINN STEINARR -
LJÓÐASAFN
Steinn Steinarr
- 4 SPÁMADURINN
Kahlil Gibran
- 5 HÁVAMÁL
Vaka Helgafell
- 6 LJÓÐASAFN HANNESAR
PÉTURSSONAR
Hannes Pétursson
- 7 FURÐULEGT HÁTTARLAG
HUNDS UM NÓTT
Mark Haddon
- 8 PS. ÉG ELSKA ÞIG
Cecelia Ahern
- 9 SALKVA VALKA
Halldór Laxness
- 10 ÍSLANDSKLUKKAN
Halldór Laxness

Listinn er gerður út frá sölu dagana
07.09.05 – 13.09.05 í Bókabúðum Máls
og menningar, Eymundsson og Pennanum.

- ★ Barnabækur
- ★ Handbækur
- ★ Kiljur
- ★ Ritsöfn
- ★ Ættfræðibækur
- ★ Ævisögur
- ★ Skáldverk
- ★ Unglingabækur
- ★ Ljóðabækur
- ★ Listaverkabækur
- ★ Fræðibækur
- ★ Stórvirki

OPIÐ
alla daga
kl. 11-19

LAGERSALA EDDU

Fellsmúla 28
(gamla World Class húsinu)

Komdu og gerðu
frábær kaup!

Við rýmum fyrir jólabókunum
Yfir 1.300 spennandi bókatitlar
undir 1.000 kr.

3 frábærar ástæður fyrir
því að koma í Fellsmúlan:

Ekki missa af
ævintýrlegum
tilboðum á
sívinsælum
bókum!

Sparaðu
þúsundir
króna!

199
kr.

399
kr.

599
kr.

799
kr.

999
kr.

1. Allir sem versla
á markaðnum
fá vandaða bók í kaupbæti.

2. Öll börn sem koma
á markaðinn fá
gefins Andrésblað
og blöðru!

3. Þeir sem kaupa
fyrir meira en
10.000 kr. fá Söguatlas
að verðmæti 14.990 kr.
í kaupbæti.

EINSTAKT VERÐ
OG GLÆSILEG
SÉRTILBOÐ!

BÓKAMARKAÐUR ÁRSINS!

Edda

Velur leiksýningar á Broadway

Elín Sigríður Eggertsdóttir hefur verið búsett í Bandaríkjunum síðastliðin sjö ár. Þar hefur hún lagt stund á leikhúsfræði og leikhússtjórn en undanfarið ár hefur hún unnið hjá fyrirtækinu Clear Channel Entertainment. Þóra Karítas forvitnað-ist um starf Elínar og markaðsleikhúsin í Bandaríkjunum.

„Ég byrjaði að vinna í leikhúsdæildinni hjá Clear Channel Entertainment fyrir um ári síðan,“ segir Elín Sigríður Eggertsdóttir en fyrirtækið sem hún vinnur hjá er eitt stærsta framleiðslufyrirtæki á markaðsleikhúsi í Bandaríkjunum. Starf Elínar er erilsamt en hún er aðstoðarmaður forstjóra fyrirtækisins Scott Zieger. „Starf mitt gengur út á að skoða nýjar sýningar til að setja upp á Broadway. Ég les því mikið af handritum eftir leikskáld og söngleikjahöfund,“ segir Elín. „Ég fer ósjaldan á samlestra á sýningum sem verið er að leita að framleiðendum fyrir og funda með listamönnum sem eru með hugmyndir að verkum til að setja upp. Þegar ég hef skoðað sýningu eða hugmyndir gef ég álit á því hvort mér finnst ástæða til þess að skoða sýninguna nánar. Scott Zeiger tekur að sjálfsgöðu lokaákvörðunina um þau verkefni sem fyrirtækið velur að setja á svið en hann hlustar alltaf skoðanir fólks innan fyrirtækisins áður en slíkar ákvarðanir eru teknar. Að þessu loknu tekur við að leigja leikhús, ráða leikstjóra, ganga frá samningum og mitt starf gengur að miklu leyti út á að halda því ferli gangandi.“

Elín vinnur nú í nýrri deild sem nefnist Productions, en það er framleiðsludeild sem sérhæfir sig í að framleiða nýtt efni fyrir leikhús. Hún hefur því verið með putt-

ana í fjölmörgum nýstárlegum sýningum. „Í fyrra settum við upp eins manns sýningu með Billy Crystal í aðalhlutverki, tókum þátt í Spamalot, nýja Monty Python-söngleiknum, og settum upp söngleik sem var byggður á kvikmyndinni The Bird Cage svo eitthvað sé nefnt. Núna erum við hins vegar að vinna með Cirque Du Soleil að sirkussýningu sem mun ferðast um Bandaríkin á næsta ári,“ en Cirque Du Soleil þykir einn besti sirkus í heimi. „Þeir eru með mjög hæfileikaríka leikstjóra á sínum snærum þannig að við erum mjög spennnt fyrir því að vinna með þessum sirkus.“

Úr leikhúsinu í spilavítinu

Framleiðslufyrirtækið sem Elín vinnur hjá er staðsett á Times Square í New York en þar hefur fyrir-



ELÍN EGGERTSDÓTTIR
Elín er menntuð í leikhússtjórnun í Yale og starfar nú í einu stærsta framleiðslufyrirtæki fyrir markaðsleikhús í Bandaríkjunum.

tækið eitt leikhús á sínum snærum. Þar er núna verið að sýna breska söngleikinn Chitty chitty bang bang fyrir fullu húsi. „Við fluttum þann söngleik yfir frá London á síðasta ári,“ en Elín segir að sýningarnar séu oft reynslukeyrðar í Bretlandi og rekur Clear Channel Entertainment rekur átján leikhús í Bandaríkjunum og tuttugu og tvö leikhús í Bretlandi.

Blómleg markaðsleikhústarfsemi er einnig að finna í spilavítisborginni Las Vegas. „Það er vaxandi eftirspurn á sýningum í Las Vegas en leiksýningar þar eru með töluvert öðru sniði en vaninn er. Efniviðurinn í þessum sýningum er töluvert léttari en í dæmigerðu leikhúsi og þarna eru meiri kröfur um sjónrænar sýningar og áhorfendur vilja fá að sjá mikið af tæknibrellum. Þarna er að finna allt annan markað en á Broadway og til að koma til móts við áhorfendur eru allar sýningar 90 mínútur án hlés.“ Elín segir að allt sé þetta gert með það í huga að áhorfendur mæti í leikhúsin, horfi á sýninguna og fari svo strax út á spilavítin. „Í Las Vegas er óvenju mikið álag á leikurum, verkin eru sýnd tíu sinnum í viku og algengt er að leikarar sýni tvær sýningar á einu kvöldi.“

Elín vinnur að því núna að skipuleggja nýja uppfærslu af Óperudraugnum eða Phantom of the Opera í Las Vegas en sú sýning



CIRQUE DU SOLEIL Elín vinnur nú að sýningu með einum fremsta sirkus í heimi og skipuleggur ferðir þeirra um Bandaríkin.

virðist vera ansi stór í sniðum. „Það er verið að sérbyggja leikhús fyrir Óperudrauginn sem er innréttad eins og upphaflega Parísar Óperan. Harold Prince, sem leikstýrði sýningunni fyrir tuttugu árum er mættur aftur til að leikstýra og uppfæra verkið. Það veitir ekki af því ýmislegt í leikgerðinni hefur úrelst á tuttugu árum.“

Fékk starfið í gegnum námið

Að loknu stúdentsprófi vissi Elín strax að hana langaði til að læra leikhússtjórnun. „Það er til fullt af góðum leikurum og leikstjórum en þegar ég var að fara í nám fannst mér vanta upp á að stjórnendur leikhúsa hefðu menntun eða reynslu á sínu sviði. Þetta hefur þó sem betur fer breyst mikið á síðustu árum. Nú orðið algengara að stjórnendur leikhúsanna hafi einhvers konar viðskiptamenntun á bakinu og það skilar sér meðal annars í skýrari stefnumótun, samningum við styrktaraðila og betri markaðssetningu.“

Elín hikaði ekki við að láta draum sinn rætast og fluttist til Bandaríkjanna beint eftir stúdentsinn. „Mér fannst að leikhúsfræði hlyti að vera góður undirbúningur fyrir leikhússtjórnunina og byrjaði því á að fara í BFA-nám í leikhúsfræði í Boston University. Á mínu síðasta ári í leikhúsfræðinni sótti ég um í Yale School of Drama í deild sem heitir Theatre Management eða leikhússtjórnun. Ég komst þar inn í þriggja ára meistaranám. Á öðru ári er maður skyldaður til þess að vera lærlingur í leikhúsi eða framleiðslufyrirtæki og þannig kynntist ég Clear Channel Entertainment. Ég varð strax mjög hrifin af starfsemi og þegar ég útskrifaðist hafði ég

því eðlilega samband við fyrirtækið og var boðin vinna.“

Vill sjá Vesturportíð í New York

Þótt Elín hafi búið í Bandaríkjunum í sjö ár finnst henni ekki að hún búi langt í burtu frá Íslandi. „Ég hef alltaf búið í borgum þar sem hefur verið beint flug til Íslands. Á tímabili var bróðir minn í námi í sömu borg og föðursystir mín býr í New York. Fólk er duglegt að heimsækja mig þannig að ég finn aldrei fyrir því að ég sé langt í burtu.“

Aðspurð um hvort Elín sjái fyrir sér að koma heim til Íslands og nýta menntun sína hér á landi segir hún. „Ég spái ekki svo langt fram í tímann. Leikhússtjórnunarmenntun getur reyndar nýst í margt, ekki eingöngu til þess að stjórna leikhúsi heldur í rauninni í stjórnunarstörf í hvaða menningarstofnun sem er, hvort sem um er að ræða sinfóníuhljómveit eða danskompaní.“

Gæti verið að Elín leggi einhvern tíma til að íslenskt leikrit verði sett á svið markaðsleikhússins í Broadway. „Íslensk leikrit finnst mér standa mjög framarlega að mörgu leyti. Ég hef séð mörg mjög góð stykki í íslensku leikhúsunum og finnst til dæmis spennandi að fylgjast með Vesturportinu. Það væri gaman að sjá þau gera eitthvað í New York en annars er þetta alltaf spurning um hvað er aðgengilegt fyrir áhorfendur hverju sinni og í hvernig verki þeir finna samsvörun í. Við á Íslandi eigum stundum erfitt með að spegla okkur í bandarískum veruleika og ætli Bandaríkjamönnum myndist ekki svolítið skrítið að reyna að spegla sig í þeim íslenska.“

Hagkaups-Damien Rice

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Ég verð að viðurkenna að ég botna lítið í gífurlegum vinsældum James Blunt. Fyrir mér er þetta steingelt, sálarlaust og innantómt.

Útsetningar finnst mér vera flatar og þreytandi. Söngstill Blunts finnst mér tilgerðaslegur og lögin hljóma eins og hann hafi stolið hljómaganginum frá sönglagabók Greifanna. Textarnir eru þynni en pappír. Ég held að ég sé frekar þolinmóður maður, en fyrir mér var það algjör kvöl og þína að renna í gegnum þessa plötu þrisvar sinnum. Það eina sem ég gat eitthvað tengt mig við er lokakafinn í laginu So Long Jimmy þar sem herra Blunt vitnar all rækilega í eitt besta lag The Doors, Riders on the Storm.

Með þetta að leiðarljósi hef ég þróað með mér kenningu. Ég trúir því að það sé fullt af fólki þarna úti sem stígur nær aldrei fæti sínum inn í plötubúðir. Þetta sama fólk gerir líka fánlega lítið af því að sækja tónlist á netinu, nær aldrei. Eina tenging þeirra við tónlistarheiminn er í gegnum Rás 2 og Bylgjuna. Þau eru af gamla skólanum og trú á því í einfaldni sinni að þessar tvær stöðvar hljóti að gefa þeim sneiðmynd af því sem er að gerast í tónlistarheiminum í dag. Þetta er sama fólk og trúir því að ef plötur eru ekki auglýstar í sjónvarpinu, þá geti þær varla verið mikils virði. Eða þá, sem er öllu verra, að þeim er einfaldlega bara alveg sama.

Þetta fólk kaupir bara þessa einu plötu á ári sem plötufyrirtækin kjósa að auglýsa sem: „Ef þú



JAMES BLUNT: BACK TO BEDLAM

Niðurstaða: Frumraun James Blunt er búin að seljast í hundruðum þúsunda eintaka í Bretlandi. Samt er hún merkilega sálarlaus og innantóm, ekki trú á sjónvarpsauglýsingunum.

kaupir bara eina plötu á þessu ári vertu þá viss um að fá þessa.“ Svo hlusta þau auðvitað aldrei á hana.

Til að hafa það á reinu þá geri ég mér líka grein fyrir því að „þetta fólk“ er í meirihluta, sem gerir mig sjálfkrafa að hrokafullum andskota fyrir að skrifa þetta. Frumraun James Blunt er platan í ár sem þetta fólk fær skipun um að kaupa. Ykkur verður öllum sagt að hann sé svolítið eins og Damien Rice, Ryan Adams eða Jack Johnson. Eða þá að það svífi svipuð vellíðan yfir tónum hans og Noruh Jones.

Það er satt að þetta er sjálfhverft gaul líkt og svo margir af hinum fyrrnefndu eru líka sekir um, en hvergi hefur Blunt sömu dýpt og t.d. vinur okkar Damien Rice. Hvað þá hinn seiddandi sjarma Noruh Jones! Fyrir mér er Blunt einfaldlega Hagkaupsútgáfan af Damien Rice, skreyttur pakki með slaufu en engu innan í.

Birgir Örn Steinarsson

HALLÓ REYKJAVÍK!

FOREX hefur opnað útibú á Íslandi! Við erum stærsta fyrirtækið í almennum gjaldeyrisviðskiptum á Norðurlöndum, með 72 vel staðsett útibú í Svíþjóð, Danmörku, Noregi og Finnlandi.

Við höfum stundað gjaldeyrisviðskipti í yfir 40 ár - við kunnum á gjaldeyrinn!

- 70 gjaldeyristegundir á lager
- Samkeppnishæft gengi og góður opnunartími
- Það kostar ekkert aukalega að kaupa af okkur erlendan gjaldeyri og ef þú geymir FOREX-kvittunina þína geturðu skipt aftur til baka ókeypis
- Sendu peninga um víða veröld á aðeins 10 mínútum! Við sjáum um peningasendingar með MoneyGram og FOREX Transfer

Verið hjartanlega velkomin til FOREX í Bankastræti 2, Reykjavík
Opnunartímar: mán-fös 10-18, lau 10-16 og sun 10-14

Þú getur líka hringt í okkur í síma 551 7755 og lagt inn pöntun og við höfum gjaldeyrinn tilbúinn fyrir þig þegar þér hentar

FOREX
MORE MONEY FOR YOUR MONEY



Örendur í íbúð sinni í 14 daga

Franz Stavarsson hafði búið hér á landi í tæpa fjóra áratugi þegar hann lést. Hann lenti utangarðs í kerfi félags- og heilbrigðismála, þrátt fyrir dygga aðstoð tveggja miskunnsamra Samverja. Hann hafði verið látinn í íbúð sinni í um það bil hálfan mánuð þegar hann fannst.

Franz Stavarsson, aldraður Íslendingur af jógóslavneskum ættum, var rétt tæplega sjötugur þegar hann lést. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir tveggja vina hans, þeirra einu sem virtust láta sig velferð hans skipta, tókst ekki að fá handa honum þá félagslegu þjónustu sem hann þarfnadist og átti rétt á, að því er þeir segja. Franz fannst örendur í íbúð sinni um miðjan ágúst og hafði þá legið þar svo dögum skipti.

Þeir Hafberg Þórisson, garðyrkumaður í Lambhaga, og Hilmar Einarsson ræða af einlægni um þennan skjólstæðing sinn, sem átti ótrúlega ævi í landi velmegunar, þar sem menn státa sig af traustu heilbrigðis- og félagsmálakerfi. Franz var utangarðsmaður í eigin landi.

„Ég tók fyrst eftir Franz þar sem hann var á gangi eftir hitaveitustokknum milli Mosfellsbæjar og Reykjavíkur,“ segir Hafberg, sem tók manninn upp á arma sína fyrir 16 árum, 1989. „Þá var hann grindhólaður og illa til reika, eins og hver annar umrenningur. Ég gaf mig á tal við hann og bauð honum vinnu við ýmis viðvik í Lambhaga. Hann reyndist þá búa í hitaveitukompu sem var svo þröng að hann gat ekki rétt úr sér. Hann svaf í garðstól. Ég sló á léttu strengi og spurði hann hvernig hann færi að þegar hann kæmi heim með dömu. Þá hló hann, kallinn.“

Hafberg komst að því að Franz hefði fæðst í Slóveníu, sem þá var undir ítölskum yfirráðum, þann 25 nóvember 1935. Hann hefði því orðið sjötugur á þessu ári. Hann kom til Íslands 1958 með flóttamönnum frá Balkanskaganum. Þá var Titó við völd í Jógóslavíu.

Franz byrjaði til sjós hér og fór fljótlega að vinna hjá Álafossi í Mosfellssveit ásamt öðrum Jógóslövum. Eftir að starfssemi Álafoss var hætt var hann ekki í föstu starfi en bæjarstarfsmenn í Mosfellssveit og fleira gott fólk höfðu alltaf auga með honum og útveguðu honum launuð „verkefni“ svo hann hefði eitthvað til að lifa á. Var hann þá á vergangi og orðinn nokkuð sérhlunda sem ágerðist með tímanum.

„Ég bauð honum að búa í Lambhaga um sinn sem hann þáði,“ heldur Hafberg áfram. „Hann reyndist mjög handlaginn og einstakt snyrtimenni. Hann sá um sáningar og unglötuuppeldi hér á gróðrarstöðinni. Hann varð fastur starfsmaður hjá mér þar til hann var kominn á 68. aldursár 2003. Þá lét hann af störfum að eigin ósk. Franz var alltaf við góða líkamlega heilsu og ekki minnst ég að hann hafi verið frá vinnu einn dag frá því að hann byrjaði í Lambhaga. Hann var samviskusamur með afbrigðum og góður starfsmaður.“

Rafmagnslaus um jólin

Fyrir átta árum flutti Franz svo frá Lambhaga, að eigin ósk. Hafberg fann þá handa honum góða leiguíbúð í Grafarvogi. Þar með eignaðist Franz annan málsvara til viðbótar, þar sem var Hilmar Einarsson eigandi íbúðarinnar.

En nú upphófst atburðarás sem þeir Hafberg og Hilmar eru svo ósáttir við að þeir geta ekki orða bundist.

„Það var fyrir um það bil tveimur árum að Franz hætti að greiða húsaleigu,“ segir Hilmar. „Ég fór þá að rukka hann og hann sagðist vera að fá aur. Svona gekk þetta með ýmsum tilbrigðum næstu mánuði og, en við hjónin vildum ekki láta hann út á guð og gaddinn, þótt hann borgaði ekki leiguna. Hann heimsótti okkur öðru hverju, en átti aldrei fyrir leigunni. Hann hafði greitt tryggingu fyrir íbúðinni og þeir peningar voru inni á bók. Í fyrrihaust kom hann til okkar og sagðist ekki



JARÐNESKAR LEIFAR Hafberg Þórisson og Hilmar Einarsson með jarðneskar leifar Franz Stavarssonar vinar síns í Fossvogskapellu. Tekin verður ákvörðun um hvar duftker hans verður jarðað þegar ættingar hans koma hingað, síðar í þessum mánuði.

eiga fyrir mat; hvort við gætum nokkuð látið hann hafa svolítið af tryggingarpeningunum. Við létum hann hafa 40 þúsund.“

Það var þó ekki fyrir en um síðustu áramót sem Hafberg og Hilmar áttuðu sig á hvernig málum gamla mannsins var raunverulega komið. Þá komst Hilmar á snodir um að rafmagninu hjá honum hafði verið lokað fyrir jólin.

„Ég var hálfhneykslaður á að þeir skyldu loka á kallangann rétt fyrir jólin og lét opna aftur,“ segir hann. „Eftir áramótin fórum við svo að vinna í kerfinu, allt frá ráðuneytum til félagsmálastofnana.“

Á þessu tímabili varð ljóst að Franz hafði ekki fengið almanna-tryggingabætur, enda ekki sótt um. Hilmar og Hafberg gengu í að afla umsóknargagna og fá hann til að skrifa undir, en hann neitaði, enda „orðinn barn í annað sinn,“ eins og þeir orðuðu það. Hann hafði alltaf lítið svo á að peningar sem hann vann ekki fyrir hörðum höndum væru ölmusa, auk þess sem hann var haldinn „fóbúi“ við að setja nafnið sitt við eitthvað. Í vor tókst þó loksins að þröngva honum til að skrifa undir með því að Hilmar sagði honum upp húsnaðinu, sem var þó bara mála-myndagjörningur. Hilmar gekk einnig í að þinglýsa endurnýjuðum húsaleigusamningi, þannig að Franz fengi húsaleigubætur. Þeir Hafberg vildu sjá félagsmálakerfið bregðast við og veita gamla mannum aðstoð, svo sem heimahjúkrun eða félagslega umsjón af einhverju tagi, þar sem hann væri orðinn svo lasburð.

Öll sund lokuð

Hafberg vildi helst svipta hann sjálfræði til að hægt væri að koma honum á dvalarheimili. En þá voru engir aðstandendur til að

skrifa undir og þeir félagar máttu hvorki skrifa upp á það né neitt annað sem viðkom Franz, nema þeir hefðu umboð. Það stóð sumsé allt fast. Hafberg hafði þá á orði í einni heimsókninni til félagsþjónustunnar að Hilmar myndi enda á því að bera gamla manninn út sem liðið lík úr því að hvorki gengi né ræki og félagsmálaþjónustan væri ekki tilbúin til að ganga skrefi lengra en henni nauðsynlega bar.

Um mánaðamótin júlí-ágúst hugðist Hilmar heimsækja Franz og líta til með honum. Hann kom ekki til dyra þegar bankað var.



HEIMILIÐ Heimili Franz Stavarssonar. Hann var mikill snyrtipinni, en var greinilega orðinn mikið veikur undir það síðasta. Þannig hafði hann kastað upp í stofunni og á salerninu. Eigendur íbúðarinnar, hjónin Hilmar Einarsson og Monika Baldursdóttir, munu sjá um að koma dánarbúinu í hendur ættingja hans.

Hilmar gerði þá Hafberg viðvart sem mætti með stiga til að komast inn. Skyndilega opnuðust dyrnar og gamli maðurinn gæðist út. Hann hafði heyrt skarkalann og vildi athuga hvað um væri að vera. Annars læsti hann sig alla jafna inni og ansaði ekki dyrabjöllunni.

„Hann leit mjög illa út og virtist vera lasinn,“ segir Hilmar. Þeir félagarnir ræddu stundarkorn við Franz, sem sagðist þá hafa verið veikur en væri nú að hressast.

Fyrstu vikuna í ágúst ákvað Hilmar að líta aftur til hans. Hann kom ekki til dyra. Hilmar lét þá orðsendingu í póstkassann hans þar sem hann bað Franz að líta til þeirra hjónanna. Hafberg var í útlöndum á þessum tíma. Hann ætlaði að láta það verða sitt fyrsta verk að leita uppi ættingja Franz erlendis þegar hann kæmi heim, til að fá umboð til að koma honum á elliheimili.

Þann 16. ágúst hafði rannsóknarlögreglan samband við þá félagar og sagði þeim að Franz hefði fundist látinn í íbúðinni sinni. Nágrannar hans höfðu ekki orðið varir við hann í nokkurn tíma og gerðu lögreglunni því viðvart.

Út yfir gróf og dauða

Hafberg annaðist útför Franz Stavarssonar. Hann tilkynnti prestinum sem jarðsöng að hann vildi hafa veglega útför, söng og tilheyrandi. Hann myndi borga umframkostnað ef einhver yrði. Sungrir voru sálmar við lög eftir tónskáld frá Balkanlöndunum. Tíu manns mættu auk þeirra Hafbergs og Hilmars sem báru kistuna. „Við Hilmar bárum hann út í bíl eins og hvern annan höfðingja,“ segir Hafberg með hlýju í röddinni. Líkið var brennt að afhöfn lokinni með leyfi aðstand-

enda sem náðst hafði til eftir að gamli maðurinn dó.

Hafberg og Hilmar eru sárir vegna þess hvernig ævilok Franz bar að.

„Hann var búinn að liggja dáinn í íbúðinni sinni í um það bil 14 daga þegar hann fannst, samkvæmt krufningaskýrslunni,“ segir Hafberg. Hann telur að grunnástæða andláts gamla mannsins hafi verið næringarskortur.

„Svona getur farið ef lögum og reglum er ekki breytt,“ segir Hafberg. „Ef fólk hugsar einungis um eigin stól þá á þetta eftir að endurtaka sig mörgum sinnum. Þessi maður hafði aldrei þegið neitt og við tveir sem stóðum þarna hvað eftir annað og báðum um hjálp fyrir hann fengum enga úrlausn. Í síðasta skiptið sem Hilmar fór til félagsmálayfirvalda til að ræða mál efni Franz á hann örendur heima hjá sér. Þessi tilhugsun er ömurleg og mér er málið skylt á margan hátt því ég er að eldast líka.“

Íbúðin sem gamli maðurinn lést í var innsiglið af lögreglu og var innsiglið ekki rofið fyrir en síðastliðinn miðvikudag.

„Nú er málið komið í þann farveg að kýta við kerfið um það hver eigi að sjá um að tæma íbúðina og geyma dótið hans þar til ættingjar hans koma,“ segir Hilmar. „Enginn vill taka það á sig og félagsmálayfirvöld vísa bara á lögreglu.“

Þessir tveir heiðursmenn, Hafberg og Hilmar, hafa enn ekki sleppt hendinni af Franz. Ættingjar hans eru væntanlegir hingað til lands til að ákveða hvar duftkerið hans verði grafið. Hafberg efnir boðið þeim að búa hjá sér. Hilmar sér um dánarbúið. Þeir tvímenningarnir styðja enn við sinn mann. Út yfir gróf og dauða.

jss@frettabladid.is



Dóttir Gwyneth er farin að tala

Dóttir Gwyneth Paltrow og Chris Martin getur talað nokkur orð í spænsku. Gwyneth sagði að fyrsta orð dóttur sinnar hefði verið „aqua“, en það þýðir vatn á spænsku. „Stundum tala ég við Apple á spænsku því ég vil að hún læri hana líka,“ segir Gwyneth. Hún bætir því við að það sé alltaf að bætast við orðaforða dótturinnar. „Hún segir „chop chop“ í stað-

inn fyrir þyrla en hún gerir sér ekki grein fyrir því að þyrla og flugvél eru tveir ólíkir hlutir.

Gwyneth heldur því einnig fram að Apple sé farin að líkjast fósturpabba sínum að mörgu leyti. „Hún er mjög óþolinmód og það fær hún frá mér, en hún er algjör grínisti. Hún gerir ýmsa hluti sem fá mann til að springa úr hlátri og það minnir mig á manninn minn.“ ■



LANDSLIÐ ÍSLENSKRA KAFFIBARÞJÓNA Bestu kaffibarþjónar landsins keppa á Norðurlandamóti kaffibarþjóna í Osló á næstunni.

Norðurlandamót kaffibarþjóna

Norðurlandamót kaffibarþjóna verður haldið í Osló dagana 22.-24. september. Íslenska liðið er skipað bestu kaffibarþjónum landsins en þeir eru Sigga Dóra Halldórsdóttir, Kristín Ingimarsdóttir, Jónína Tryggvadóttir og Njáll Björgvinsson. Þjálfari liðsins er Ragnheiður Gísladóttir frá Kaffitári en hún er einnig liðsstjóri hópsins.

Heimsmeistaramót kaffibarþjóna hafa verið haldin í fimm ár, eða frá árinu 2000. Ákveðið var að bryðja upp á nýjungum og halda Norðurlandamót kaffibarþjóna þegar í ljós kom að Norðurlandabjódírnar skipuðu efstu sæti heimsmeistaramótanna hvert ár. „Tilgangur keppinnar er sá að hafa gaman af þessu, þó svo að þetta sé reyndar orðin grafalvar-

leg keppni í hugum liðsmanna,“ segir Ragnheiður Gísladóttir. „Munurinn á Norðurlandamótinu og heimsmeistaramótinu er sá að á heimsmeistaramótinu er allt planað fyrirfram svo að liðsmenn vita nákvæmlega út í hvað þeir eru að fara. Þar er keppt í því að búa til cappuccino, espressó og frjálstan drykk. Á Norðurlandamótinu er hins vegar ekkert gefið upp. Þar getur allt gerst.“

Í fyrra var Norðurlandamót kaffibarþjóna haldið á Íslandi og Ragnheiður segir það hafa verið mjög áhugavert. „Við fórum upp í sveit og mjólkuðum kýr. Svo vorum við látin búa til cappuccino beint úr kúnni. Það var mikil fjósastemning.“ Mótið reynir á alhliða kaffiþekkingu þannig að landsliðið hefur þurft að fara í

gegnum alla tækniþekkingu í sambandi við vélarnar og fleira, því við öllu er að búast. Danir unnu keppnina í fyrra og þeir hafa þrisvar sinnum landað heimsmeistaratitlinum. Keppnin í ár verður hörð og íslenska liðið er vel undirbúið. „Það skiptir máli að allir vinni vel saman. Liðsheildin er mjög mikilvæg,“ segir Ragnheiður.

Sigurlið Norðurlandamóts kaffibarþjóna fær ferð til Brasilíu þar sem keppendum gefst kostur á að taka þátt í leitinni að besta kaffinu í Brasilíu (cup of excellence). Tilgangurinn með þeirri leit er að bóndinn fái sannaðgjarnara verð fyrir kaffið sitt en á almennum markaði og að kaffibarþjónar komist í meiri nálægð við kaffiframleiðendur. ■

o p n i listaháskólinn

Haustnámskeiðin

Tíðarandi í hönnun og tísku

31. október – 28. nóvember
Mánudaga 20.15 – 22.00

Umsjón: Guðmundur Oddur Magnússon grafískur hönnuður og prófessor við LHÍ og með honum verður Ragnar Helgi Ólafsson heimspekingur og myndlistamaður.

Á námskeiðinu verður fjallað um sögu myndmáls í hönnun, auglýsingum, markaði, arkitektúr, tísku og húsgögnum á seinni hluta 20. aldar. Hver áratugur tekinn fyrir og skoðað hvaðan hlutirnir koma, hvernig þeir hafa áhrif hver á annan. Myndmál, hönnun og tísku skoðuð í samhengi við þróun rokkónlistar.

Staður: Skipholt 1, stofa 105

Þáttökugjald: 9.000 kr.

Hvað er samtímaleiklist?

5. október – 23. nóvember
Miðvikudaga 20.15 – 22.00

Umsjón: Una Þorleifsdóttir, leikstjóri og leiklistarfræðingur og með henni verður Magnús Þór Þorbergsson, leiklistarfræðingur.

Markmið námskeiðsins er að:
· velta upp spurningunni hvað er samtímaleiklist?
· skoða ramma hennar og stöðu leiklistarinnar almennt.
· kynna helstu strauma í evrópsku samtímaleikhúsi
· vikka sjóndeildarhring og skilning þátttakandans á hugtakinu leiklist.

Staður: Sölvhólgata 13

Þáttökugjald: 14.000 kr.

Ímyndir kynjanna í fjölmiðlum

29. september – 13. október
Fimmtudaga 20.15 – 22.00

Umsjón: Gunnar Hersveinn heimspekingur og blaðamaður.

Spurningar: Hverjar eru arfmyndir kynjanna? Eiga nútíma birtingarmyndir kynjanna í fjölmiðlum og auglýsingum sér fornar táknmyndir? Hverjar eru helstu ímyndir kvenna í auglýsingum og fjölmiðlum og hverjar karla? Hvernig eru þessar ímyndir greindar?

Staður: Laugarnesvegur 91, stofa 024

Þáttökugjald: 5.500 kr.

Svona er nútímalistin

Námskeið fyrir áhugasama til glöggvunar á list samtímans.

4. október – 22. nóvember
Þriðjudaga 20.15 – 22.00

Umsjón: Halldór Björn Runólfsson listfræðingur og lektor við LHÍ

Í staðinn fyrir sögulegt yfirlit verður reynt að kafa ofan í ýmsa þætti nútíma- og samtímalistar sem vafist hafa fyrir almenningi. Stuðst verður við bókina /This is Modern Art/, eftir Matthew Collings.

Staður: Laugarnesvegur 91, stofa 024

Þáttökugjald: 14.000 kr.

Einnig minnum við á opna fyrirlestra um myndlist, hönnun, tónlist og leiklist sem haldnir verða vikulega í LHÍ í vetur.

Skráning og upplýsingar: www.lhi.is og í síma 552 4000
Einnig er hægt að skrá sig á lhi@lhi.is

Opinn fundur Umhverfisráðs Reykjavíkur

Umhverfisráð Reykjavíkur efnir til opins fundar í Tjarnarsal Ráðhússins miðvikudaginn 21. september 2005, klukkan 16.00

Allir borgarbúar velkomnir

Flutt verða stutt erindi um heilsu og umhverfi:

* **Hollusta og hávaði.** Gunnar Kristinsson, heilbrigðisfulltrúi, fjallar um hávaða á skemmtistöðum, kvikmyndahúsum og stórtónleikum og aðgerðir til að vernda almenning gegn heyrnartjóni á þessum stöðum.

* **Umhverfishamfarir og matvæli.** Óskar Í. Sigurðsson, deildarstjóri, fjallar um spurninguna hvort umhverfishamfarir í fjarlægum heimsálfum geti haft áhrif á gæði og öryggi matvæla á Íslandi.

* **Mengun og bifreiðar.** Kristín L. Ólafsdóttir og Tómas G. Gíslason heilbrigðisfulltrúar fjalla um starfsemi tengda farartækjum en það er eitt viðamesta verkefni Mengunarvarna.

Álaborgarskuldbindingar. Lögð fram tillaga um að Reykjavík skrifi undir sáttmála evrópskra bæja og borga fram til sjálfbærrar þróunar.

Umferðaröryggi er eitt af meginviðfangsefnum borga, stofnana og stærri fyrirtækja í Evrópu. Lögð verður fram tillaga um að Reykjavíkurborg gerist aðili að Evrópusáttmála um umferðaröryggi.

Eftir fundinn verður **Árleg umhverfisviðurkenning** Reykjavíkurborgar veitt fyrirtæki eða stofnun sem leitast hefur við að haga rekstri sínum eða einstökum þáttum í samræmi við grunnregluna um sjálfbæra þróun.

Opnun sýningar í tilefni af 100 ára afmæli Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur (nú Umhverfisráð Reykjavíkurborgar). Sýningunni er ætlað að varpa ljósi á sögu nefndarinnar.

Umhverfissvið Reykjavíkurborgar

Mikil spennna fyrir Woyzeck

Leikhópurinn Vesturport forsýnir á morgun í Borgarleikhúsinu verkið Woyzeck eftir Karl Georg Büchner. Verkið verður frumsýnt í London í byrjun október en skemmst er að minnast sigra Vesturports á leiksviðum Lundúna-borgar með Rómeo og Júlíu, sem var sýnt á Litla sviði Borgarleikhússins.

Ástralski tónlistarmaðurinn Nick Cave, sem verður viðstaddur frumsýninguna í London, samdi tónlistina sérstaklega fyrir sýningu Vesturports en uppselt er að verða á allar sýningarnar í London.

„Það er hafa verið stífar æfingar alla daga og öll kvöld,“ segir Rakel Garðarsdóttir, framkvæmdastjóri Vesturports. „Við erum með hér í heimsókn John Paul frá Bretlandi sem sér um listræna útfærslu á dansi og hreyfingum. Hann hefur meðal annars unnið með Sirkus Cirkör frá Svíþjóð og DV8 í Bretlandi, sem er mjög þekktur leikhópur,“ segir hún. „Það er mjög mikil spennna fyrir þessari sýningu.“

Fimm forsýningar verða í Reykjavík, frá 18. september til 1. október, áður en leikhópurinn heldur til London. Leikstjóri verksins er Gísli Örn Garðarsson, sem einnig setti upp Rómeó og Júlíu



INGVAR E. SIGURÐSSON Leikritið Woyzeck eftir Büchner verður forsýnt í Borgarleikhúsinu á morgun. Hér sést Ingvar E. Sigurðsson í aðalhlutverkinu.

fyrir Vesturport. Með aðalhlutverk fara Ingvar E. Sigurðsson, sem leikur Woyzeck, og Nína Dögg Filippusdóttir, sem leikur Mariú unustu hans. Með önnur hlutverk fara Harpa Arnardóttir, Björn Hlynur

Haraldsson, Ólafur Egill Egilsson, Árni Pétur Guðjónsson, Erlendur Eiríksson, Ólafur Darri Ólafsson og Jóhannes Niels Sigurðsson. Auk þess tekur ellefu manna karlakór þátt í sýningunni. ■

Ozzy hótaði að drepa Sharon

Sharon Osbourne hefur sagt frá því þegar eiginmaður hennar, Ozzy Osbourne, reyndi að drepa hana. Hún segir hann hafa ráðist á hana heima við eitt kvöld þegar hann var meðlimur rokkgrúppunnar Black Sabbath og undir áhrifum eiturlyfja og áfengis. „Þetta gerðist árið 1989. Það var mjög vont andrúmsloft í húsinu, mikil andúð.“

Ég vissi að eitthvað myndi gerast. Hann fór að sofa en ég var niðri að lesa. Hann kom niður á nærbuxunum, settist í sófann á móti mér og sagði: „Við höfum tekið ákvörðun.“ Ég sagði hæðnislega: „Já, hvaða ákvörðun?“ Þá sagði hann: „Þú verður því miður að deyja. Það er enginn annar möguleiki í boði.“ Ég sagði: „Haltu þér saman og hunsastu út áður en ég verð brjáluð.“ Hann hoppaði ofan á mig og setti alla sína þyngd á mig. Hann lagði hendurnar utan um hálsinn á mér og það eina sem komst að hjá mér voru börnin. Ég hrópaði upp yfir mig: „Þú getur ekki gert mér þetta. Ég er ekki tilbúin.“

Sharon tókst að yta á neyðarhnapp í húsinu og lögreglan kom á staðinn en þá var Ozzy horfinn á braut. „Ég vissi að að ég myndi ekki ná honum því hann var farninn svo langt í burtu. Það var heldur ekkert sem ég gat gert eða



OZZY OG SHARON Þegar Ozzy var sem mest bilaður ákvað hann að koma eigin konu sinni fyrir kattarnef.

sagt því þetta var ekki hann. Þetta var einhver annar.“ Ozzy var handtekinn og sakaður um morðhótanir. Sharon dró málið svo til baka og Ozzy fór í áfengis-meðferð. ■



JUDE OG MILLER Þau virðast ekki geta slitið sig hvort frá öðru og nýlega sást til þeirra á skemmtistað í London.

Law og Miller saman á ný

Hringavitleysan í kringum Siennu Miller og Jude Law heldur áfram. Nú hafa náðst myndir af parinu á næturlífinu í London þar sem þau héldust í hendur. Ekki er langt síðan ensku slúðurblöðin voru uppfull af fréttum um að Miller væri að hitta fyrrverandi samleikara sinn, Daniel Craig, úr kvikmyndinni Layer Cake.


Nú hefur Miller greinilega tekið Law í sátt og er sagt að hún hafi ákveðið að gefa Law „þriggja mánaða skilorð til prufu“. Miller og Law slitu sem kunnugt er samvistum eftir að leikarinn viðurkenndi að hafa haldið framhjá heitkonu sinni með barnfóstru barna sinna. ■



RENÉE ZELLWEGER Hefur sótt um skilnað frá eiginmanni sínum Kenny Chesney eftir aðeins fjögurra mánaða hjónaband. Ástæðan er sögð vera svik.


Gift í fjóra mánuði

Hjónaband hinnar norskættuðu leikkonu Renée Zellweger er víst búið. Hún og eiginmaður hennar, Kenny Chesney, hafa sótt um skilnað eftir aðeins fjögurra mánaða hjónaband. Þau kynntust fyrst á styrktartónleikum vegna flóðbylgjunnar í Asíu en Zellweger svaraði í síma á meðan Chesney söng. Ástæða skilnaðarins er sögð svik án þess að það sé útskýrt eitthvað frekar. Hjónin giftust með látlausri athöfn í Karíbahafinu og var þetta fyrsta hjónaband þeirra beggja. ■


HYUNDAI
 hefur gæðin


Hyundai SANTA FE

Einn stærsti og öflugasti jeplingurinn á markaðnum



Hyundai Santa FE 2.7 V6, sjálfskiptur.
Dráttargeta 2300 kg.
Verð kr. 2.910.000
Bílasamningur kr. 30.290 á mánuði.
m.v. 30% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla*.

Hyundai Santa FE 2.0 CRDi-Dísel, sjálfskiptur.
Dráttargeta 2000 kg.
Verð kr. 2.970.000
Bílasamningur kr. 30.900 á mánuði.
m.v. 30% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla*.


 Með bílinni handa þér

B&L
Grjóthálsi 1
575 1200
www.bl.is

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílaskráning sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanæsbæ sími 421 4444
 Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bíla- og búvélalán Hvammstanga sími 451 2230



16 stiga forskot FH-inga

FH setti enn eitt metið á Laugardalsvelli í gær þegar liðið vann 5-1 sigur á Fram og vann þar með Landsbankadeildina með 16 stigum. FH fékk 48 stig en Valsmenn, sem urðu í öðru sæti, „aðeins“ 32 stig. Metið átti áður Skagamenn sem unnu mót með 12 stigum sumarið 1995.

sport
sport@frettabladid.is



60 MARGRÉTI LÁRU VIÐARSDÓTTUR

SEKÚNDUR

Besti samherji?...Íslenska A-landsliðið og mitt félaglið.

Erfiðasti andstæðingur?...Ég sjálf.

Besti knattspyrnumaður í heimi?...Ronaldinho og Adriano.

Besta knattspyrnukona í heiminum?...Marta.

Íslenska landsliðið er...Frábær hópur.

Vestmannaeyjar eru...Paradís á jörðu.

Kaffi eða te?...Hvorugt – heitt kakó frekar.

Skora eitt eða leggja upp tvö?...Leggja upp tvö – meiri líkur á sigri.

Draumastarfið... Að spila fótbolta.

Auðveldasti andstæðingur? Enginn andstæðingur auðveldur.

Valur eða ÍBV? Bæði.

Alvöru konur eru...Metnaðarfullar.

Alvöru karlmenntu eru...Heiðarlegir og myndarlegir.

Fyrirmynd...Einstaklingar sem ná árangri.

Besta bók... Íslensk knattspyrna.

Besta kvikmynd...Lord of the Rings myndirnar.

Uppáhalds geisladiskur... X&Y með Coldplay.

> Við hrósum ...

... Guðlaugi Baldurssyni sem hefur nánast tekið hið ómögulega en þeir voru ekki margir sem höfðu trú á því að hann héldi ÍBV í úrvalsdeild með þann mannskap sem hann hafði í höndunum. Sjálfur var Guðlaugur reynslulaus sem meistaraflakksþjálfari og þessi árangur hans og ÍBV er hreint ótrúlegur.

> Við þökkum ...

... Heimi Guðjónssyni fyrir árin í boltanum. Heimir er einn eftirminnegasti karakterinn í íslenska boltanum á síðari árum og hans verður sárt saknað. Hann hverfur þó ekki alveg af sjónarsviðinu því hann ætlar sér að þjálfa næsta sumar.



Léku sér að eldinum í síðasta skipti

Framarar hafa leikið sér að eldinum sjö ár í röð og það hlaut að koma að því að þeir brenndu sig. Það gerðist á Laugardalsvelli í gær þegar FH kjöldró Safamýrarliðið og sendi það niður í 1. deild.

	1-5	
Fram		FH
Laugard., áhorf: 1092 Kristinn Jakobsson (7)		

0-1 Auðun Helgason (34.)
0-2 Ármann Smári Björnsson (52.)
0-3 Tryggvi Guðmundsson (68.)
0-4 Tryggvi Guðmundsson, viti (71.)
1-4 Ríkharður Daðason (80.)
1-5 Tryggvi Guðmundsson (90.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	10-13 (3-6)
Varin skot	Gunnar 1 - Daði 2
Horn	5-9
Aukaspjrnur fengnar	15-7
Rangstöður	6-5

FÓTBOLTI Lið sem tapar 1-5 á heimavelli og er að berjast fyrir lífi sínu í deildinni á ekki skilið að halda sér uppi. Svo einfalt er það.

Það var heldur ekki að sjá á leikmönnum liðsins að þeir væru að berjast fyrir lífi sínu. Þeir virkuðu værukærir og leyfðu FH-ingum að keyra yfir sig án mótstöðu. Sjaldan hefur undirritaður orðið vitni að slíkri uppgjöf en blaðamaður átti von á kolbrjáluðum Frömurum sem myndu leggja líf og limi undir til þess að halda sér í deildinni. Því fór víðs fjarri og stórsigur FH var mjög sanngjarn.

Fram var reyndar uppi þar til Þórhallur Dan svaf á verðinum í uppbótartíma og það nýtti Tryggvi Guðmundsson sér, skoraði sitt þriðja mark í leiknum og hélt sínum gömlu félögum í ÍBV uppi í deildinni í leiðinni.

„Ég tek þetta fimmta mark á mig. Þetta var bólvaður aulaskapur í mér að sparka ekki boltanum í burtu og svo erum við klaufar að fá öll þessi mörk á okkur,“ sagði Þórhallur Dan eftir leikinn.

Fram féll ekki á klaufaskap Þórhalls undir lokin heldur slökum leikjum í allt sumar en stuðningsmenn félagsins hljóta að spyrja sig að því hvað gerist hjá liði sem er að berjast fyrir lífi sínu en tapar samt, 5-1.

„Við ætlum að verja stigið og sækja svo hratt. Í stöðunni 2-0 lendum við svo í því að ég set Rikka inn og þeir skora um leið þannig að taktíkin fýkur beint út um gluggann,“ sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Fram, sem var enn að setta sig við lokamarkið.

Flumbrugangur

„Þegar menn eru í svona stöðu þá bita þeir í tunguna og þruma boltanum í burtu. Flumbrugangurinn var rosalegur. Þetta er



JÁ, ÞAÐ FER EKKERT Á MILLI MÁLA Framararnir Ómar Hákonarson og Johan Karleford fá staðfestar fréttir úr Árbænum um að Fylkir hafi unnið ÍBV „bara“ 1-0 og Framarar því á leiðinni niður í 1. deild. Þeir áttu bara sex líf. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

grátleg niðurstaða en við verðum að setta okkur við hana. Ég ber fulla ábyrgð á stöðunni sem þjálfari liðsins,“ sagði Ólafur sem er enn með samning við

Safamýrarliðið en hann sagðist vera tilbúinn til þess að halda áfram með liðið í 1. deildinni næsta sumar.

henry@frettabladid.is

VILTU MIÐA FYRIR TVÖ?
FRIMSYND 16.09
"NIGHT WATCH IS F***ING COOL!" (Quentin Tarantino)

NIGHT WATCH
НОЧНОЙ ДОЗОР

SENDU SMS SKEYTIÐ BTC BGF
Á NÚMERIÐ 1900 OG
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ.
9. HVER VINNUR!

VINNINGAR ERU: BÍOMÍÐAR FYRIR TVÖ
• DVD MYNDIR • COCA COLA

X 97.7 SMS LEIKUR D3 MOBILE



Heimir Guðjónsson leggur skóna á hilluna:

Þýðir ekki að tala niður til Íslandsmeistaranna

FÓTBOLTI Það var tilfinningaþrungin stund í Laugardalnum í gær þegar Heimir Guðjónsson fór af velli í síðasta skipti á sínum ferli. Formaður knattspyrnudeildar félagsins, Guðmundur Árni Stefánsson, færði honum blómvönd við útgönguna en honum var skilað fljótt svo hann gæti þakkað stuðningsmönnum félagsins fyrir sig sem sungu lög til heiðurs Heimi allan leikinn.

Heimir olli miklu fjaðrafoki þegar hann sagði Framara hafa talað niður til FH í sumar og fyrir það myndi þeim hefntast.

„Þetta er ósköp einfalt. Það þýðir ekki að tala niður til meistaranna,“ sagði Heimir ákveðinn en hann sagði það hafa skipt sig miklu máli að ljúka ferlinum með sigri. „Gríðarlega miklu máli. Ég vildi fara út sem sigurvegari. Strákarnir gerðu allt til að þetta yrði góður

dagur,“ sagði Heimir en hvernig var að fara af velli í síðasta sinn á ferlinum? „Mér leið frábærlega. Áhorfendur FH eru algjörir snillingar og það var ekki hægt að enda ferlinn á betri hátt.“

Bjargvætturinn Tryggvi

Tryggvi Guðmundsson skoraði þrennu í leiknum, tryggði sér gullskóinn og sá um leið til þess að hans gamla félag, ÍBV, héldi sér uppi.

„Það er alltaf gaman að síðustu umferð. Ég fékk að heyra þetta eftir leikinn og það var ánægjulegt,“ sagði Tryggvi kátur en hann þurfti að skora eitt mark í leiknum til þess að tryggja sér gullskóinn. „Ég var farinn að svindla verulega í seinni hálfleik og Davíð Þór vann skítavinnuna fyrir mig. Ég þakka honum fyrir það.“

- hbg



KRAFTAVERKAPJÁLFAVINN Guðlaugur Baldursson, þjálfari Eyjamanna, fagnaði eins og vitlaus maður í leikslok þegar ljóst var að ÍBV héldi sæti sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eyjamenn geta þakkað Eyjapeyjanum Tryggva Guðmundssyni fyrir 8. sætið: Hefði verið dauðadómur fyrir ÍBV að falla



Fylkir

1-0



ÍBV

Fylkissvöllur, áhorf: 900 Egill Már Markússon (7)

1-0 Ragnar Sigurðsson (37)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	11-8 (3-3)
Varin skot	Bjarni 3 - Hrafn 1
Horn	2-4
Aukaspjrnur fengnar	13-16
Rangstöður	3-2

FÓTBOLTI „Þetta var skrítni upplifun og alveg skelfilega erfitt,“ sagði Birkir Kristinsson, markvörður ÍBV eftir leikinn gegn Fylki í gær. Birkir er meiddur og

neyddist því til að horfa á sína menn tapa, 1-0, fyrir Fylkismönnum sem komu sér upp í 5. sæti deildarinnar með sigrinum. Markið skoraði varnarmaðurinn Ragnar Sigurðsson með góðu skoti á 37. mínútu. Þrátt fyrir að bæði lið hefðu fengið fjöldann allan af færum í leiknum urðu mörkin ekki fleiri. Matthew Platt skoraði meira að segja mark fyrir ÍBV á 69. mínútu sem var dæmt af vegna rangstöðu en dómurinn þótti umdeildur. En þar sem FH-ingar unnu Fram með fimm mörkum gegn einu endaði ÍBV í 8. sæti þar sem liðið var með betra markahlutfall en Framarar. Fögnuður Eyjamanna var af þeim sökum mun meiri en hjá Árbæ-

ingum þó svo að Fylkismenn hefðu unnið leikinn og náði Fréttablaðið tali af Guðlaugi Baldurssyni, þjálfara ÍBV, í miðjum látunum. „Ég hef aldrei á ævinni upplifað annað eins. Ég veit ekkert hvað ég á að segja. Ég er gjörsamlega búinn að vera og það er fáránlegt að hlaupa inn á völlum eftir 1-0 tap og fagna eins og brjálaður maður en það er full ástæða til þess,“ sagði Guðlaugur. „Það er engin spurning að við eigum það skilið að halda okkur uppi. Við erum búnir að vinna ótrúlega vinnu þrátt fyrir að hafa lent í miklum mannabreytingum og miklum meiðslum en klárum þetta engu að síður og höldum okkur uppi.“ eirikurst@frettabladid.is

LEIKIR GÆRDAGSINS

Landsbankadeild karla:

STADAN:

FH	18	16	0	2	53-11	48
VALUR	18	10	2	6	29-16	32
ÍA	18	10	2	6	24-20	32
KEFLAVÍK	18	7	6	5	28-31	27
FYLKIR	18	8	2	8	28-28	26
KR	18	8	1	9	22-24	25
GRINDAVÍK	18	5	3	10	23-41	18
ÍBV	18	5	2	11	18-30	17
FRAM	18	5	2	11	19-32	17
ÞRÓTTUR	18	4	4	10	21-32	16

MARKAHÆSTIR:

Tryggvi Guðmundsson, FH	16
Allan Borgvardt, FH	13
Hörður Sveinsson, Keflavík	9
Garðar Gunnlaugsson, Val	8
Matthías Guðmundsson, Val	7
Guðmundur Steinarsson, Keflavík	7
Björgólfur Takefusa, Fylki	6
Hjörtur Hjartarson, ÍA	6
Grétar Hjartarson, KR	6
Auðun Helgason, FH	5
Víktor Bjarki Arnarsson, Fylki	5
Steingrímur Jóhannesson, ÍBV	5
Andri Júlíusson, ÍA	5
Sigurður Ragnar Eyjólfsson, ÍA	5
Páll Einarsson, Þrótti	5

FYLKIR 4-4-2	ÍBV 4-5-1
Bjarni 8	Hrafn 7
Kristján 7	Pétur R. 6
Hrafnkell 7	Varenkamp 6
*Ragnar 8	Páll 6
Gunnar Þór 8	Bjarni Geir 6
(68. Arnar Þór) 6	Platt 7
Víktor Bjarki 7	Andri 5
Ólafur 6	Bjarni Hólm 6
Helgi Valur 6	Jeffs 8
(75. Kjartan) -	Heimir Snær 4
Jón Björgvin 5	(56. Bjarni R.) 6
Christiansen 5	Steingrímur 5
(90. Andrés) -	
Haukur Ingi 7	


*MADUR LEIKSINS

FRAM 4-3-3	FH 4-3-3
Gunnar 3	Daði 6
Karlefjord 4	Freyr 7
Þórhallur 4	(83. Hermann) -
Kristján 4	Nielsen 7
Gunnar Þór 4	Auðun 7
Ingvar 5	Guðmundur 7
Mathiesen 3	Heimir 6
Viðar 6	(74. Baldur) -
(67. Ríkharður) 6	Ásgeir Gunnar 7
Viðir 5	Davíð Þór 6
(55. Ómar) 4	Atli Viðar 4
Andri Fannar 4	(70. Matthias) 5
(88. Daði) -	*Tryggvi 8
Henriksen 3	Ármann Smári 6

*MADUR LEIKSINS



FÆR GULLSKÓINN Tryggvi Guðmundsson er markakóngur Landsbankadeildar karla 2005 með 16 mörk í 17 leikjum. Hér fagnar hann þrenninni sinni með tilþrifum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.



Vinnustaðurinn Norðurál

Framtíð og stöðugleiki

Norðurál á Grundartanga er einn af stærstu vinnustöðum á Vesturlandi. Atvinnutekjur starfsfólksins eru jafnar og stöðugar og hefur fyrirtækið skipað sér öflugan sess í samfélaginu, ásamt því að leggja verulega af mörkum til að treysta búsetu og atvinnu.

Hjá Norðuráli bjóðast sérhæfð störf sem krefjast mikillar þjálfunar. Ýmist eru kröfur gerðar um iðn- og tæknimenntun eða að starfsmenn hljóta sérhæfða þjálfun.

Norðurál leggur ríka áherslu á öryggismál og er ströngum öryggisreglum fylgt á öllum sviðum starfseminnar.

Um 67% starfsmanna Norðuráls eru búsett á Akranesi, 10% í Borgarnesi, 10% í öðrum nágrennasveitarfélögum og 13% á höfuðborgarsvæðinu. Karlar eru enn sem komið er í meirihluta, eða 81%, en stefnt er að auknum hlut kvenna.

Um þessar mundir er unnið að stækkun Norðuráls sem felur í sér meira en tvöföldun á framleiðslugetu álversins. Þannig skapast fjölmörg ný störf sem við munum auglýsa til umsóknar á næstunni.

Norðurál veitir framtíðarstörf og skapar stöðugleika



Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001

EFLUR símanúmers / HNOFSKÓGUR gráfík hönnuð

NÝR RÚSSAJEPPI HJÁ VAL, 202 SM OG 130 KG

Varnarjaxlinn Ægir Hrafn Jónsson, 26 ára nýliði hjá handknattleikslíði Vals, vakti mikla athygli í Evrópuleikjunum gegn HC Tbilisi um síðustu helgi. Hann var valinn efnilegasti körfuboltamaður landsins árið 2000 þegar hann lék með ÍA. Í viðtali við Þorstein Gunnarsson fara Ægir Hrafn og þjálfari hans, Óskar Bjarni Óskarsson, yfir það hvernig Ægir Hrafn hætti í körfuboltanum fyrir tveimur árum og sneri sér að handboltanum.

HANDBOLTI „Körfubolti er íþrótt án snertingar en í handboltanum getur maður lamið frá sér. Auk þess hefur handboltinn alltaf staðið mér nær þótt ég hafi náð lengra í körfuboltanum á sínum tíma,“ segir Ægir Hrafn Jónsson, 26 ára nýliði í handboltaliði Vals, sem fengið hefur viðurnefnið Rússajepinn, til heiðurs landsliðsmanninum Sigfúsi Sigurðssyni.

Ægir Hrafn sló í gegn í vörn Vals um síðustu helgi gegn HC Tbilisi frá Georgíu í Evrópukeppninni en hann er engin smásmíði, 202 sm á hæð og vegur 130 kg. Það sem vekur sérstaka athygli er að Ægir Hrafn var valinn efnilegasti körfuboltamaður landsins árið 2000. Fyrir tveimur árum ákvað hann að söðla um og fara í handbolta þar sem Valsmenn ætla honum stórt hlutverk á komandi leiktíð.

Ægir Hrafn byrjaði á sínum tíma í handbolta hjá Fram. „Ég ákvað að hætta í handbolta þegar ég var 14 ára þar sem ég var með erfðatengdan sjúkdóm sem lýsir sér þannig að mjaðmakúlan losnar frá grindinni. Eg fór í erfiða aðgerð, það þurfti að negla þetta saman og ég var átta mánuði að

„Mér sýnist miklu frekar að andstæðingarnir séu frekar skíthræddir við mig. Annars er stefnan fyrst og fremst að halda sér heilum í vetur. Allt annað er plús.“

jafna mig og mátti ekki við neinum pústrum. Ég fór þá að leika mér í körfubolta með félögum mínum í skólanum. Ég æfði körfubolta með Þrótti og fór svo í Val í nokkur ár og spilaði með þeim eitt ár í úrvalsdeildinni. Næst lá leiðin í ÍA þar sem ég spilaði einn vetur, 1999 til 2000,“ segir Ægir Hrafn.

Hann vakti mikla athygli með ÍA og var valinn efnilegasti körfuboltamaður landsins á lokahófi KKÍ. Ægir Hrafn skoraði 13,9 stig að meðaltali með ÍA þessa leiktíð og hirti alls 145 fráköst og var valinn í íslenska A-landsliðið í kjölfarið sem fór til Makedóníu. ÍA féll úr

úrvalsdeildinni og Ægir Hrafn skipti yfir í Hamri sleit ég krossband. Ég var lengi að jafna mig en fór aftur upp á Skaga til að spila í 1. deildinni og lék einn vetur í viðbót með Val í úrvalsdeildinni. Þegar körfuboltaleiktíðin var búin fékk bróðir minn mig til þess að spila með handboltaliði Fjölnis í úrslitum utandeildarkeppinnar. Þar var gamla Valshraðlestin að keppa og í því liði var núverandi þjálfari Vals, Óskar Bjarni Óskarsson. Hann sá mig keppa og plataði mig í handboltann hjá Val,“ segir Ægir Hrafn.

Í landsliðinu í körfubolta

„Þetta leit allt vel út en um mitt tímabil hjá Hamri sleit ég krossband. Ég var lengi að jafna mig en fór aftur upp á Skaga til að spila í 1. deildinni og lék einn vetur í viðbót með Val í úrvalsdeildinni. Þegar körfuboltaleiktíðin var búin fékk bróðir minn mig til þess að spila með handboltaliði Fjölnis í úrslitum utandeildarkeppinnar. Þar var gamla Valshraðlestin að keppa og í því liði var núverandi þjálfari Vals, Óskar Bjarni Óskarsson. Hann sá mig keppa og plataði mig í handboltann hjá Val,“ segir Ægir Hrafn.

Óskar Bjarni segir að hann hafi strax séð að Ægir Hrafn væri hörku handboltamaður. „Ég fékk hann til að koma rólega inn í þetta í fyrstu enda ekki æft handbolta í 10 ár. Fyrsti veturinn fór í að byggja hann upp og koma honum inn í leikinn. Ég ætlaði honum svo stórt hlutverk síðasta vetur. Hann spilaði þrjá leiki með okkur síðasta vetur en varð fyrir því óláni að slíta krossband öðru sinni á ferlinum. Hann er því ári á eftir áætlun og tiltölulega nýfarinn að æfa á ný en hann verður leynivopnið okkar í vetur, nýr Rússajepi.“

Sér eftir að hafa hætt í handboltanum

Ægir Hrafn gerði sér lítið fyrir og varði alls 19 skot í vörninni í leikjunum tveimur gegn HC Tbilisi um helgina, eða svipað og markmenn gera á sæmilegum degi.

Hann segist sjá eftir því að hafa ekki haldið áfram í handboltanum á yngri árum. „Ég verð bara að nýta þennan tíma sem eftir er. Það er stærri markaður fyrir handboltann. Það er frábær andi í Valsliðinu, við misstum vissulega sterka menn en aðrir hafa komið í staðinn. Við erum með hávaxið lið sem spilar frábæra 6-0 vörn. Við verðum á meðal fjögurra efstu liða í vetur, þú getur bókað það,“ segir Ægir Hrafn.

Hann segist þurfa skera sig niður um 10 kg á næstu vikum og koma sér niður í 120 kg sem henti vel í átökin í handboltanum.

Það er nóg að snúast hjá Ægi Hrafn þessa dagana. Hann er



nýorðinn faðir og stendur í ströngu, bæði handboltanum og hjá þjónustudeild Vífilfells þar sem hann vinnur.

Hann hræðist ekki átökin í handboltanum. „Mér sýnist miklu frekar að andstæðingarnir séu frekar skíthræddir við mig. Annars er stefnan fyrst og fremst að halda sér heilum í vetur. Allt annað er plús.“

Viggó Sigurðsson ætti svo sannarlega að gefa nýja Rússajeppanum okkar gaum í vetur.

thorsteinn@dv.is

HINN NÝI ÆGIR HRAFN Ægir Hrafn Jónsson á að baki 54 leiki, fyrir ÍA (21), Hamar (11) og Val (22), í úrvalsdeild karla í körfubolta og skoraði í þeim 10,8 stig og tók 5,9 fráköst að meðaltali í leik.

Hér á mynd Hilmars Þórs Guðmundssonar til vinstri sést hann berjast um frákast í leik með ÍA gegn KR haustið 1999 en á stóru mynd Heiðu Helgadóttur hér fyrir ofan sést Ægir Hrafn bregða á leik með félögum sínum í Valsliðinu, þeim Sigurði Eggertssyni og Mohamadi Loutoufi.

EINAR LOGI VIGNISSON: REAL Í VANDRÆÐUM

Megadrama í Madrídurborg

Allnokkur speningur ríkti hjá stuðningsmönnum Real Madrid fyrir þessa leiktíð enda margir snjallir leikmenn fengnir til liðsins. Reyndar eyddi ekkert lið jafn miklu í leikmannakaup í sumar, heilum 90 milljónum evra og skildu Madrídurborg þannig jafnvel rússagullkálfa í Chelsea eftir í reyknum. Spennan var þó ötta blandin því Madrid spilaði enga alvöru æfingaleiki í sumar og þótti það mikil fífldirfska í ljósi hinnar miklu breytinga á mannskapnum sem og fyrir þá staðreynd að brasilíski þjálfarinn Luxemburgo hefur breytt leikstíl liðsins í hið nútímalega 4-3-3 stíffressuspil sem brasilíska landsliðið, Barcelona, Man. Utd. og fleiri lið leika. Luxo losaði sig við kantmennina Figo og Solari og tók þar með af öll tvímæli með að aftur yrði snúið til fyrra skipulags. Djarft útspil og almennt álitíð á

Spáni að annaðhvort myndi þetta ganga fullkomlega upp og í vændum væri nýtt stórveldistímabil eða – eins og komið hefur á daginn – vélin gæti orðið sein í gang og þess vegna brætt úr sér og dagar Luxemburgo yrðu þar með taldir.

Hallærislega lélegt

Auðvitað er alltof skammt liðið á leiktíðina til þess að kveða upp dóm um störf Luxemburgos. Leikur Madrid hefur hins vegar verið svo hallærislega lélegur að spænsku blöðin fara hamfórum. Slíkt megadrama er í gangi á síðum helstu sportblaðanna að havarið í fyrra er eins og hjóm eitt. Liðið hefur leikið gegn tveimur liðum sem komu upp úr annarri deild í fyrra, vann heppnisigur á Cadiz og tapaði svo fyrir Celta Vigo á heimavelli en þess ber að geta að Celta

vann ekki einn leik á undirbúningstímabilinu og var spáð beinustu leið niður aftur – þeir væru svo lélegir að þeir þyrftu varla að standa í því að mæta. Í Meistaradeildinni tapaði liðið svo illa fyrir Lyon. Það er eins og enginn leikmaður viti hvað hann eigi að gera. Kraftakarlarinn Gravesen, Baptista og Pablo Garcia þvælast hver fyrir öðrum, Beckham hleypur um eins og hauslaus hæna og meidsli Zidane breiða yfir þá augljósu staðreynd að hann er gjörsamlega búinn sem toppfótboltamaður.

Spænska frelsisákvæðið

Vörn liðsins hefur verið eins og gata-sigti en þar binda menn þó vonir við að Woodgate nái sér loks af meiðslunum og nýi leikmaðurinn Sergio Ramos verði fljótur í gang. Sá ungi og stórefnilegi

leikmaður var fenginn til liðsins fyrir hálfum mánuði með hinum sérspænska hætti að samningur hans var keyptur upp. Á Spáni eins og víðar í hinum latneska heimi hefur verið lenska að leikmenn hafi klásúlu í samningum sínum þess efnis að ef eitthvað lið býður tiltekna upphæð sé þeim frjálst að hverfa á braut. Þetta er nákvæmlega það sem Madrid gerði fyrir nokkrum árum er þeir hrepptu Figo frá Barcelona og á dögnum var þetta ákvæði fært í nýjar hæðir þegar bróðir Sergio Ramos keypti upp samning hans við Sevilla fyrir 27 milljónir evra og áframseldi hann svo til Real Madrid. Hressilegur peningur fyrir 19 ára varnarmann en bróðirinn hefur eflaust ávaxtað sitt pund í þessum millifélaga-viðskiptum. Madrid sárvantaði almennilegan miðvörð og trúir heitt á Ramos

sem heiðraður var með því að hreppa treyju númer 4 sem hangið hefur uppi á vegg á Bernabeu síðan járnkarlinn Hierro hvarf á braut.



LÍÐIÐ MITT > BESTU SAMHERJAR HEIMIS GUÐJÓNSSONAR Á HANS FERLI MEÐ KR, KA, ÍA OG FH



Myndi setja ný viðmið í sóknarknattspyrnu

Daði Lárusson/Kristján Finnbogason, markverðir: Ég get ekki gert upp á milli þeirra. Ólíkir en báðir mjög góðir.

Hilmar „naut“ Björnsson, hægrri bakvörður: Góður sóknarbakvörður.

Rúnar Kristinsson, vinstri bakvörður: Frábær leikmaður sem getur leyst meira en eina stöðu.

Pormóður Egilsson, miðvörður: Góður leikmaður og frábær leiðtogi.

Tommy Nielsen, miðvörður: Með frábærum spyrnum og les leikinn betur en flestir aðrir.

Hemir Guðjónsson, miðjumaður: Ég sé að

sjálfsögðu um að stjórna umferðinni á miðjunni.


Alexander Högnason, miðjumaður: Öll lið þurfa svona leikmann.

Jón „Grasgrímur“ Stefánsson, vængmaður: Óstöðvandi á góðum degi.

Tryggvi Guðmundsson, vængmaður: Myndi slá markametíð í þessu liði.

Guðmundur Benediktsson, framherji: Eini leikmaðurinn í þessu liði sem ég myndi láta hafa boltann þótt ég væri sjálfur í góðri stöðu.

Pétur Pétursson, framherji: Mikill markaskorari og frábær karakter.



„Þetta lið myndi setja ný viðmið í sóknarknattspyrnu og rjúfa 80 marka múrinn!“



FJALAR ÞORGEIRSSON Fjalur fór á kostum með Þrótti í gær.

Fjór að Hlíðarenda:

Próttur stal sigrinum

Valur 1-2 Próttur

Valsvöllur, áhorf: 360 Gylfi Orrason (6)

0-1 Jens Elvar Sævarsson (29.)
1-1 Grétar Sigfinnur Sigurðsson (76.)
1-2 Ólafur Tryggvason (87.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	20-6 (12-2)
Varin skot	Kjartan 1 - Fjalur 11
Horn	6-4
Aukaspjrnur fengnar	12-7
Rangstöður	4-1

FÓTBOLTI Það var ekki mikið í húfi að Hlíðarenda í gær þegar Valur og Próttur mættust í síðustu umferð Landsbankadeildarinnar. Valsmenn voru fyrir leikinn öruggir í öðru sæti og Þróttarar þegar fallnir, en það kom þó ekki í veg fyrir líflegan leik. Valsmenn byrjuðu leikinn betur en náðu þó ekki að brjóta sterka vörn Þróttar á bak aftur.

Á 29. mínútu kom Jens Sævarsson Þrótti yfir með góðum skalla eftir sendingu Ólafs Tryggvasonar frá vinstri. Vel gert hjá Jens. Eftir markið færðist aukinn kraftur í sóknarleik Vals en það gekk illa hjá þeim að skapa góð mark-tækifæri og staðan því 1-0 fyrir Þrótt í hálfleik.

Í seinni hálfleik sóttu Valsmenn án afláts en Fjalur Þorgeirsson, markvörður Þróttar, varði hvað eftir annað glæsilega. Eftir nokkur dauðafæri tókst Grétari Sigurðssyni að jafna leikinn með fallegum skalla. Eftir mark Vals róaðist leikurinn örlítið og Þróttur komst betur inn í leikinn. Á 87. mínútu kom sigurmark Þróttara eftir klaufaleg mistök Kjartans Sturlusonar, sem missti boltann inn í markið eftir fasta hornspyrnu Ólafs Tryggvasonar. Lokatölur leiksins urðu því 1-2 fyrir Þrótt.

Það má með sanni segja að Þróttur hafi stolið sigrinum að Hlíðarenda, en markvarsla Fjalars Þorgeirssonar hélt Þrótturum á floti í leiknum. - mh

VALUR 4-4-2	PRÓTTUR 4-4-2
Kjartan	4
Sigurður	5
Grétar	6
Bjarni Ólafur	6
Kristinn	5
Matthias	6
Sigurbjörn	6
Stefán Helgi	5
Sigbór	6
(88. Þórður)	-
Guðmundur	7
(61. Birkir Már)	5
Garðar	5
(61. Hálfán)	5
*Fjalur	9
Ólafur	6
Eysteinn	5
Kristinn	6
Jaic	5
(77. Magnús)	-
Ingvi	6
Haukur Páll	7
Halldór	6
Jens Elvar	6
(77. Freyr)	-
Þórarinn	5
(83. Davíð)	-
Páll	6

Berdreymnir Grindvíkingar

Grindavík var í fallsæti fyrir lokaumferðina en vann granna sína í Keflavík 2-1 og tókst að halda sæti sínu á ævintýrlegan hátt.. Draumspakir Grindvíkingar voru vissir um að liðinu tækist að hanga uppi.

Grindavík 2-1 Keflavík

Grindav., áhorf: 1200 Ólafur Ragnarsson (7)

1-0 Pail McShane (21.)
1-1 Guðmundur Steinarsson (24.)
2-1 Óli Stefán Flóventsson (43.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	14-12 (4-5)
Varin skot	Savic 3 - Ómar 2
Horn	5-10
Aukaspjrnur fengnar	11-11
Rangstöður	2-3

FÓTBOLTI „Það er sama hvað menn reyna að gera til að fá Grindvíkinga niður eða afskrifa okkur eða segja að þetta sé vonlaust mál. Það er ekkert sem hreyfir við okkur, ekki einu sinni suðaustanáttin. Hér er baklandið sterkt, það er eins og bjarg og við stöndum sterkari á eftir. Þetta var ljúfur endir á erfiðu sumri,“ sagði Jónas Þórhallsson, formaður knattspyrnudeildar Grindavíkur, við Fréttablaðið eftir leikinn.

Það var að duga eða drepast fyrir Grindvíkinga en draumspakt fólk á borð við Drauma-Jolla og tengdamóður Jónasar var viss um að Grindavík næði að halda sæti sínu eftir að hafa ráðið í draumana. Tengdamóður formannsins dreymdi risastóra sjöu en gula húsið, félagsheimili Grindvíkinga, umflotið vatni. Grindavík varð að lokum í sjöunda sæti en tæpara mátti það ekki standa. „Tengdó er berdreymin og trúuð og ég þakka henni kærlega fyrir þetta,“ sagði Jónas.

Boban Savic reyndist heima-mönnum styrk stoð í markinu, hann greip vel inn í leikinn og



FÖGNUMUR Þeir Guðmundur Andri Bjarnason, Sinisa Valdimar Kekic, Óli Stefán Flóventsson og Alfreð Elias Jóhannsson fögnuðu vel og innilega í Grindavík í gær.

varði einu sinni frá Herði Sveinsyni úr opnu færi. Grindavík tókst að hanga á forystunni út leikinn og það brutust út gríðarleg fagnaðarlæti þegar flautað var til leiklok. Keflvíkingar voru langt frá sínu besta og helst að Hólmar Örn Rúnarsson skapaði hættu.

„Mikið rosalega er ég feginn að þetta endaði svona,“ sagði hetja Grindvíkinga, Óli Stefán. „Nú setjumst við niður og fögnum þessum áfanga, að vera á meðal

þeirra bestu eins ég vil meina að við eigum að vera. Karakter manna kemur í ljós við svona aðstæður, þegar á reynir. Við vorum virkilega tilbúnir að klára leikinn og sýndum frábæran karakter.“

Þungu fargi var létt af Milan Stefán Jankovic, þjálfara Grindavíkur, eftir leikinn og hann dansaði stríðsdans á Grindavíkurvelli. Heldur hann áfram með liðið? „Já, vonandi fæ ég að gera það,“ sagði hann og hélt á vit ævintýrana í búningsklefa Grindavíkurliðsins þar sem fagnaðaropin lyftu þakinu á búningsklefunum.

thorsteinnungunn@frettabladid.is

GRINDAV. 4-4-2	KEFLAV. 4-3-3
*Savic	8
Óðinn	5
Kekic	6
Jack	6
Eyþór	6
McShane	7
Eysteinn	6
Guðmundur	5
(87. Alfreð)	-
Óskar Örn	5
Óli Stefán	6
Ahandour	7
(90. Magnús)	-
Ómar	3
Jónas Guðni	5
Gustafsson	4
Guðmundur Mete	5
Guðjón Árni	5
Hólmar Örn	6
Gestur	4
(75. Einar Orri)	-
Baldur	5
Guðmundur	5
Hörður	5
Kadir	3
(61. Simuelsen)	3

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

*MADUR LEIKSINS

Sigurður Ragnar Eyjólfsson Skagamaður skoraði í fjórða leiknum í röð: Skagamenn náðu Val en enduðu í 3. sæti

ÍA 2-1 KR

Akranesv., áhorf: 851 Garðar Örn Hinriks. (7)

1-0 Dean Martin (2.)
2-0 Sigurður R. Eyjólfsson (59.)
2-1 Sigurvin Ólafsson (69.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	13-6 (5-3)
Varin skot	Páll Gíslí 2 - Kristján 2
Horn	3-5
Aukaspjrnur fengnar	10-9
Rangstöður	2-0

FÓTBOLTI Sigur Skagamanna í gær var svo sannarlega verðskuldaður en stærstan hluta leiksins réðu þeir ferðinni gegn KR-ingum. Aðeins tvær mínútur voru liðnar af leiknum þegar Dean Martin skoraði fyrsta markið en það var svo sannarlega stórglæsilegt.

Hann var besti leikmaður



vallarins í gær, með hættulegar sendingar og var baneitraður í sóknaruppbyggingu ÍA.

Það er hreint með ólíkindum að ÍA hafi ekki tekist að skora fleiri mörk í fyrri hálfleiknum en færin vantaði svo sannarlega ekki. Sigurður Ragnar Eyjólfsson bætti við marki gegn sínum fyrrum samherjum með skalla eftir sendingu frá Jóni Vilhelm Ákasyni.

Sigurvin Ólafsson minnkaði muninn með öðru skallamarki en þrátt fyrir nokkur ágætis færi undir lokin náði KR ekki stigi, það hefði talist rán hefðu þeir náð því þar sem Skagamenn voru sterkari langstærstan hluta leiksins. Góður endir á góðu tímabili hjá ÍA en eftir fyrstu leikina voru fáir sem gátu séð þá fyrir sér hafna í þriðja sætinu. Sú varð þó raunin og ljóst að

ÍA 4-5-1	KR 4-4-2
Páll Gíslí	5
Kári Steinn	6
Gunnlaugur	7
Reynir	6
Guðjón	7
Pálmi	7
Jón Vilhelm	6
(87. Finnþógi)	-
Pesic	6
Andrés	7
(73. Halþór)	-
*Martín	8
Sigurður	6
(80. Andri)	-
Kristján	6
Gunnar Kristján.	5
(66. Sölvi Sturlu.)	4
Pauletic	6
Tryggvi	4
Gunnar Einar.	4
(27. Kristinn)	5
Sigmundur	3
Bjarnólfur	5
Sölvi	4
(46. Skúli Jón)	-
Grétar Ólafur	5
Garðar	3

HETJA ÍA Sigurður Ragnar Eyjólfsson hélt áfram að skora fyrir ÍA í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/EIRIKUR

*MADUR LEIKSINS

framtíðin er björt á Skaganum ef miðað er við alla þá ungu leikmenn sem hafa slegið í gegn með liðinu í sumar. KR-ingar sjá einnig fram á bjartari tíð en nokkrir efnilegir strákar fengu tækifæri í leiknum og var það einn af fáum ljósum punktum hjá liðinu í gær. Annars var liðið ansi bitlaust og bölvánlega gekk hjá þeim að ná að skapa sér umtalsverð marktækifæri. - egm

LEIKIR GÆRDAGSINS

Þýski handboltinn:

MAGDEBURG–MELSUNGEN 32–29
Sigfús Sigurðsson og Arnór Atlason voru ekki meðal markaskorara Magdeburg í leiknum.



GROSSWALLSTADT–FLENSBURG 28–24
Einar Hólmgeirsson (að ofan) átti stórleik og skoraði 10 mörk fyrir Grosswallstadt sem vann frábæran sigur á þýsku bikarmeisturinum.

HAMBURG–LEMGO 24–24
Ásgeir Örn Hallgrímsson var ekki meðal markaskorara Lemgo og Logi Geirsson lék ekki með vegna meiðsla.

WILLHELMSHAVENER–LÜBBECKE 25–28
Gylfi Gylfason skoraði 1 mark fyrir WillhelmsHAVENER en Þórir Ólafsson komst ekki á blað.

MINDEN–WETZLAR 28–27
Snorri Steinn Guðjónsson skoraði 2 mörk fyrir Minden en Róbert Sighvatsson var með 3 mörk fyrir Wetzlar-liðið.

KIEL–GÖPPINGEN 43–33
Jaliesky Garcia skoraði 1 mark fyrir Göppingen og Andreas Stelmokas var með 5 mörk.

NORDHORN–K.ÖSTRINGEN 30–24
Gunnar Berg Víktorsson skoraði 4 mörk fyrir Kronau Östringen.



GUMMERSBACH–DUSELDORF 35–25
Guðjón Valur Sigurðsson (að ofan) átti stórleik og skoraði 13 mörk fyrir Gummersbach þar af aðeins 2 úr vítum. Róbert Gunnarsson skoraði 2 mörk en hjá Dusseldorf-liðinu var Markús Máni Michaelsson með 6 mörk.

X-ite
unaðsgel fyrir konur og karla



Xite er unaðsgel sem eykur kynlífsánægjuna, bæði hjá konum og körlum.

Fæst í næsta apóteki

Valsstúlkur fóru með glæsibrag inn í átta liða úrslitin

Kvennalið Vals náði sögulegum árangri í gær með því að vinna 8-0 sigur á Alma frá Kasakstan og tryggja sér fyrst íslenskra félagsliða sæti í átta liða úrslitum Evrópukeppni félagsliða. Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði fernu í leiknum.

FÓTBOLTI Valsstúlkur eru komnar inn í átta liða úrslit Evrópukeppni félagsliða eftir að þær tryggðu sér annað sætið í sínum riðli á eftir sænska liðinu Djurgården/Álvsjö í 2. umferð Evrópukeppninnar. Val nægði jafntefli gegn Alma frá Kasakstan í gær en fór hins vegar inn í átta liða úrslitin með því að vinna stærsta sigur íslensks félagsliðs í Evrópukeppninni frá upphafi.

Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði fjögur mörk í þessum 8-0 sigri, Málfríður Sigurðardóttir skoraði tvö og þær Rakel Logadóttir og Dóra Stefánsdóttir skoruðu hvor sitt markið.

Síðasta mark Margrétar Láru var glæsilegt skot beint úr aukaspyrnu og kórónaði frábæran dag og um leið stórkostlega frammi-stöðu hennar í Evrópukeppninni. Margrét Lára hefur skorað alls 10 mörk í fimm leikjum sínum í Evrópukeppninni í ár og tilboðin streyma til hennar frá öllum bestu liðum Svíþjóðar.

Í skýjunum

„Ég er í skýjunum yfir þessum úrslitum. Okkar markmið var alltaf að komast í aðra umferð og það var alltaf ljóst frá upphafi. Við sannfærdum okkur líka um það að hafa trú á því að við gætum farið jafnlangt og allir aðrir. Við erum búin að spila við það góð lið í þessari keppni sem hefur sýnt okkur það að við getum staðið í hvaða liði sem er.

Það er draumur að vera komin svona langt og bara bónus að komast alltaf lengra og lengra. Markmið okkar í átta liða úrslitum er halda áfram að dreyma um að komast lengra. Þetta er upplifun og reynsla sem er ótrúlega mikilvæg fyrir framhaldið,“ sagði Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Vals, eftir að hún varð fyrsti íslenski knattspyrnuþjálfarinn til þess að koma íslensku liði inn í átta liða úrslit í Evrópukeppni.

Leikurinn í gær þróaðist á besta hugsanlega hátt og liðið



TÍU EVRÓPUMÖRK Í ÁR Margrét Lára Viðarsdóttir hefur skorað tíu mörk í fimm leikjum í Evrópukeppninni í ár en hún skoraði fernu gegn Alma frá Kasakstan í gær.

Evrópukeppni kvenna:

VALUR–ALMA	8–0					
Margrét Lára Viðarsdóttir 4, Málfríður Sigurðardóttir 2, Rakel Logadóttir og Dóra Stefánsdóttir.						
LOKASTAÐAN:						
DJURGARD.	3	3	0	0	12–1	9
VALUR	3	2	0	1	12–2	6
ALMA	3	1	0	2	5–14	3
NIS	3	0	0	3	3–15	0

Valsstelpur eru komnar í átta liða úrslit ásamt þýsku liðunum Frankfurt og Potsdam, sænska liðinu Djurgården, enska liðinu Arsenal, danska liðinu Brøndby, franska liðinu Montpellier og tékkneska liðinu Sparta Prag.

mætti í hann til þess að vinna en ekki til þess að hanga á stiginu sem hefði dugað.

Geðveikt flott mörk

„Við vorum komnar þremur mörkum yfir eftir aðeins sjö mínútur og það var þannig sem við gerðum út um þennan leik. Þær fengu bara áfall eftir þessa byrjun okkar. Ég var líka ekki alveg að ná henni sjálf því við skoruðum þrjú mörk úr fyrstu þremur sóknunum okkar. Þetta voru líka allt geðveikt flott mörk og þegar ég leit upp á klukkuna eftir aðeins

sjö mínútur þá hélt ég væri að upplifa einhvern draum,“ sagði Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Vals, eftir leikinn.

Margrét Lára Viðarsdóttir og Málfríður Sigurðardóttir skoruðu fyrstu mörkin sem komu bæði eftir hornspyrnur og Margrét Lára skoraði síðan þriðja markið eftir laglega stungusendingu og eftir það var engin spurning um hvernig þessi leikur færi.

„Við erum að skora helming marka okkar í þessum leik eftir vel útfærðar hornspyrnur og það er óhætt að segja að föstu

leikatriðin hafi verið að reynast okkur vel í þessum leik,“ sagði Elísabet sem var samt smá svekktt að hafa ekki unnið riðilinn.

„Við höfum aðeins verið að hugsa um það eftir þennan leik hversu svekkjandi var að fá á okkur þetta rangstöðumark gegn Djurgården á 92. mínútu því annars hefðum við unnið riðilinn. Það er eiginlega óþolandi að vita til þess,“ sagði Elísabet en Djurgården/Álvsjö vann síðasta leik sinn gegn Nis 7-0 og var því með slakari markatölu en Valsliðið.

ooj@frettabladid.is

Meistarakeppni HSÍ í karla- og kvennaflokki fór fram í gær á Ásvöllum: ÍR-ingar lögðu Haukana óvænt

HANDBOLTI ÍR lagði Hauka í Meistarakeppni HSÍ í karlaflokki í gær, 36-33, en flestir bjuggust við nokkuð öruggum sigri Hauka í leiknum, þar sem liðið var búin að vinna Meistarakeppnina fjögur ár í röð. Jafnræði var með liðunum lengst af en ÍR náði svo ágætis taki á leiknum í seinni hálfleik og hélt öruggu forskoti alveg til enda.

Gísli Guðmundsson, markvörður ÍR, fór á kostum í leiknum en hann varði 23 skot. „Frammistaðan okkar í leiknum var frábær. Ég náði mér á strík í seinni hálfleik og liðið allt líka. Við vorum ákveðnir í því að standa okkur í dag og vildum koma á óvart, þar sem margir reiknuðu ekki með okkur mjög sterkum í vetur. Við mætum því grimmir til leiks og náðum að vinna góðan sigur.“

Það er ljóst að Júlíus Jónsson er ekkert búinn að leggja árar í bát þótt hann sé búinn að missa marga stráka og það er frábært að sjá að hinir ungu og efnilegu strákar í liðinu eru tilbúnir að axla meiri ábyrgð og ætla að standa sig í vetur.

Tryggvi Haraldsson var markahæstur hjá ÍR-liðinu en hann skoraði 11 mörk í leiknum en hjá Haukunum skoraði Árni Þór Sigtryggsson mest eða níu



TÍU MÖRK FRÁ RAMUNE Ramune Pekarskyte skoraði 10 mörk úr 13 skotum fyrir Haukana í gær sem unnu Meistarakeppni kvenna í handbolta.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

mörk en Samúel Ívar Arnason bætti við sex mörkum.

Haukasigur hjá stelpunum

Haukar lögðu Stjörnuna að velli, 29-24, eftir að hafa haft 15-7 í forystu í hálfleik. Ramune Pekarskyte var markahæst í liði Hauka með tíu mörk en Hanna Stefánsdóttir kom næst með átta mörk. Jóna Margrét Ragnarsdóttir var markahæst í liði

Stjörnunnar með tíu mörk. Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunnar, var þokkalega sáttur við frammistöðu síns liðs.

„Stelpurnar voru ekki alveg tilbúnar í leikinn í upphafi. Í síðari hálfleik lagaðist leikur okkar aðeins. Það var margt jákvætt í leiknum sem getum tekið með okkur í næstu leiki og ég er bjartsýnn á framhaldið.“

- mh

One guy walks the walk
The other talks and talks...

Samuel L. Jackson Eugene Levy

The MAN

Frábær grin- og spennumynd
Frumstýnd 16.09.05

Sendu SMS skýtið
BTC TMF
á númerið 1900
og þú getur unnið

Vinningar
Bíómiðar fyrir 2
DVD myndir
Coca Cola

Sendu SMS skýtið
BTC TMF
á númerið 1900
og þú getur unnið

LAUGARAS
BIO
SMÁRR
BÍÓ

Stærsta veita áhætti í EY Landshúsi, Reykjavík. Húsið er að vísu gott en hanna í 100. Vísu, 100. Vísu.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?
SEPTEMBER

15 16 17 18 19 20 21

Sunnudagur

- LEIKIR**
- 19.15 Grindavík mætir Keflavík í Grindavík í Reykjanesmótinu í körfubolta karla.
- 19.30 ÍS mætir ÍR í Kennaraháskólanum í Reykjavíkurmóti kvenna í körfubolta.
- SJÓNVARP**
- 8.25 Forsetabikarinn á Sýn. Kynning á Forsetabikarinn og golfi sem fer fram 22. til 25. september.
- 10.45 Enska úrvalsdeildin á Enska boltanum. Bein útsending frá leik Liverpool og Manchester United.
- 11.30 Landsbankadeildarmörkin á Sýn. Mörk og marktækifærin úr 18. umferð.
- 12.10 Meistaradeildin með Guðna Bergs á Sýn. Knattspyrnu-sérfræðingarnir Guðni Bergsson og Heimir Karlsson fara yfir gang mála í Meistaradeildinni.
- 12.50 Ítalski boltinn á Sýn. Bein útsending frá leik Sampdoria og AC Milan.
- 14.50 Enska úrvalsdeildin á Enska boltanum. Bein útsending frá leik Manchester City og Bolton.
- 15.00 Landsbankadeildin á Sýn. Sýnt frá leik Fram og FH í 18. umferð. Einnig verður skipt yfir á leiki Grindavíkur og Keflavíkur og Fylkis og ÍBV þegar ástæða er til.
- 16.50 Spænski boltinn á Sýn. Bein útsending frá leik Espanyol og Real Madrid.
- 18.50 Spænski boltinn á Sýn. Bein útsending frá leik Atletico Madrid og Barcelona.
- 20.55 Ameríski fótboltinn á Sýn. Bein útsending frá leik Seattle Seahawks og Atlanta Falcons.
- 21.30 Helgaruppgjör á Enska boltanum. Valtýr Björn sýnir öll mörk helgarinnar.
- 21.40 Helgarsportíð á RÚV.
- 21.55 Fótboltakvöld á RÚV.
- 23.25 UEFA Champions League á Sýn. Sýnt frá leik Werder Bremen og Barcelona.



SVERRIR SVERRISSON

Sverrir Sverrisson:

Mun ekki þjálf Fylki

FÓTBOLTI Stjórn knattspyrnudeildar Fylkis fékk Sverri Sverrisson til að taka við þjálfun liðsins eftir að hún ákvað að segja Þorláki Árnasyni upp störfum þegar tvær umferðir voru eftir af tímabilinu. Stjórnunni þeir Sverrir og Jón Þórir Sveinsson, fyrrum aðstoðarþjálfari Þorláks, síðustu leikjumum saman og náðu 100% árangri. Sverrir mun þó ekki halda áfram, eftir því sem hann sagði í samtali við Fréttablaðið eftir leik. „Ég er búinn að segja þeim það að ég hafi ekki tíma fyrir þjálfun. Það er mikið að gera hjá mér í vinnu og ég er með tvö litil börn og ef ég get ekki gefið mig 100% í þjálfunarstarfið þá borgar það sig ekki að vera að þjálf.“ Hann og bróðir hans, Eyjólfur Sverrisson, hafa verið orðaðir við þjálfarastöðuna hjá Fylki en Sverrir segist að hann muni ekki haggast. „Eins og staðan er í dag eru engar líkur á því.“ - esá

Liverpool tekur á móti Manchester United í dag:

Bæði lið þurfa nauðsynlega að vinna

FÓTBOLTI Liverpool og Manchester United mætast í dag ensku úrvalsdeildinni á Anfield Road í Liverpool. Leiksins hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu en bæði lið gerðu jafntefli í síðustu umferð í deildinni og þurfa nauðsynlega á sigri að halda til þess að halda í við Chelsea, sem unnið hefur alla deildarleiki sína til þessa án þess að fá á sig mark. Steven Gerrard, fyrirlíði Liverpool, segist vera orðinn þreyttur á því að vera ekki í baráttunni um deildarmeistararitilinn. „Gengi okkar í deildinni undanfarnin ár hefur verið óásættan-

legt. Ég hef fulla trú á liðinu og við ætlum okkur að vera í einu af þremur efstu sætum í deildinni. Við þurfum nauðsynlega á sigri að halda gegn Manchester United og við verðum að nýta tækifærið.“ Rio Ferdinand, varnarmaðurinn sterki hjá Manchester United, vonast eftir því að Manchester nái að halda hreinu í leiknum. „Það er okkar markmið að fá sem fæst mörk á okkur í hverjum leik og við verðum að vera tilbúnir að verjast vel gegn Liverpool,“ sagði Rio Ferdinand. - mh



LYKILMENN MANCHESTER UNITED Wayne Rooney, Rio Ferdinand og Ruud van Nistelrooy munu eflast láta mikið að sér kveða í dag.

Chelsea eina liðið með fullt hús

Chelsea hefur unnið alla sex leiki sína og á enn eftir að fá á sig mark en það er besta byrjun liðs í sögu ensku úrvalsdeildarinnar. Robbie Keane skoraði langþráð mark fyrir Tottenham.

FÓTBOLTI Sex leikir búnir, sex sigrar hjá Chelsea og liðið er komið með sex stiga forskot á toppi ensku úrvalsdeildarinnar eftir leiki gærdagsins. Chelsea vann toppslaginn við nágretta sína í Charlton 2-0 en bæði lið höfðu ekki tapað stigi fyrir leikinn. Nýliðar West Ham unnu góðan útsigur á Fulham og enn á ný var það Marlon Harewood sem stal senunni en Robbie Keane minnti einnig á sig hjá Tottenham þegar hann tryggði liðinu 1-1 jafntefli gegn Aston Villa.



STUD OG STEMNING HJÁ CHELSEA Leikmenn Chelsea sjást hér fagna öðru mark sína í 2-0 sigri á Charlton í uppgjöri tveggja liða sem voru með fullt hús fyrir leikinn. Chelsea á enn eftir að fá á sig mark á þessu tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Chelsea sýnir engin veikleikamerki þessa dagana en liðið hefur unnið alla sex leiki sína með markatölunni 12-0 samtals og þó svo að Arsenal, Manchester United og Liverpool spili öll í dag og eigi leiki inni þá er ljóst að þessi góða byrjun getur þróast í það að Chelsea hreinlega stingi önnur lið af.

Essien að koma sterkur inn

Jose Mourinho sendi aðstoðarmann sinn Steve Clarke í viðtöl eftir leik. „Það eru engir þægilegir sigrar í ensku úrvalsdeildinni. Þetta var jafn leikur í fyrri hálfleik en við ræddum við strákana í hálfleik og báðum þá um að skipta í hærri gir og við sýndum það í seinni hálfleik af hverju við sitjum á toppnum. Essien er að koma sterkur inn í þetta hjá okkur og spilar betur með hverjum leik,“ sagði Clarke eftir leikinn. „Þetta var smá skellur fyrir okkur en þetta hefur gengið vel og núna er bara að mæta í deildarleikinn á þriðjudag og klára hann. Chelsea er gríðarlega sterkt lið og það eru menn úti um allan völl í þessu liði sem geta gert út-

slagið í jöfnum leikjum,“ sagði Alan Curbishley, stjóri Charlton, eftir leik. Marlon Harewood skoraði þrennu í 4-0 sigri á Aston Villa í upphafi vikunnar og hann átti bæði mörkin í 2-1 sigri á Fulham í gær. Eftir að hafa gerst margoft aðgangsharður upp við mark Fulham þá kom Harewood sínu liði í 1-0 á upphafsminútum seinni hálfleiks og seinna markið var skráð sem sjálfsmark á Tony Warner, markvörð Fulham, eftir að skot Harewoods fór í stöngina af Warner og inn í markið. Fulham náði að minnka muninn en ekki að jafna þrátt fyrir pressu í lokin.

Fyrsta markið í 363 mínútur

Robbie Keane gerði tilkall til byrjunarliðssætis hjá Tottenham þegar hann tryggði Spurs 1-1 jafntefli á útivelli gegn Aston Villa eftir að hafa komið inná sem varamaður. „Enginn leikmaður vill sitja á bekknum og ég vildi ólmur komast inná völlinn og sem betur fer fékk ég að vera með. Vonandi

get ég nýtt tækifærin vel í næstu leikjum og tryggt mig inn í byrjunarliðið,“ sagði Keane en markið hans var það fyrsta sem liðið skorar í 363 mínútur. „Jermain Defoe hefur verið að standa sig og skora dýmæt mörk eins og Robbie á síðasta ári. Þeir spila hins vegar svipaða stöðu og við getum lent í vandræðum með þá báða inná og þá sérstaklega í hornum því við erum ekki með stórt lið,“ sagði Martin Jol, stjóri Spurs um af hverju Keane fær ekki að byrja inná á þessu tímabili. Sunderland sá glitta í fyrsta sigur sinn á tímabilinu en Ungverjinn Zoltan Gera tryggði West Brom 1-1 jafntefli þegar hann skoraði jöfnunarmarkið í uppbótartíma. Það er ekki nóg með að Sunderland mistókst að vinna loksins leik eftir fimm töl heldur hefði sigur þeirra sent Graeme Souness og lærisveina hans í botnsætið í að minnsta kosti einn sólarhring en Newcastle mætir Blackburn í dag. ooj@frettabladid.is

LEIKIR GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin:

CHARLTON-CHELSEA	0-2
0-1 Hernan Crespo (55.), 0-2 Arjen Robben (60.).	
FULHAM-WEST HAM	1-2
0-1 Marlon Harewood (46.), 0-2 Sjálfsmark (52.), 1-2 Luis Boa Morte (66.).	
PORTSMOUTH-BIRMINGHAM	1-1
1-0 Lomana Lua Luga (4.), 1-1 Jiri Jarosik (6.).	
SUNDERLAND-WEST BROM	1-1
1-0 Gary Breen (7.), 1-1 Zoltan Gera (90.).	
ASTON VILLA-TOTTENHAM	1-1
1-0 James Milner (4.), 1-1 Robbie Keane (78.).	

STADAN:

CHELSEA	6	6	0	0	12-0	18
CHARLTON	5	4	0	1	8-3	12
MAN. CITY	5	3	2	0	7-4	11
WEST HAM	5	3	1	1	10-4	10
MAN. UTD	4	3	1	0	6-1	10
TOTTENHAM	6	2	3	1	5-3	9
BOLTON	5	2	2	1	6-4	8
MIDDLESB.	5	2	1	2	5-6	7
ARSENAL	4	2	0	2	7-4	6
WIGAN	4	2	0	2	3-3	6
ASTON VILLA	6	1	3	2	5-9	6
LIVERPOOL	3	1	2	0	1-0	5
BLACKBURN	5	1	2	2	3-5	5
PORTSM.	6	1	2	3	5-8	5
BIRMINGH.	6	1	2	3	5-9	5
FULHAM	6	1	2	3	5-9	5
WEST BROM	6	1	2	3	6-11	5
EVERTON	4	1	0	3	1-4	3
NEWCASTLE	5	0	2	3	1-7	2
SUNDERL.	6	0	1	5	3-10	1

Enska 1. deildin:

HULL-LUTON	0-1
BRIGHTON-COVENTRY	2-2
CARDIFF-CRYSTAL PALACE	1-0
PLYMOUTH-BURNLEY	1-0
Bjarni Guðjónsson sat allan tímann á bekknum hjá Plymouth.	
QPR-LEEDS	0-1
Gylfi Einarsson lék allan leikinn með Leeds sem var manni færri í 25 mínútur.	
READING-CREWE	1-0
Ivar Ingimarsson skoraði sigurmark Reading á 81. mínútu með skalla. Ivar spilaði allan leikinn líkt og Brynjar Björn Gunnarsson.	
SHEFF. WED-MILLWALL	1-2
WATFORD-SHEFF. UTD	2-3
WOLVES-LEICESTER	0-0
Jóhannes Karl Guðjónsson lék allan leikinn með Leicester og fékk að lita gula spjaldið á 78. mín.	



LOKSINS MARK HJÁ TOTTENHAM Robbie Keane fagnar hér marki sínu fyrir Tottenham gegn Aston Villa í gær en liðið hafði þá ekki skorað í 363 mínútur. Keane kom inn á sem varamaður á 67. mínútu og jafnaði 11 mínútum síðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Enska D-deildin í gær:

Fyrsta tapið hjá Guðjóni

FÓTBOLTI Lærisveinar Guðjóns Þórðarsonar í Notts County töpuðu fyrsta deildarleiknum undir hans stjórn í gær þegar þeir sóttu Shrewsbury heim og töpuðu 2-0. Notts County fór illa með góð færi áður en þeir lentu undir en bæði mörk Shrewsbury komu úr föstum leikatríðum. Julien Baudet lét síðan verja frá sér vítaspyrnu í seinni hálfleik en hann hefði getað komið Notts County inn í leikinn en liðið datt niður í 5. sæti með þessu fyrsta tapi sínu í 9 leikjum. - ooj

Árvextakarfaun
 Í AUSTURBÆ
 Síðustu sýningar
Birgitta
 Gædda Guðrót

...Ef horft er á í réttu ljósi hve lifið er stutt og lukkan svo hverful og smá. Ef horft er á í réttu ljósi. Hver dagur er gjöf, svo margt sem að hægt er að sjá...

SPARISJÓÐUHIINN **IsMedia**

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.13 til kl.17 pantanir í síma 551 4700 www.midi.is

Athugið síðustu sýningar
 Sunnudagur 25. sept. kl: 13:30
 Sunnudagur 9. okt. kl: 13:30
 Sunnudagur 23. okt. kl: 13:30

STUÐ MILLI STRÍÐA :: Hinn ósanngjarni launamunur kynjanna

MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR VILL SJÁ FRAMFARIR Í LAUNAMÁLUM



Ég get ekki annað en óskað Verslunarmannafélagi Reykjavíkur til hamingju með nýjustu herferð sína. Þó gerður Katrín, Gísli Marteinn, Ingibjörg Sólrún og Egill Helga líta vel út í hlutverkum hins kynsins. Þó það sé sífellt verið að tónglast á þessu málefni, launamun kynjanna, virðist málefni þoka lítið áfram. Ég velti því oft fyrir mér hvað þurfi til. Í byrjun sumarsins var góð vinkona mín að sækja um vinnu. Vinnuveitandi spurði hvað hún vildi fá í laun. Hríðskjálíandi með fila-


hjártslátt náði hún að stynja upp ofurlágt að hún gæti hugsað sér að fá 130 þúsund á mánuði. Það skal tekið fram að henni fannst hún vera að biðja um ákaflega háa upphæð. Vinkona mín var búin að vera á námslánum í þónokkur ár og fannst hún hafa dálítið meira fé milli handanna með 130 þúsund í launaumslagin. Þegar hún sagði mér frá launinum í trúnaði varð mér bilt við og reyndi að gera henni ljóst að karlmaður á okkar aldri myndi aldrei sætta sig við minna en 250 þúsund krónur á mánuði. Ég tók því af henni loforð að hringja í mig næst áður en hún færir í launaviðtal því stelpur verða að standa saman.

Hvað myndu foreldrar landsins segja ef hæsta einkunn í grunnskóla væri tíu. Karlkyns ofurheilarnir í bekknum gætu auðveldlega náð sér í þessa tölu en gáfuðustu stelpurnar myndu aldrei fá hærri einkunn en 7,5. Ég er hrædd um að háværar raddir samfélagsins myndu láta til sín taka og fara fram á að skólakerfið yrði skoðað ofan í kjölinn. Það er því skritið að launamunurinn skuli enn þá viðgangast árið 2005. Í landinu eru til lög um jafnrétti kynjanna en það er ansi snúið fyrir kvenfólk að standa á rétti sínum vegna launaleyndar. Ég skora á stjórnvöld að setja gegn-sæ lög sem ganga út á að sækja þá til saka sem brjóta þau. Þá færir kannski eitthvað að gerast.

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli



Söngur af Thomas MITHRA, Dorte STRÖSS & Marie CHARRÉ

Annie

í Austurbæ

15. sýn. í dag kl. 14
 16. sýn. fim. 29/9 kl. 19

midl.is
 551 4700 & 551 0200




HØRSHOLM FLØJTEENSEMBLE
 Stjórnandi Nina Udsen

Tónleikar í Norræna húsinu
 Mánudaginn 19. september kl. 14:00
 Ókeypiss aðgangur

STURLUGÖTU 5 • SÍMI: 551 7030 • WWW.NORDICE.IS **NORRÆNA HÚSIÐ**

PÚ OG PA

Eftir SÖB



SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhusun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

8	3	5	1	9	7	4	6	2
6	9	4	2	5	8	7	1	3
2	7	1	6	4	3	5	8	9
5	6	2	8	7	9	1	3	4
7	4	9	5	3	1	8	2	6
3	1	8	4	6	2	9	5	7
1	5	3	7	2	4	6	9	8
4	2	6	9	8	5	3	7	1
9	8	7	3	1	6	2	4	5

	2		5	1			6	
6	9			4	7		2	8
		5				4		
	4			9				7
7	6		2		4		9	3
9				8			4	
		6				9		
2	1		4	3			8	5
	8			2	6		7	

su|do|ku
 © Puzzles by Pappocom

Ljósmyndari færður í fangelsi

Ljósmyndari sem tók myndir af Cameron Diaz berbrjósta og reyndi að selja henni þær aftur fyrir morðfjár, hefur nú verið færður í fangelsi í yfir þrjú ár.

John Rutter var sakfelldur fyrir fölsun, tilraun til þjófnaðar og meinsæri í hæstarétti Los Angeles. Á fimmtudaginn sagði John Rutter sem er 42 ára gamall að málið byggðist á misskilningi og að hann hefði aldrei ætlað sér að valda neinum skaða. Beiðni hans um skil-orð var neitað.

Cameron Diaz var nítján ára þegar myndirnar voru teknar árið 1992. Rutter kom til hennar árið 2003 þegar hún var orðin að þekktri Hollywood-stjörnu og

reyndi að selja henni þessar myndir aftur. Meðan á réttarhöldunum stóð sagðist hann hafa ætlað að gefa henni rétt á því að neita þeim áður en hann myndi reyna að selja þær einhvers staðar annars staðar. Diaz sagði hins vegar fyrir dómi að hann hefði aldrei skrifað upp á neins konar samkomulag við hana vegna myndatökunnar. Rutter sýndi fram á skjál sem hann sagði að Diaz hefði skrifað undir á sínum tíma en sérfræðingur bar vitni um að undirskriftin væri fölsuð og að hún hefði verið tekin af áritaðri ljósmynd sem leikkonan hefði einhvern tímann skrifað á.

Rutter var dæmdur í þriggja ára og átta mánaða fangelsi. Dóm-

CAMERON DIAZ Getur vel við unað eftir að ljósmyndari sem reyndi að hlunnfara hana fékk þungan dóm.



ari málsins, Michael Pastor, sagði að Rutter hefði enga miskunn sýnt í réttarhöldunum og að hann hefði sýnt glæpsamlega hegðun. „Rutter notfærði sér það traust sem Diaz bar til hans,“ sagði dóm-arinn. Diaz mætti ekki til að hlusta á dóms-uppkvaðning-una.

TÓNLEIKAR

20.00 **Elín Halldórsdóttir** söngkona heldur tónleika í Listasafni Íslands undir yfirskriftinni Gullkorn þar sem hún syngur íslensk og þýsk ljóð eftir ýmsa höfundu. Með henni leikur **Jörg Sondermann** organisti og píanisti.

SÝNINGAR

14.00 **Ólafur Kvaran**, forstöðumaður Listasafns Íslands, annast leiðsögn um sýningu á úrvali íslenskra listaverka frá 20. öld sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum.

LEIKLIST

20.00 **Pór Tulinus** flytur einleikinn **Manntafl** í leikstjórn **Hilmis Snæs Guðnasonar** á nýja sviði Borgarleikhússins. Þetta er frumsýning á leikgerð Pórs.
21.00 Fyrsta forsýningin á **Woyzeck** í leikgerð **Gísla Arnar Garðarssonar** verður á Stóra sviði

Borgarleikhússins, áður en sýningin verður frumsýnd í London í október.

FYRIRLESTRAR

16.00 Dr. **Charles Borowsky** heldur fyrirlestur við tónlistardeild Listaháskóla Íslands, Sölvhólsgötu 13, "stöðu og hlutverk tónlistarinnar á tímum hnattvæðingar." Aðgangur er ókeypis

BÆKUR

14.00 **Davíðs Stefánssonar** verður minnst með fræðslu, ljóðalestri og söng á hinni árlegu **Ljóðagöngu**, sem að þessu sinni verður farin á bernskuslóðum hans við Fagraskóg. Farið verður með hópfærðabíl frá Amtsbókasafninu á Akureyri. Leiðsögumaður verður **Erlingur Sigurðarson** og auk hans munu koma fram lesarar og tónlistarmenn.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Tónleikurinn BÍTL

Fim 22/9 **NOKKUR SÆTI**
Fös 30/9 **LAUS SÆTI**
Lau 1/10 **NOKKUR SÆTI**

“Hér er húmorinn hafður í hávegum og nær allir ættu að geta haft gaman af!” SH Mbl.

Landsbankinn loft **KASTALINN** 552 3000

Tökin hert THE TURN OF THE SCREW
EFFIR BENJAMIN BRITTEN

25 ára og yngri: 21. okt. kl. 20 - Frumsýning
50% afsláttur af miðaverði í sal
23. okt. kl. 20 - 2. sýning - 30. okt. kl. 20 - 3. sýning
4. nóv. kl. 20 - 4. sýning - 6. nóv. kl. 20 - 5. sýning
6. nóv. kl. 20 - 6. sýning - Lokasýning

Kynning fyrir sýningar á **Tökin hert**, 2. - 6. sýning
Kl. 19.15 - Stutt kynning á verkinu og uppsetningu þess í Óperunni.
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalin í miðaverði.

www.opera.is opera@opera.is Sími: 511 4200 ÍSLENSKA ÓPERAN
